

ÁRSRIT

1975

SKÖGRAEKTARFÉLAG ÍSLANDS



**VALIN
EFNI**


VÖNDUÐ SMÍÐ




**VÖLUNDAR
TIMBUR**



**VÖLUNDAR
HURÐIR**



**BÍLSKÚRS
HURDIR**



**VÖLUNDAR
GLUGGAR**

TIMBURVERZLUNIN VÖLUNDUR HF

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1975

EFNI:

	Bls.
<i>Birgir Ísl. Gunnarsson: Ávarp</i>	2
<i>Guðmundur Marteínsson: Skógrækt og skyld</i> störf á Heiðmörk	3
<i>Jón Jónsson: Heiðmörk, jarðfræðilegt yfirlit</i>	29
<i>Eyþór Einarsson: Villtar blómplöntur og</i> byrkningar í Heiðmörk	36
<i>Þorsteinn Einarsson: Fuglar og Heiðmörk</i>	43
<i>Endurprentun: Úr sögu Elliðavatns</i>	49
<i>Helgi Hallgrímsson: Skinnsvæppir og skrápsvæppir</i>	51
<i>Þórarinn Benediktz: Vaxtarmælingar á lerki í Hall-</i> ormsstaðaskógi vorið 1974	56
Minnst látinna skógræktarmanna	60
<i>Hákon Bjarnason: Starf Skógræktar ríkisins 1973</i>	64
<i>Snorri Sigurðsson: Störf skógræktarfélaganna 1973</i>	70
<i>Haukur Ragnarsson: Rannsóknarstöð Skógræktar rík-</i> isins. Ársskýrsla 1973	75
Stjórnir héraðsskógræktarfélaganna og félagatal 1973	77
Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1973	78
Reikningar Skógræktarfélags Íslands 1973	82
Reikningar Landgræðslusjóðs 1973	84
Annað efni	59

Mynd á kápu:

Úr „landnema“-spildu Ferðafélags Íslands. Í baksýn
Móskarðshnúkar og Skálafell.
Ljós.: Vilhjálmur Sigtryggsson.



ÚTGEFANDI:

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

RÁNARGÖTU 18 - REYKJAVÍK

Sími 1 81 50

RITSTJÓRI:

SNORRI SIGURÐSSON

Gefið út í

4500 eintökum

Prentsmiðjan ODDI hf.

Reykjavík 1975

ÁVARP

BIRGIR ÍSL. GUNNARSSON BORGARSTJÓRI:

Þótt Reykjavík sé ekki stórborg á alþjóðlegan mælikvarða, verður nú þegar vart ýmissa einkenna, sem við köllum stórborgarvandamál. Að vísu er það í smáum stíl, sem betur fer, en nægilega mikið samt til að vera á verði. Eitt af þeim ráðum, sem beitt er gegn hinum óhollu stórborgaráhrifum, er að skapa borgarbúum athvarf, þar sem þeir geti leitað á vit náttúrunnar í fögru umhverfi. Ýmist á grænum svæðum innan borganna sjálfra eða í óspilltri náttúru utan borgarmarkanna.

Skilningur á mikilvægi útivistarsvæðanna vex ár frá ári. Okkur, sem nú berum ábyrgð á stjórn borgarmála, finnst það því mikil framsýni, að þegar á árinu 1935 skuli hafa komið fram hugmynd um að gera svæðið, sem síðar var kallað Heiðmörk, að útivistarsvæði fyrir borgarbúa, og að því skyldi hafa verið hrínt í framkvæmd það snemma, að nú eru 25 ár liðin frá vísu Heiðmerkur.

Það voru skógræktarmenn í landinu, sem gerðu friðun Heiðmerkur að baráttumáli sínu, og Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur haft alla umsjón og framkvæmdir í Heiðmörk samkvæmt sérstökum samningi „um friðun og ræktun Heiðmerkur“, sem gerður var árið 1950 milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og Skógræktarfélagsins.

Í ræktunarstarfinu hefur áhugi og atorka hugsjónamannanna í skógræktarmálum vísað veginn, en borgaryfirvöld hafa með fjárframlögum stutt við bak áhugamannanna. Slík samvinna er til fyrirmyndar og tryggir oftast betri árangur, en ef hið opinbera sjálfst hefur allt í sínum höndum. Reykjavíkurborg þakkar nú þetta samstarf, en borgarbúar munu njóta árangurs þess um ókomin ár.

Heiðmörk er nú þegar orðin vinsæll útivistarstaður, enda stutt að fara og landslag fagurt og fjölbreytilegt. Hið friðaða svæði innan girðingar er nú 2500 ha., sem er snöggjum stærra en Reykjavíkursvæðið vestan Elliðaáa, sem mælist rúmlega 2000 ha. Með aukningu vegakerfisins innan Heiðmerkur eru nú að opnast svæði, sem mörgum eru ókunn, og eiga án vafa eftir að verða jafnvinsæl og þau svæði, sem nú eru í góðum tengslum við vegakerfi Heiðmerkur.

„Friðland Reykvíkinga“ var svæðið kallað í bæklingi, er Skógræktarfélag Íslands gaf út árið 1941 til að vekja athygli á málinu. Það er ósk mín nú á þessum tímamótum, að það reynist orð að sönnu og að Reykvíkingar og aðrir landsmenn megi um ókomin ár sækja frið og unað í Heiðmörk.

Skógrækt og skyld störf á Heiðmörk

I. AÐDRAGANDI

Hugmyndin um útivistarsvæði fyrir Reykvíkinga á þeim slóðum, sem síðar hlutu nafnið Heiðmörk, mun fyrst hafa komið fram á prenti í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1936, í grein eftir Hákon Bjarnason, er nefnist „Frá ferðum mínum sumarið 1935“.

Hákon tók við embætti skógræktarstjóra 1. mars það ár, og ferðaðist á hestum þá um sumarið um gjörvallt landið í byggð.

Um miðjan júní brá hann sér í skoðunarferð í nágrenni Reykjavíkur, og segir svo í umræddri grein:

„Hinn 16. júní reið ég upp fyrir Elliðavatn til þess að skoða þær kjarraleifar, sem enn eru undir svonefndum Hjöllum og Löngubrekum. Þarna er töluvert af kjarri, en ekki er það mjög hávaxið. Sumstaðar var það þó mannhæð og mjög þétt. Að því er séð verður, hefur skógurinn tekið allmiklum framförum á síðustu árum, og mun það aðallega því að þakka, að fjárbeit hefur mikið lagst niður á næstu bæjum. Kjarrið er mjög að breiðast út um hraunið, sem liggur fyrir austan brekkurnar, og er aðeins tímaspurning hvenær það verður mestallt skógi vaxið ... En frá Hjöllunum og alveg suður undir Kleifarvatn eru smá kjarrskikar og sumstaðar jafnvel allvíðlend skóglendi. Dag þann, er ég var þarna, var skógurinn nýsprunginn út, ljósgrænn á lit, en sólin hellti ylgeislum vorsins yfir landið. Var einkennilega fagurt um að litast þarna efra. Reykjavík og Hafnarfjörður munu vera aðaleigendur þessa landssvæðis. og væri vel, ef bæjarstjórnir þessara bæja sæju sér fært að gera einhverjar ráðstafanir til þess að vernda þessar skógarleifar, og reyna að koma þeim á legg. Væri mikill. fengur fyrir íbúa bæjanna að geta skroppið um helgar í fagurt skóg-

lendi án þess að þurfa að verja til þess of miklum tíma og peningum ...“

Tveim árum seinna, haustið 1938, var hugmyndin um útivistarsvæði Reykvíkinga austanvert og sunnanvert við Elliðavatn, á landspildum jarðanna Hólms, Elliðavats og Vatnsenda, sett fram í erindi, er stjórn Skógræktarfélags Íslands, undir forystu Árna G. Eylands, sendi bæjarráði Reykjavíkur. Er þar m. a. komist svo að orði:

Segja má, að fyrirætlun um friðun Elliðavatslands, ásamt hluta af Hólmshrauni, sé *góð fyrirætlun og myndarleg*, en að friðun og skipulögð notkun *Elliðavatslands, Hólmshraums og Vatnsendalands*, til almenningsgagns, sé *glæsileg fyrirætlun og fullkomin*.

Í erindinu er bent á ýmsa þá kosti, sem svæði þetta býr yfir, og hvernig megi færa sér þá í nyt, en í lokin segir á þessa leið:

„Þungamiðja málsins - *Þjóðgarður Reykjavíkur við Elliðavatn* - er auðvitað, að því leyti, er nær til Skógræktarfélags Íslands, sem leyfir sér að senda Bæjarráði Reykjavíkur þetta erindi, *verndun skógarleifanna í nágrenni Elliðavats og endurreisn skóganna á hinu umrædda svæði*.

Máli þessu var vel tekið, bæði af bæjarráði og í dagblöðum, en dráttur varð á framkvæmdum, og átti heimsstyrjöldin, sem hófst 1939, sinn þátt í því.

En stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgdi málinu eftir. Árið 1941 gaf Skógræktarfélag Íslands út bækling, sem bar heitið **FRÍÐLAND REYKVÍKINGA OFAN ELLIÐAVATNS**, þar sem hvatt er til þess að fá umrætt landssvæði friðað og gert að útivistarsvæði fyrir almenning, og skýrt frá frumkvæði Skógræktarfélagsins að því málefni. Í bæklingi þessum er ýmis fróðleikur um þetta landssvæði ásamt yfirlitskorti.

Rætt var um það manna á meðal, að þörf

væri á því að gefa hinu fyrirhugaða friðlandi sérstakt nafn, og um það leyti, sem bæklingurinn var fullprentaður. gerði Sigurður Nordal prófessor, sem oft hafði lagt leið sína um þessar slóðir, tillögu um að friðlandið skyldi kallað HEIÐMÖRK, og hlaut það þegar í stað almenna viðurkenningu. Var það síðan prentað á bæklinginn með rauðu letri.

Jafnframt því sem bæklingur var gefinn út var hafist handa um að safna fé með frjálsum samskotum, meðal einstaklinga og fyrirtækja í Reykjavík, og skyldi fénu varið til kaupa á girðingarefni. Meðal þeirra einstaklinga, sem leitað var til, var Árni B. Björnsson gullsmiður, og lagði hann fram álitlega upphæð, en þegar hann sá samskotalistann, fannst honum, eins og stjórninni, samskotin ganga alltof treglega, miðað við jafn þarflegt málefni. Hann bauð aðstoð sína við að safna í sjóðinn, og var því tekið með þökkum. Komst samskotaféð eftir það á skömmum tíma upp undir 30 þúsund krónur, sem miðað við núverandi verðlag myndi nema nokkrum milljónum.

Girðingarefni var keypt, gaddavír og staurar, og vorið 1944 var það afhent bæjarstjórn Reykjavíkur.

Í októbermánuði 1946 var gerð sú breyting á skipulagi skógræktarfélagsskaparins í landinu, að Skógræktarfélag Íslands var gert að sambandi skógræktarféлага, sem stofnuð höfðu verið og stofnuð yrðu í ýmsum héruðum landsins. Jafnframt var stofnað Skógræktarfélag Reykjavíkur (og Skógræktarfélag Hafnarfjarðar). Og Skógræktarfélag Reykjavíkur fékk í vöggugjöf, svo að segja þau viðfangsefni, sem Skógræktarfélag Íslands hafði með höndum í Reykjavík og nágrenni, þ.e. Fossvogsstöðina og Rauðavatsstöðina, og það kom eðlilega í hlut þess einnig að beita sér fyrir friðun Heiðmerkur.

Þann 6. mars 1947 bar borgarstjórnin, Gunnar Thoroddsen, fram á bæjarstjórnarfundi tillögu um að bæjarráði og borgarstjóra skyldi falið að leita samninga við landeigendur um kaup á því landi, sem fyrirhugað væri að yrði útivistarsvæði Reykvíkinga, Heiðmörk, og þegar bærinn hefði fengið umráð þessara landa, skyldi girt, og áætlun gerð um framkvæmdir á Heiðmörk og afnot hennar, í samráði við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Tillaga þessi

var samþykkt með samhljóða atkvæðum. Í framhaldi af þessu var árið 1948 Skógræktarfélagi Reykjavíkur falið að girða landið.

Girðingarefni var fyrir hendi að mestu leyti, og í ársbyrjun 1948 hafði Skógræktarfélagið ráðið í þjónustu sína framkvæmdastjóra, Einar G. E. Sæmundsen, afburða duglegan mann og hagsýnan, og hafði hann á hendi verkstjórn við girðingaf framkvæmdirnar, sem hófust síðari hluta sumars 1948.

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður og óhagstæða veðráttu var verkinu lokið um miðjan desember. Girðingin umlukti hluta úr Hólmslandi, Elliðavatnslandi og Vatnsendalandi, svo sem hún gerir enn í dag, en að suðvestanverðu var girt á landamerkjum Vatnsenda annarsvegar og hinsvegar Vífilsstaða og afreitarlands Garðahrepps. Stærð hins afgirta svæðis var 1350 ha.

Mikilvægum áfanga náð. Heiðmörk friðuð.

II. FYRSTA GRÓÐURSETNINGIN

Nú var ekkert því til fyrirstöðu að hefja gróðursetningu. Að vísu var ennþá enginn akvegur kominn inn á hið friðaða svæði, og því síður um svæðið. En vorið 1949 hófst skógrækt á Heiðmörk. Starfsmenn Skógræktar félags Reykjavíkur gróðursettu um 5000 plöntur, skógarfuru, rauðgreni og sitkagreni. Sitkagrenið var gróðursett í holti nokkru, sem eftir það hlaut nafnið Undanfari, og er þar nú kominn fallegur skógarlundur, stærstu trén rúmlega 4 m á hæð, sem sést orðið vel frá veginum, sem liggur upp í gegnum Elliðavatnsheiðina, Heiðarveg.

III. UNDIRBÚNINGUR UNDIR SKIPULAGÐA SKÓGRÆKT Á HEIÐMÖRK

Síðari hluta vetrar 1950 fóru fram umræður milli ráðamanna Reykjavíkurbæjar og stjórnar Skógræktarfélags Reykjavíkur um það, hvernig haga skyldi umsjón með hinu friðaða landssvæði og væntanlegum framkvæmdum, einkum skógrækt. Og 3. mars 1950 var undirritaður samningur milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og Skógræktarfélags Reykjavíkur „um friðun og ræktun Heiðmerkur“. Með þeim samningi er Skógræktarfélagi Reykjavíkur falin öll um-



Úr jaðri Undanfara.

Ljós.: Stefán Nikulásson 1974.

sjón og framkvæmdir á Heiðmörk. Þá er þess getið í samningnum, að Heiðmörk skuli opin öllum almenningi og öllum frjálst að dvelja þar, gegn því, að þeir hlíti þeim reglum, sem settar yrðu um umgengni og umferð.

Um leið og þessi samningur milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og Skógræktarfélags Reykjavíkur var gerður, gaf Skógræktarfélag Reykjavíkur út „Reglur um landnám og skógrækt á Heiðmörk“.

Megininntak þeirra reglna eru ákvæði um úthlutun á spildum til einstakra félaga, stofnana og starfsmannahópa í Reykjavík, gegn því, að þessir aðilar, landnemar, skuldbindi sig til að gróðursetja trjáplöntur, græða land og hirða, samkvæmt fyrirætlum Skógræktarfélagsins.

IV. „LANDNEMAR Á HEIÐMÖRK“ HEFJA SKÓGRÆKT

Þegar lokið var samningsgerð milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og Skógræktarfélags

Reykjavíkur og gefnar höfðu verið út „Reglur um landnám og skógrækt“, lét stjórn Skógræktarfélagsins boð út ganga á þá leið, að aðilar, sem um ræðir í reglunum, mættu sækja um spildur til „landnáms og skógræktar á Heiðmörk“.

Reyndist vera mikill áhugi fyrir þessu málefni hjá ýmsum félögum, og þegar á fyrsta vori, árið 1950, var úthlutað spildum til 29 félaga. Flestar voru spildumar um 5 ha að stærð, en einstaka spildur stærri. Og það var hafist handa. Skógræktarfélagið úthlutaði plöntum til hinna ýmsu félaga (starfshópa). Flestir fengu starfshópanir úthlutað 1500 plöntum, en nokkrir fengu stærri skammt.

Plöntuframleiðsla félagsins (í Fossvogsstöðinni) var skiljanlega enn af skornum skammti, bæði tegundafjöldi og heildarmagn, en þetta fyrsta voru almenningar þátttöku landnema á Heiðmörk, var þó úthlutað rúmlega 50 þúsund plöntum, þar af voru um 44 þúsund plöntur upp aldar í Fossvogsstöðinni. Megnið af því var skógarfura (pinus silvestris), tveggja



Frá vígslu Heiðmerkur, 25. júní 1950.

Ljós.: Sig. Guðmundsson.

ára gamlar plöntur. Gróðursetning hófst um miðjan maí, og lauk síðari hluta júnímánaðar.

V. VÍGSLA HEIÐMERKUR

Sunnudaginn 25. júní 1950 var Heiðmörk opnuð almenningi við hátíðlega athöfn. Vegur hafði verið lagður upp eftir Elliðavatnsheiðinni, nokkru lengra en á móts við hólinn Skyggni. Á vegarenda var gert hringlaga bílastæði fyrir fjölda bíla, og skammt norðan við veginn fór fram vígsluathöfn við grasflöt, sem eftir það hlaut nafnið Vígsluflöt.

Við norðurjaðar flatarinnar var settur upp ræðustóll, prýddur birkigreinum. Fluttar voru ræður, lúðrar þeyttir og „þjóðkórinn“ söng undir stjórn Páls Ísólfssonar. Vígsluræðuna flutti Gunnar Thoroddsen borgarstjóri. Að lokinni ræðu sinni gróðursetti hann á staðnum litla greniplöntu, einskonar hornstein. Auk borgarstjóra fluttu ræður Hákon Bjarnason skóg-

ræktarstjóri, Sigurður Nordal prófessor og Guðmundur Marteinson formaður Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Vígsluathöfninni stjórnaði Hákon Guðmundsson varaformaður Skógræktarfélag Íslands.

Fjöldi fólks var viðstaddur vígsluathöfnina, á þriðja þúsund manns, að því er sum blöðin töldu. Og Heiðmörk varð þegar á fyrsta sumri vinsælt útivistarsvæði, þótt „vegakerfið“ væri í upphafi aðeins 2 ½ kílómetri.

VI. HEIÐMÖRK STÆKKUÐ Í TVEIMUR ÁFÖNGUM

Eins og fram kemur í upphafi þessa rits, þóttu Hjallar og Löngubrekkur girnileg svæði til útivistar og skógræktar, og í bæklingnum frá 1941 kemur fram, að stjórn Skógræktarfélag Íslands leit býlið Elliðavatn og sjálft vatnið hýru auga.

Þegar hin upprunalega Heiðmerkurgirðing

var sett upp, var Elliðavatn, bæði staðurinn og vatnið, utan girðingar, og Hjallar og Löngubrekkur voru aðeins að hluta innan girðingarinnar en úr þessu var bætt innan nokkurra ára, og að auki bættist við Heiðmörkina Vífilstaðahlíðin og landið upp af henni.

Meginhluti Vífilstaðahlíðarinnar var talinn mjög álitlegt land til skógræktar, þar eða það liggur vel við sól og í skjóli fyrir norðanátt, enda töluverðar leifar af allhávöxnu birkikjarri hér og þar í hlíðinni, og við hlíðarfótinn meðfram allri hlíðinni er ákjósanlegt útivistarsvæði. En fyrir austan (suðaustan) Vífilstaðahlíð, í áttina að Búrfelli, tekur við afréttarland Garða á Álftanesi, og var talið mjög æskilegt, ef suðvestur takmörk Heiðmerkur yrðu færð út fyrir Vífilstaðahlíð, að leggja jafnframt hluta af þessu afréttarlandi til Heiðmerkur.

Nokkrir bændur í nágrenni Garða töldu sig eiga rétt til upprekstrar í þennan afrétt, og var þegar á árinu 1952 reynt að ná samkomulagi við þá um að þeir létu af hendi þann hluta afréttarins, sem æskilegt var talið að kæmi innan Heiðmerkurgirðingarinnar. Ekki náðist samkomulag um það, og á árinu 1953 var á Alþingi samþykkt heimild til eignarnáms á 220 ha landssvæði í þessu skyni.

Nokkur dráttur varð á því að leitað yrði eftir heimild til þess að fá Vífilstaðahlíðina inn í Heiðmörk, en veturinn 1957, nokkru eftir nýár, gengu þeir Hákon Bjarnason skógræktarstjóri og Einar Sæmundsen framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur á fund Helga Ingvarssonar yfirlæknis á Vífilstöðum til þess að ræða við hann um undirbúning að hugsanlegri friðun verulegs hluta Vífilstaðalands. Yfirlæknirinn tók vel erindi þeirra, en taldi sig þurfa að taka til nánari athugunar nokkur atriði í sambandi við þetta mál. Einkum hafði hann í huga, að ekki yrði skert aðstaða sjúklinga hælisis til útiveru og umferðar á því svæði, sem þeir undanfarið hefðu haft greiðan aðgang að og unað sér vel á, t.d. þann hluta Vífilstaðahlíðarinnar, sem næstur er hælinu. Þá gat yfirlæknirinn þess, að samningsaðili af hálfu Vífilstaðahælis, ef til kæmi, væri stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Var því næst rætt við framkvæmdastjóra þeirrar nefndar, sem jafnframt er skrifstofustjóri fyrir skrifstofu ríkisspítalanna, Georg Lúðvíksson. Hann

tók einnig vel málaleitan Skógræktarfélagsins, og 17. október 1957 var undirritaður samningur milli stjórnarnefndar ríkisspítalanna fyrir hönd heilbrigðisráðuneytisins og Skógræktarfélags Reykjavíkur vegna Heiðmerkur, eins og það er orðað í samningnum. En samningurinn felur það í sér, að umræddur hluti Vífilstaðalands, Grunnvatnasvæðið og megnið af Vífilstaðahlíð er afhent Skógræktarfélaginu til umráða í 99 ár til friðunar og skógræktar.

Takmörk landssvæðisins eru þessi:

Að sunnan, landamerki Garðakirkjuleys.

Að austan, landamerki Vatnsenda út á miðja Sandahlíð í gamla girðingu, sem þar er, en hún ræður síðan merkjum að norðan þvert yfir ásinn niður yfir Vífilstaðahlíð.

Að vestan, landamerki Urriðakots.

Heiðmerkurgirðingin fylgir þó ekki nákvæmlega þessum takmörkum. Innan girðingarinnar að norðan er öll Vífilstaðahlíðin, alla leið að svokölluðum Setuliðsvegi eða Flóttavegi og einnig Vífilstaðavatn. En að sunnan (suðvestan) eru landamerki Urriðakots að langmestu leyti nokkurn spöl fyrir utan girðinguna. Landsvæðið var girt að mestu leyti haustið 1957, og því var lokið vorið 1958.

Eftir þessa stækkun umlukti Heiðmerkurgirðingin um 2300 ha lands, þar af falla undir umráð Vífilstaðahælis um 200 ha.

Á Elliðavatni var um nokkurt árabíl fávatahæli á vegum Reykjavíkurborgar, og einhver búrekstur. En árið 1962 hafði stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur fregnir af því, að í ráði væri að leggja niður fávatahæli á þessum stað, og um leið hætta búrekstri. Taldi stjórnin æskilegt, að eftir þá breytingu yrði Elliðavatnsbærinn og umhverfi hans lagt undir Heiðmörk og var borgarstjórn skrifað bréf þar að lútandi og síðan rætt við borgarstjóra og borgarrítara um málið.

Með bréfi dagsettu 5. júní 1963, undirrituðu af Geir Hallgrímssyni borgarstjóra, er frá því skýrt, að borgarráð hafi ákveðið að fela Skógræktarfélagi Reykjavíkur varðveislu jarðarinnar Elliðavatns með nánari skilyrðum, m.a. varðandi umgengni um landið vegna vatnsból Vatnsveitunnar og öflun neysluvatns, afnota Vinnuskóla Reykjavíkur af húsum, orkuvinnslu Rafmagnsveitunnar vegna vatnsaflsstöðvarinn-

ar við Elliðaár, laxveiði og veiðiréttinda, þ. á. m. afnota Æskulýðsráðs.

Síðla þetta sumar tók félagið við býlinu Elliðavatni. Þá var í september og október sett upp ný girðing norðan Rauðhóla frá Bugðu og suður í vatnsveitugirðinguna um Gvendarbrunna, um 1 ½ km að lengd, en vorið eftir, 1964, var lokið við að setja vandað pípuhlíð á girðinguna við Rauðhóla. Við þessar aðgerðir hafði bæst við Heiðmörkina landssvæði um 200 ha að stærð, og er hið friðaða svæði innan Heiðmerkurgirðingar nú 2500 ha.

VII. *BOÐUN NÝRRAR STEFNU Í ÍSLENSKRI SKÓGRÆKT UPP ÚR 1930*

Í fyrsta hefti Ársrits Skógræktarfélags Íslands, 1930-1932, birtist grein eftir Hákon Bjarnason, sem þá hafði nýlokið háskólanámi í skógræktarfræðum, fyrstur Íslendinga. Titill greinarinnar var einfaldlega „Skógræktarmál“. Í grein þessari segir m.a.:

„Til þess að „klæða landið“ höfum við íslensku birki- og reynitrén ásamt gulvíðiskjarrinu, en það er víst, að við getum bætt fleiri trjategundum í hópinn ... Á Kurileyjum, sem liggja norður af Japan, vex lerkitré (*Larix kurilensis*), og sennilegt er, að það sé miklu heppilegra fyrir Ísland en síberiska lerkíð. Þar vex líka einhver sú harðgerðasta grenitegund, sem til er. Það er rétt að geta þess, að loftslag hinna nyrðri Kurileyja er miklum mun kaldara en á Íslandi, en þær eru af svipuðum uppruna og álíka gamlar ...

... Ef við siglum yfir Kyrrahafið í norðaustur átt frá Kurileyjum, lendum við á suðurströnd Alaska, sem einnig er mynduð af basaltgosum, og þar er loftslagið víða alveg eins og á Íslandi. Þar eru vænir sitka- og hvítgreniskógar og ýmsar aðrar trjategundir þrífast þar líka, sem vænlegt gæti orðið að rækta hér.

Sé unnt að fá fræ frá þeim slóðum, er svipar til Íslands að veðurfari og jarðvegi,

þá aukast framtíðarmöguleikar íslenskrar skógræktar að miklum mun“.

Í næsta hefti Ársritsins, 1933-1934, birtist alllöng grein eftir sama höfund, og nefnist hún „Framtíðartré íslenskra skóga“. Þar segir m. a.:

„Eigi flutningur erlendra trjáa hingað til lands að lánast, verður trjáfræði, samkvæmt því sem áður er sagt, að koma frá þeim stöðum, er hafa sem svipaðast loftslag og Ísland. Þegar fundnir eru skógi vaxnir staðir, er hafa svipaða veðráttu og Ísland, þá má velja þaðan þær trjategundir, sem líklegast eru til að geta vaxið í íslenski mold, eftir því hvaða kröfur þær gera til jarðvegsins heima fyrir“.

Þá eru í greininni allfarlegar upplýsingar um veðráttu og vaxtarskilyrði trjágróðurs í suðvesturstrandhéruðum Alaska, og taldar upp ýmsar trjategundir, sem vaxa þar við skilyrði, er virðast svipuð þeim skilyrðum, sem hér ríkjá.

Í lok greinarinnar segir á þessa leið:

„Við Íslendingar verðum að sækja fræ til staða, sem liggja enn norðar en þeir, er norðmenn hafa sótt til. Og sennilega verðum við að fara að dæmi þeirra og senda mann eða menn vestur um haf. Þótt það sé ærið kostnaðarsamt að fara kringum hálfan hnöttinn eða lengra, munu það þó vera lítil útgjöld í samanburði við það gagn, sem yrði af slíki ferð“.

Með þessum tveimur greinum, sem birtust í fyrstu árgöngum Ársrits Skógræktarfélags Íslands, má segja að boðuð sé ný stefna í íslenski skógrækt. Fyrsta fræsöfnunarferð til Alaska var svo farin sumarið 1945, að lokinni síðari heimsstyrjöldinni, en þá tókst Hákon Bjarnason skógræktarstjóri ferð á hendur til þessa fjarlæga lands í því skyni að safna trjáfræi og stofna til kynna við aðila, sem síðar yrði haft samband við í framhaldi af þessari fyrstu ferð.

Næsta fræ- (og græðlinga-) söfnunarferð var farin síðari hluta sumars 1950 (Einar G. E. Sæmundsen) og síðan hafa með nokkurra ára millibili verið farnar á vegum Skógræktar ríkisins fræsöfnunarferðir til Alaska og raunar fleiri staða í vestanverðri Norður-Ameríku:

Jafnframt hefur verið leitað fanga á öðrum

Gróðursetning trjáplantna á Heiðmörk 1949-1974.

Fjöldi gróðursettra plantna at mismunandi tegundum.

TAFLA 1. Plöntutegundir gróðursettar í verulegu magni.

Ár	Birki	Skógar- fura	Stafa- fura	Berg- fura	Fjalla- fura	Sitka- greni	Hvít- greni	Sitka- bastarður	Rauð- greni	Blá- greni	Lerki	Alls
1949		4.000				500			500			5.000
1950	1.000	47.250				275			2.500			51.025
1951	6.975	45.525				24.825					10.475	87.800
1952	15.800	61.950				21.250			15.525		8.900	123.425
1953	23.245	31.950		7.850		21.465	2.300		14.150		7.625	108.585
1954	26.000	26.150		7.800	3.100	23.200			15.725		12.350	114.325
1955	15.275	16.200		32.650	1.000	20.200	5.275		5.900		5.300	101.800
1956	8.250	29.700	450	8.600	3.500	32.230	15.985		7.050	210	2.035	108.010
1957	7.100	12.715	4.725	53.625		55.214	2.625	4.110	17.645	8.755		166.514
1958	2.050	34.375	10.620	19.050		60.235	8.400	44.775	24.725	10.650	4.000	218.880
1959	7.325	39.200	5.300	5.200		71.175	250	29.050	26.950	7.100	5.450	197.000
1960	1.800	7.700	100	22.150	3.450	112.260	500		9.700	24.820	5.560	188.040
1961	1.450	14.850	5.350	38.400	10.700	92.370	200	21.800	500	6.050		191.670
1962	900	230	600	43.850		109.840	3.745	2.350	5.050	17.135	200	183.900
1963	300		14.100	31.500	100	46.100				4.700		96.800
1964	1.410		5.925	13.725		68.325	20.050		3.645		3.270	116.350
1965	270		21.850	19.700		51.120		14.200	7.995		13.975	129.110
1966	20.040		850	28.850		48.250		2.850	1.100		16.950	118.890
1967	15.210		4.250	32.500		60.600		23.300	400		13.250	149.510
1968	30.600		8.800	41.400		340.150			18.550		2.000	135.500
1969	21.100		9.825	22.360		27.443			33.165		2.000	115.893
1970	37.410		13.000	48.350		10.500			20.150		250	129.660
1971	49.400		13.700	20.025		16.000					2.300	101.425
1972	56.440		8.700	2.825		27.795			3.150			98.910
1973	45.550		22.825	1.500		37.350						107.225
1974	49.420		26.700	22.600		3.175						101.895
Alls	444.320	371.795	177.670	524.510	21.850	1.076.347	59.330	142.435	234.075	79.420	115.890	3.253.142

TAFLA 2. Ýmsar plöntutegundir aðrar en þær, sem skráðar eru í töflu 1 (mun færri af hverri tegund).

Ár	Alaska ösp	Svart- Elri	Svart- fura	Brodd- greni	Svart- greni	Douglas- greni	Brodd- greni	Kína- greni	Fjalla- þynur	Hvít- þynur	Balsam- þynur	Viðja	Yllir	Ísl. reynir	Grá- reynir	Alls
1954	300															
1955																
1956																
1957																
1958																
1959	100	100	275													475
1960		1.085						100	50					25		1.275
1961		3.000			520	1.510		7.590	1.500	107	690					14.91
1962						1.950		2.200	2.825							6.975
1963												1.000				1.000
1964				1.160					560			5.400				7.120
1965												4.560				4.560
1966																
1967	1.250															1.250
1968												2.000				2.000
1969							5.500					500				6.000
1970												1.500	500			2.000
1971	100													35	60	195
Alls	1.750	4.185	275	1.160	520	3.460	5.500	2.200	11.075	1.550	107	15.66	500	60	60	48.06

fjarlægum slóðum, einkum norðlægum, og verður því vafalaust haldið áfram.

VIII. REYNSLA AF MISMUNANDI TRJÁTEGUNDUM Á HEIÐMÖRK Í ALDARFJÓRÐUNG

Það var þegar í upphafi stefnt að því að prófa á Heiðmörk ræktun á sem flestum af þeim trjátegundum, sem líklegt var talið að gætu þrífist á þessum slóðum, og raunar heldur fleiri tegundum en færri. Skógrækt á Heiðmörk skyldi þannig vera í og með tilraunir í hagnýtri skógrækt í þessum landshluta.

Töflur 1 og 2 sýna, að allmargar trjátegundir hafa verið prófaðar, alls milli 20 og 30.

Fræðimenn á sviði skógræktar, ekki síst erlendir (norskir), töldu að ýmis svæði á Heiðmörk myndu henta vel til ræktunar á furu, og um það leyti, sem hafin var skógrækt á Heiðmörk var tiltölulega mikið gróðursett á ýmsum stöðum á landinu af skógarfuru (pinus silvestris, á ensku scotch pine), ýmist plöntur fluttar inn frá Noregi eða plöntur aldar upp af norsku furufraei. Hið sama gerðist á Heiðmörk fyrstu árin. Furan á Heiðmörk óx og dafnaði sæmilega í nokkur ár, en ekki leið á löngu uns þess fór að verða vart, að fingerðir hvítir vefir og flekkir fóru að myndast á stofni og greinum furunnar. Furan varð grálúsug og furulúsinn reið smámsaman furuplöntunum að fullu. Þetta gerðist ekki aðeins á Heiðmörk, heldur hvarvetna á landinu þar sem skógarfura var gróðursett. Eftir rúman áratug var hreinlega gefist upp á þessari trjátegund. Varð þetta dýrkeypt reynsla, því að á þessu tímabili höfðu verið gróðursett hátt á fjórða hundrað þúsund furuplöntur á Heiðmörk, allar dauðans matur.

Töluvert hefur verið gróðursett af lerki (larix). Það er barrtré, sem fellir barríð á haustin, og er þessi trjátegund stundum kölluð barrfellir. Hún klæðist nýju fagurgrænu barri snemma vors, en hættir við toppkali, og vaxtarskilyrði hér um slóðir fyrir þessa trjátegund virðast að fenginni reynslu vera allt önnur og lakari en austanlands (á Fljótsdalshéraði) og norðan.

Sú trjátegund, sem mest hefur verið gróður-

sett af á Heiðmörk og með einna bestum árangri, er sitkagreni (picea sitchensis). Má allvíða á Heiðmörk sjá vöxtuleg sitkagrenitré og jafnvel samfellda sitkagrenilundi í öruggum vexti að því er virðist. Plöntur aldar upp af fraei frá Hómer og Cordova í Alaska virðast hafa reynst þroskavænlegri en sitkagreniplöntur ættaðar frá öðrum slóðum, sem frá hefur fengist frá. En það hefur reynst illa að gróðursetja sitkagreni í mjög ófrjóan jarðveg. Þá vex það ekki, en rétt dregur fram lífið.

Á tímabilinu frá 1953 til 1967 var gróðursett töluvert af hvítgreni (picea glauca) og sitkabastarði (sitka-hvítgreni), en þessar tegundir hafa ekki jafnast á við sitkagreni að því er varðar vöxt og veðurþolni.

Allmikið hefur verið gróðursett af rauðgreni eða norsku greni (picea abies, á ensku Norway spruce). Það gerir greinilega meiri kröfur til jarðvegs en sitkagreni, og hefur vaxið mun hægar en það. En auk þess hefur komið í ljós, að þegar rauðgreni á Heiðmörk er komið nokkuð á legg, ber á því, að greinar þess og toppur þorna og visna. Það skortir áberandi vindþolni á við sitkagrenið. Hefur því verið að mestu leyti hætt að gróðursetja rauðgreni á Heiðmörk síðan 1970. En þegar skógur hefur myndað skjól á Heiðmörk og frjósemi jarðvegs aukist, batna vaxtarskilyrði fyrir rauðgreni.

Á árunum 1956 til 1963 voru gróðursettar um 80 þúsund blágreniplöntur (picea engelmanni) á Heiðmörk. Blágrenið er fagurt tré, en vöxtur þess á Heiðmörk hefur fram til þessa verið hægur.

Af bergfuru og fjallafuru (pinus mugo), einkum bergfuru, hefur á hverju ári allt frá árinu 1953 verið gróðursett töluvert magn, alls yfir hálf milljón plöntur. Þessar tegundir eru mjög nægjusamar um jarðveg, og hafa yfirleitt verið gróðursett á ófrjóan jarðveg, þar sem vonlítið eða vonlaust hefði verið að gróðursetja þurftarfrekari tegundir. Fjallafuran er margstofna og myndar kjarr fremur en skóg, en bergfuran er yfirleitt einstofna.

Upp úr 1950 bættist íslensku gróðurriki trjátegund, sem lofar góðu um að farnast vel í sínu nýja umhverfi, en það er furutegund, sem á íslensku hefur hlotið heitið stafafura (pinus contorta, á ensku lodge pole pine).

Í fræsöfnunarferðinni, sem farin var til

Alaska 1950, var safnað smávegis af fræi þessarar trjátegunnar, og í næstu fræsöfnunarferð, sem farin var sumarið 1953, var safnað allmiklu stafafurufraei, og hefur verið lögð áhersla á öflun þess æ síðan.

Stafafura var gróðursett á Heiðmörk í fyrsta sinn vorið 1956, og síðan óslitið á hverju ári, misjafnlega mikið, og hefur reynslan af stafafuru á Heiðmörk fram að þessu verið mjög góð. Til dæmis um það má geta þess, að vorið 1958 var gróðursett hlið við hlið í næstum gróðursnauda mela sunnan undir Vífilsstaðahlíð stafafura og bergfura, og hefur vöxtur stafafurunnar á þessum stað verið öllu meiri en vöxtur bergfurunnar. Furulúsinn sækir lítt á stafafuruna og virðist ekki vinna henni verulegt mein.

Eins og skýrt er frá í upphafi þessa rits, voru, áður en Heiðmörk var friðuð, birkikjarraleifar undir Hjöllum og í Löngubrekku, en einnig á öðrum stöðum, í Elliðavatnsheiði, í Hólmshrauni, í Skógarhlíðum og víðar. Eftir aldarfjórðungsfriðun hefur birkikjarrið teygst úr sér, og einnig breiðst nokkuð út. Yfirleitt hefur birkið þó eftir sem áður einkenni kjarris fremur en skógar, þéttvaxnir runnar, en lítið, enn sem komið er, um veruleg skógartré. Þó má finna á stöku stað einstök fallega vaxin tré, sem orðin eru 4-5 metra há.

En á hverju ári allt frá 1950 hefur verið gróðursett birki á Heiðmörk, meira og minna. Er það alið upp í gróðrarstöð Skógræktarfélag Reykjavíkur í Fossvogi, að mestu eða öllu leyti af fræi ættuðu úr Bæjarstaðaskógi. Birkið hefur verið gróðursett á mismunandi stöðum í allskonar jarðveg, og hefur vöxtur þess og þríf eðlilega farið mjög eftir aðbúnaði og aðstæðum.

Í töflu 2 hér á undan eru skráðar nokkrar trjátegundir, sem gróðursettar hafa verið á Heiðmörk í tilraunaskyni og fyrir forvitnissakir, og er í flestum tilvikum um að ræða tilraunir, sem of snemmt er að segja um reynslu af.

IX. LANDGRÆÐSLA

Á ýmsum svæðum á Heiðmörk eru gróðursnauðir og gróðurlitlir melar. Forystumenn

Skógræktarfélag Reykjavíkur hafa frá því að Heiðmörk var friðuð talið æskilegt að stefna að því, að þessi örfoka gróðurvana svæði verði smám saman þakin gróðri, jafnvel skógargróðri, er tímar líða.

Algjör friðun Heiðmerkur fyrir ágangi búfjár hefur í för með sér sjálfgræðslu, sem þó er mjög seinvirk. Fyrsta viðleitni til uppgræðslu gróðurvana mela með áburðargjöf var í því fólgin, að árin 1964 og 1965 var dreift tilbúnum áburði úr flugvél Sandgræðslunnar á mela meðfram Hjallabraut í námunda við Háamel. Gisnir gras- og blómatoppar voru hér og þar á þessum melum, og áburðargjöfin bar undraverðan árangur. Samfelldur gróður, að vísu fremur gisinn, þakti melana. Sumstaðar var borið á tvö sumur í röð, og varð árangurinn þar ennþá betri.

Auk trjátegunna, sem sóttar hafa verið til Alaska og skýrt er frá í kaflanum hér á undan, hefur verið sótt þangað blómjurt, sem hefur það til síns ágætis, að geta vaxið á gróðursnauðum söndum og melum, og unnið úr loftinu köfnunarefni sjálfri sér til viðurværis og til auðgunar hinum gróðursnauda sandi eða mel, sem jurtin vex í. Er hér átt við belgjurtina Alaskalúpínu (lupinus nootkatensis).

Í starfsskýrslum Skógræktarfélag Reykjavíkur er þess getið í fyrsta sinn árið 1959, að Alaskalúpína hafi verið gróðursett á Heiðmörk, og því er haldið áfram næstu ár þar á eftir.

Alaskalúpínan skryðist snemma sumars bláum blómum. Þegar blómafræin eru orðin þroskuð, springa fræhylkin (skálparnir) og fræin þeytast víðsvegar út frá plöntunni og spíra næsta ár og mynda nýja plöntur. Er lífs- og landvinningskraftur þessarar jurtar næsta undraverður.

Nú má sjá á ýmsum stöðum á Heiðmörk breiður af Alaskalúpínu, sem skartar sínu fegursta blómaskrúði í júnímánuði, og það sem eftir er sumarsins gefur að líta hvanngænar breiður þar sem áður blóstu við gráir melar.

Á hverju ári er safnað fræi af Alaskalúpínunni á Heiðmörk, og því síðan dreift á nýja staði (mela). Þá hefur einnig á seinni árum verið dreift á gróðurvana mela áburði sem Landvernd hefur látið félaginu í té.



Gróðursnauður melur á Heiðmörk (einn af mörgum).

Ljósmynd: Vilhjálmur Sigtryggsson 1974_

Vorið 1966 var gróðursett í beran mel í svokölluðum Heimaás, rétt austan við túnið á Elliðavatni birki og bergfura hvað innan um annað, og borinn að hverri plöntu ríkulegur skammtur af húsdýraáburði (hestúshaug), og síðan tilbúinn áburður á allan melinn. Með þessu var hafin það sem kalla mætti hvort tveggja í senn, landgræðsla og skógrækt. Melurinn hefur síðan smám saman gróið upp, og þarna á bersvæði hafa hinar harðgerðu trjátegundir, birki og bergfura, vaxið og dafnað furðanlega. Þessu hefur síðan verið haldið áfram á hverju ári fram að þessu, og hafa þessar trjátegundir nú verið gróðursettar með sömu aðferð á víðáttumikil melasvæði alllangt suðvestur með Hjallabraut. Þótt vandað sé til þessarar gróðursetningar með riflegri áburðarnotkun, eru þessir melar illa til skógræktar fallnir bæði sökum skorts á lífrænum jarðvegi og sökum skjólleysis. Þess vegna hlýtur þetta að teljast landgræðsla fremur en skógrækt.

X. *TILHÖGUN VIÐ SKÓGRÆKTARSTÖRFIN*

Eins og skýrt er frá í IV. kafla, var árið 1950 ýmsum félögum úthlutað spildum á Heiðmörk til „landnáms og skógræktar“. Næstu ár bættust fleiri félög í hóp landnemanna, og urðu þeir alls 53.

Fyrstu árin var gróðursetning á Heiðmörk að verulegu leyti framkvæmd af landnemum undir stjórn og leiðbeiningum starfsmanna Skógræktarfélags Reykjavíkur.

En árið 1955 barst mikilvægur liðsauki við gróðursetningarstarfið, þar sem voru unglingar, 14-15 ára stúlkur í Vinnuskóla Reykjavíkur. Í starfsskýrslu um Heiðmörk, sem flutt var á aðalfundi Skógræktarfélagsins vorið 1956, er þess getið, að stúlkur úr Vinnuskólanum hafi vorið áður, 1955, sett mikið af plöntum í jörð, þótt megináhersla hafi verið á það lögð að kenna þeim gróðursetningarstarfið. Í Heiðmerkurstarfsskýrslu fyrir árið 1956 er þess getið, að af rúmlega 100 þúsund plöntum, sem þá voru



Sitkagreniplöntur í grýttum og gróðurlitlum mel, nokkrum árum eftir gróðursetningu. Áhrif áburðargjafar.

Ljósm.: Stefán Nikulásson 1974.

gróðursettar, hafi Vinnuskólastúlkur gróðursett 33 þúsund. Og á hverju ári síðan hefur Vinnuskólinn átti mjög verulegan þátt í skógræktarstarfinu á Heiðmörk. Fyrstu árin voru að störfum 20-50 stúlkur, en hin síðari ár 200- 250.

Upp úr miðjum sjötta áratugnum var tekin upp sú nýjung í Fossvegsstöðinni að planta tveggja ára (sáðbeðs) greniplöntum í moldarpotta (seinna var aðferðin endurbætt og henni beitt við fleiri plöntutegundir), og sumarið 1957 voru í fyrsta sinn gróðursettar plöntur með moldarhnaus á Heiðmörk, en með því móti mátti halda gróðursetningu áfram fram eftir sumri.

Kennarar Vinnuskólans hafa á hendi verkstjórn við skógræktarstörf unglinga undir yfirstjórn starfsmanna Skógræktarfélagssins. Einnig aðstoða starfsmenn Skógræktarfélagssins á ýmsan hátt, svo sem við aðdrátt og flutning á plöntum og áburði, og flutning á vinnuskúrum, sem Vinnuskólinn leggur til. Vinnuskólinn annast flutning á fólkinu til og frá vinnu.

Þáttur landnemanna í skógræktarstarfinu hefur minnkað með árunum. Þó halda sumir þeirra áfram störfum á hverju ári, og eru störf þeirra seinni árin fremur fólgin í því að bera tilbúinn áburð að plöntum en gróðursetningu, en slík áburðargjöf ber yfirleitt góðan árangur.

Haustið 1958 var hafinn undirbúningur að nýrri skógræktaraðferð á flötu grónu landi að skoskri fyrirmynd. Var undirbúningurinn í því fólgin, að stórum plógi, dregnum af dráttarvél, var beitt á landið. Dýpt plógfars 15-20 cm, en bil milli strengja um 1½ m. Plógstrengurinn látinn velta á norðurbrún, og því ávallt plægt í sömu átt. Vorið eftir, 1959, voru gróðursettar í plógförin á annað þúsund plöntur.

Þessi tilraun þótti gefast vel, og tveimur árum seinna, vorið 1961, var gróðursett í plógför í samtals 10 ha lands, og er stærsta samfellda plægða spildan vestan Hjallabrautar andspænis Strípsbrauni um 6.7 ha.

Gróðursett er í plógfarið fremur nálægt plógstrengnum, sem veitir plöntunni skjól.



Vinnuskólaunglingar við gróðursetningu austan í Sauðás sumarið 1957.

Ljósm.: Gunnar R. Ólafsson.

Sauðatað borið í hverja holu og skarni ofan á síðsumars. Bil milli plantna í rás 1 m.

Gróðursetningu með þessum hætti var haldið áfram á hverju ári næstu 5 árin, og voru störfun unnin af stúlkum í Vinnuskólanum og starfsmönnum Skógræktarfélagssins. Gróðursett var sitkagreni, hvítgreni, bergfura, stafafura og viðja.

Ennþá er of fljótt að dæma um það, hvort þessi aðferð tekur fram þeirri gróðursetningaraðferð, sem nú tíðkast almennt á Heiðmörk, þ.e. að gera holu fyrir hverja plöntu og gróðursetja síðan með ríflegum áburðarskammti.

XI. SKÓGARLUNDIR TENGDIR ÁKVEÐNUM NÖFNUM

Vorið 1957 barst stjórn Skógræktarfélagss Reykjavíkur bréf frá Magnúsi Kristjánssyni fyrrum bónda að Múla við Ísafjarðardjúp, sem um árabíl hafði stundað garðyrkjustörf, blóma- og matjurtaræktun í Reykjavík. Í

þessu bréfi er frá því skýrt, að Magnús og kona hans, Sesselja Sveinsdóttir, hefði ráðstafað 50 þúsund krónum til skógræktar í nágrenni Reykjavíkur. Magnús hafði nokkru áður haft orð á því við forráðamenn Skógræktarfélagssins, að hann hefði hug á að ljá lið íslenskri skógrækt á raunhæfan hátt, en til þess þyrfti hann að fá aðstoð aðila eins og Skógræktarfélagss Reykjavíkur, þar eð hann sjálfur hefði ekki aðstöðu til þess að vinna slíkt verk með eigin höndum.

Um þetta leyti var í undirbúningi samningagerð milli Skógræktarfélagss Reykjavíkur og stjórnar ríkisspítalanna um að fá Víflsstaðahlíðina inn í Heiðmörk, og óskaði Magnús eftir því, að umræddri fjárhæð yrði varið til þess að rækta skóg í Víflsstaðahlíð. Honum virtist það einkar álitlegur staður, og svo nálægt Reykjavík, að hann gæti fylgst með vexti og viðgangi hins væntanlega upprennandi skógar.

Víflsstaðahlíðin var komin innan Heiðmerkurgirðingar vorið 1958. Valin var í samráði við Magnús Kristjánsson spilda, 5-6 ha



Árangur af gróðursetningu austan í Saudás.

Ljós.: Stefán Nikulásson 1975.

að stærð, miðsvæðis í Vífilsstaðahlíð, til gróðursetningar trjáplantna fyrir fjárhæð þá, sem þau hjónin lögðu fram, og voru gróðursettar vorið 1958 af starfsmönnum Skógræktarfélagssins 30.580 plöntur í spilduna, sitkagreni, rauðgreni, bergfura og stafafura. Spilda þessi hefur hlotið nafnið Magnúsarlundur.

Fleiri aðilar komu nú fram, og lögðu skógræktinni á Heiðmörk lið á sama hátt og þau hjónin, Magnús og Sesselja. Þetta sama vor, 1958, voru gróðursettar 10 þúsund trjáplöntur fyrir fé, sem Almennar tryggingar lögðu fram og fyrir fé frá Útvegsbanka Íslands 12.850 plöntur, hvort tveggja í sérstakar spildir í Vífilsstaðahlíð.

Árið eftir, 1959, voru gróðursettar trjáplöntur í tveggja ha stóra spildu í Vífilsstaðahlíð fyrir fé, sem dr. Helgi Tómasson fyrrv. varaformaður Skógræktarfélagss Reykjavíkur færði félaginu nokkrum árum áður (áheit), en dr. Helgi féll frá árið 1958.

Árið 1960 og næstu ár á eftir voru gróðursettar trjáplöntur í Vífilsstaðahlíð í álfka stóra

spildu og árið áður, til minningar um Grím Ólafsson, fyrir framlag frá aðstandendum hans, og gróðursett var í aðra spildu til minningar um Sigurð Sveinsson, fyrir framlag frá Sveini Sigurðssyni og Hólmfríði Kristjánsdóttur, foreldrum hans.

Norski skipaeigandinn Ludvig Braathen hefur reynst íslenski skógrækt góður haukur í horni, og hefur veitt stórfé til skógræktar í Skorradal. En Heiðmörk hefur einnig notið góðs af örlæti hans.

Árið 1957 veitti Ludvig Braathen fjárhæð til skógræktar á Heiðmörk, og var þá um vorið gróðursett sitkagreni og stafafura fyrir þá fjárhæð í eins hektara spildu í dalnum austan við Hjalla, norðan til.

XII. VEGAGERÐ

Sumarið 1949 heimilaði þáverandi borgarstjóri Gunnar Thoroddsen, að fengnu samþykki borgarstjórnar, 15 þúsund króna fjárveitingu



Úr Vífilsstaðahlíð.

Ljósmynd: Stefán Nikulásson 1974.

til vegagerðar á Heiðmörk. Fyrir það fé var haustið 1949 og vorið 1950 lagður vegur frá vegi þeim, er liggur frá Elliðavatni að Jaðri, um hlið, sem gert var á Heiðmerkurgirðinguna, suður með Sauðás að vestan og upp eftir Elliðavatsheiði, 2½ km langur. Skógræktarfélagið annaðist vegalagninguna undir verkstjórn framkvæmdastjórans, Einars G. E. Sæmundsen. Notuð var stór jarðýta við vegarlagninguna. Var vegarlagningu þessari lokið fyrir vígsluhátíðina 25. júní 1950, og vegurinn þá tekinn í notkun.

Næstu ár myndast smám saman vísir að vegakerfi á Heiðmörk. Vegurinn, sem lagður var haustið 1949 og vorið 1950, var brátt framlengdur upp eftir Elliðavatsheiði, svo að hann náði alla leið upp í Skógarhlíðarkrika, og kallast þessi vegur nú Heiðarvegur.

Því næst var lagður dálítill vegarspotti til suðvesturs út frá Heiðarvegi skammt fyrir suðaustan Sauðás, rétt fyrir neðan svokallaða Bröttubrekku, og annar vegarspotti var lagður nokkru ofar út frá Heiðarvegi til norðausturs,

og náði hann fyrst um sinn að brún Hólmshrauns.

Með þessum vegum var fyrst og fremst bætt úr nauðsyn þess að geta flutt plöntur, áhöld og áburð að hinum ýmsu landnemaspildum án þess að þurfa að bera þessa hluti allf of langt.

Þá var stefnt að því að geta ekið inn á Heiðmörk á fleiri stöðum en um hliðið milli Elliðavats og Jaðars. Árið 1954 var lagður nýr vegarspotti frá heimreiðinni að Silungapollsheimilinu til suðvesturs að Suðurá. Jafnframt var ruddur vegur (með stórrí jarðýtu) yfir Hólmshraun og sett vandað hlið á Heiðmerkurgirðinguna, og vorið 1955 var Suðurá brúuð. Var með þessum vegagerðarframkvæmdum opnuð ný leið inn á Heiðmörk frá þjóðveginum Austurvegi, skammt austan við Hólmsárbrú. Hinn nýi vegur, alla leið frá vegamótum við Heiðarveg norður yfir Hólmshraun, hlaut nafnið Hraunslóð.

Afleggjarinn frá Heiðarvegi suðaustan Sauðás til suðvesturs var smám saman framlengdur, og var árið 1956 kominn út á mótis



*Syðsti hluti Hjallabrautar
Ljóm.: Stefán Nikulásson 1975*

við Strípshraun. Árið 1957 var hann framlengdur fram hjá Strípshrauni og suður hæðirnar austan við Hjalla, og var framlengingin 3.4 km. Var þessum vegi, alla leið frá Hlíðarvegi, nú gefið nafn og hann kallaður Hjallabraut. Frá enda þessa vegar var um leið ruddur þvervegur fram hjá klettum þeim, sem kallaðir hafa verið Hulduklettur, og upp í Löngubrekkur.

Þetta sama sumar var ruddur nýr vegur út frá Heiðarvegi fyrir ofan hólinn Skyggni til suðvesturs, allt suður undir Strípshraun, til mikils hagræðis fyrir landnemafélög, sem hafa helgað sér spildur á báða bóga við hinn nýja veg. Vegur þessi er um 1 km að lengd, og hefur hann hlotið nafnið Landnemaslóð.

Loks var um haustið, um það leyti sem gengið var frá samningi um Vífilstaðaland ruddur vegur frá Flóttavegi um hraunið meðfram Vífilstaðahlíð, um 1.6 km langur. Við syðri brún hins nýja vegar var samtímis lagfært girðingarstæði. Vegurinn meðfram Vífilstaðahlíð hefur hlotið nafnið Hlíðarvegur.

Alls jókst þannig á þessu ári vegakerfið á Heiðmörk um 6 km. Jafnframt var eldri vegum haldið við með ofaníbúrdi, heflun og lagfæringum.

Með vegagerðinni 1957 tók að hilla undir samfelldan veg eftir endilangri Heiðmörk frá Silungapólli suður fyrir Vífilstaði. En vegagerð á því svæði, sem eftir var, yfir Vífilstaðahlíðaröxlina og syðstu Hjallabrunirnar,

hlaut að verða vandasamari en sú vegagerð, sem framkvæmdastjóri Skógræktarfélagssins hafði áður haft með höndum á Heiðmörk. Var nú leitað aðstoðar ungs verkfræðinema, Jóns Birgis Jónssonar, sem unnið hafði hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur undanfarnin sumur, og mældi hann fyrir þessum vegarkafli. Hófst lagning hans haustið 1958, og var vegarlagningunni að verulegu leyti lokið sumarið 1960. Var þetta 7 km langur vegur.

Áður en hinn nýi vegur yrði opnaður fyrir almenna umferð var nauðsynlegt að bera í hann mikinn ofanburð. Var unnið að því næstu tvö sumur. Einnig þurfti að gera lagfæringar á Hlíðarvegi, sprengja nokkur hraunhöft og lagfæra beygjur. Síðari hluta sumars 1962 var vegurinn opnaður til umferðar. Sumarið eftir, 1963, var lokið við að gera vandað pípuhlið á Heiðmerkurgirðinguna við vegamótin hjá Flóttavegi.

Sumarið 1964 var lagfærður vegur beggja megin við pípuhlið á nýrri girðingu um Rauðhóla.

Næstu ár voru vegaframkvæmdir á Heiðmörk í því fólgnar, að borið var ofan í vegina, hlaðið upp að þeim, sáð grasfræi í vegabrunir, gerð útskot á vegi og smá-bílastæði hér og þar.

En vegirnir á Heiðmörk þola ekki vetrarumferð, þegar frost og þiðviðri skiptast á, nema þar sem þeir eru á hrauni. Þess vegna hefur orðið að loka Heiðmörk fyrir bílaumferð frá

því á haustin þangað til frost er farið úr jörðu á vorin, venjulega frá miðjum október fram í maí.

Árið 1973 var sérstök fjárveiting úr borgarsjóði til verulegra endurbóta á vegum á Heiðmörk, og önnuðust þær endurbætur (undirbyggingu og ofaniburð) verkfræðingar borgarinnar. Tekinn var fyrir kafli af Heiðarvegi og Hraunslóð, og er stefnt að því að allir vegir á Heiðmörk verði þannig endurbættir, að þeir þoli umferð bæði vetur og sumar.

Sumarið 1971 var á vegum borgarverkfræðings hafin vinna við lagningu nýs vegar, frá Skógarhlíðarkrika suður með Skógarhlíðum, yfir Strípsbraut og alla leið um Löngubrekku vestur á Hjallabraut. Síðan hefur á hverju sumri verið unnið að þessari vegarlagningu, og verður vegurinn væntanlega opnaður fyrir almenna umferð á þessu vori (1975). Þessum nýja vegi hefur verið gefið heitið Strípsvegur, og þegar lokið verður lagningu hans, verður samanlögð lengd vegakerfisins á Heiðmörk um 26,6 km.

XIII. UMSJÓNARSTÖRF

Um það leyti, sem, lokið var við að girða Heiðmörk, í desember 1948, þurfti að smala svæðið, og ganga úr skugga um að ekkert fé væri innan girðingar eftir fyrsta veturinn. Vorið 1949 þurfti að huga að girðingunni, hvort hún hefði einhvers staðar bilað eða undirhleðsla rofnað og fé komist inn fyrir. Slíkt eftirlit með girðingunni varð þegar í upphafi nauðsynlegt árið um kring. Og fleiru þurfti að hafa eftirlit með. Umferð fór vaxandi ár frá ári, og þótt umgengni sumargesta sé yfirleitt mjög góð, verður ekki hjá því komist að hafa eftirlit með því að viðskilnaði fólks á Heiðmörk, einkum á helgum, sé hvergi ábótavant, og bæta úr ef svo er einhvers staðar.

Svo vel vildi til, að Skógræktarfélagið hafði haft í þjónustu sinni frá því um sumarið 1948, er byrjað var að girða Heiðmörk, mann búsettan skammt fyrir neðan Lækjarbotna, Sigurjón Ólafsson á Geirlandi, og var honum nú falið að hafa þessi eftirlitsstörf með höndum.

En honum voru brátt falin ýmis önnur störf svo sem verkstjórn við skógræktarstörf, bæði

með landnemum og unglíngum Vinnuskólans, og verkstjórn og aðstoð við endurbætur á Heiðmerkurgirðingunni, en hún hefur þurft mikillar endurnýjunar við á köflum.

Þá voru umsjónarmanninum falin störf við veðurathugunarstöðina á Heiðmörk eftir að hún var sett upp, sjá XV. kafla. Og eftir að Skógræktarfélagi Reykjavíkur var falin varðveisla Elliðavatns, sjá XIV. kafla, og umsjónarmaðurinn fékk þar aðsetur, kom það að sjálfsögðu í hans hlut að hafa umsjón með staðnum úti og inni, og jafnframt var honum þá falið að hafa umsjón með veiði í Elliðavatni, sjá XVI. kafla.

XIV. BÝLIÐ ELLIÐAVATN

Þegar Skógræktarfélag Reykjavíkur, samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar, tók í sína varðveislu býlið að Elliðavatni síðla sumars 1963, eftir að fávítahælið þar var lagt niður, var það gert í tvennum tilgangi: í fyrsta lagi að bjarga staðnum frá því að fara í niðurnföslu, og í öðru lagi að nýta húsakynnin, bæði íbúðarhúsið og útihúsin, eftir því sem unnt reyndist, í sambandi við starfsemi Skógræktarfélagsins á Heiðmörk.

Það var talið auðsætt, að það myndi þjóna hvorum tveggja tilganginum að starfsmaður Skógræktarfélagsins hefði aðsetur að Elliðavatni.

Áður en svo gæti orðið, þurfti, eins og að líkum lætur, ýmislegt að lagfæra, og endurbæta á staðnum, einkum íbúðarhúsið fyrst um sinn. Var því allvel á veg komið í árslok, og í ársbyrjun 1964 settist umsjónarmaður Heiðmerkur, Sigurjón Ólafsson, þar að ásamt fjölskyldu sinni.

Það kom brátt í ljós, að búseta umsjónarmanns að Elliðavatni var til verulegs hagræðis í sambandi við hin ýmsu störf, sem gegna þarf á Heiðmörk á flestum árstímum, og einnig kemur sér vel að geta geymt þar skemmi eða lengri tíma, úti eða inni, vinnuvélar og áhöld, sem notuð eru við störfin þar efra. En húsin að Elliðavatni eru nokkuð gömul og viðhaldsfrek.

Haustið 1966 voru tvö lítil herbergi í íbúðarhúsinu sameinuð í eina stofu og jafnframt gerðar nokkrar lagfæringar á gólfi, veggjum og



Býlið Elliðavatn við samnefnt vatn.

Ljósm.: Stefán Nikulásson 1975.

lofti, svo að úr varð snotur lítill fundarsalur og um leið gestastofa.

Vorið 1964 féll Sigurjón Ólafsson frá. Tók þá skömmu síðar við starfi umsjónarmanns á Heiðmörk og búsetu á Elliðavatni ásamt fjölskyldu sinni annar starfsmaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, Reynir Sveinsson, og hefur það haldist óbreytt síðan.

XV. VEÐURATHUGANIR

Þótt Heiðmörk sé aðeins í 10-15 km fjarlægð frá Reykjavík, leynir það sér naumast þeim, sem kunnugir eru, að ekki er nákvæmlega sama veðurfar á Heiðmerkursvæðinu og í Reykjavík.

Úrkoma þar efra er tíðari og stórfelldari, og í haustrigningum í Reykjavík gránar stundum Heiðmörkin, en um hitastig að sumrinu var síður vitað.

Það var því talið æskilegt að fá veðurathugunarstöð einhvers staðar miðsvæðis á Heiðmörk

til mælinga á hitastigi og úrkomu frá vori til hausts.

Árið 1957 hófst samvinna Skógræktarfélags Reykjavíkur og Veðurstofu Íslands um þessi mál. Veðurathugunarstöð var sett upp ofarlega í Elliðavatnsheiði í 136 m hæð yfir sjávarmáli eftir fyrirögn Veðurstofunnar, sem lét í té hitamæla og úrkomumæli og tilheyrandi búnað.

Starfræksla veðurathugunarstöðvarinnar hófst 1. maí 1957. Hún er í því fölginn, að umsjónarmaður Heiðmerkur les á mæla stöðvarinnar og skráir álesturinn á hverjum degi klukkan 9 árdegis frá 1. maí til 31. október, og skýrslur síðan sendar Veðurstofunni. Hefur þetta verið gert á hverju ári síðan.

Skýrslurnar eru síðan birtar árlega í tímaritinu „Veðráttan“, sem er ársyfirlit Veðurstofu Íslands.

Úrkomumælingar á Heiðmörk hafa leitt í ljós, að á árabílinu 1957 til 1974 hefur meðalúrkoma mánuðina maí - október verið um 95% umfram úrkomu í Reykjavík eða 698.5 mm á móti 358.9 mm í Reykjavík. (Með-



*Veiðimenn í Elliðavatni,
Rauðhólar í baksýn.
Ljós.: Stefán Nikulásson 1975.*

alársúrkoma í Reykjavík telst vera 805 mm. Miðað við að hlutfall milli ársúrkomu í Reykjavík og á Heiðmörk sé hið sama og hlutfallið á tímabilinu maí-október, er ársúrkoma á Heiðmörk 1570 mm.

Til þess að gefa hugmynd um veðráttu (hitastig) á Heiðmörk og til samanburðar í Reykjavík, skulu settar hér í töfluformi upplýsingar um meðalhitastig, meðalhámarkshitastig og meðallágmarkshitastig maí-október á þessum tveimur stöðum á árabílinu 1957-1974. (Meðalhámarkshitastig er meðaltal hámarkshitastigs allra daga mánaðarins, og tilsvareandi gildir um meðallágmarkshitastig.)

Meðalhitastig °C 1957-1974.						
	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.
Heiðmörk	6.5	8.7	10.2	9.5	7.1	4.2
Reykjavík	6.7	9.3	11.0	10.4	8.1	5.0

Meðalhámarkshitastig °C 1957-1974.						
	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.
Heiðmörk	9.5	11.8	13.4	12.6	10.0	6.8
Reykjavík	10.1	12.0	13.6	13.2	10.6	7.9

Meðallágmarkshitastig °C 1957-1974.						
	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.
Heiðmörk	3.4	5.5	7.0	6.3	4.1	1.6
Reykjavík	4.7	7.0	8.6	8.0	5.8	3.1

Auk úrkomu og hitastigs hefur vindhraði og sólfar áhrif á vöxt trjáa og annars gróðurs, en um hvorugt þessara atriða liggja fyrir mælingar.

Talið er, að meðalhámarkshitastig sumarmánuðina júní, júlí og ágúst hafi öllu meiri áhrif á trjávöxt en meðalhitastig, og sýna töflurnar, að þótt meðalhitastig á Heiðmörk sé mun lægra en í Reykjavík, þá er meðalhámarkshitastig mánuðina júní, júlí og ágúst svipað á þessum stöðum, en þó aðeins lægra á Heiðmörk. Þó ber ósjaldan við að herra hitastig sé á Heiðmörk en í Reykjavík. Til dæmis má geta þess, að hæsta hitastig sem mælst hefur á Heiðmörk síðan 1968 var 20.6°C og var það 11. sept. 1971. Sama dag mældist hæsta hitastig ársins í Reykjavík og var það meira en tveimur stigum lægra en á Heiðmörk eða 18.2°C.

Hliðstætt þessu gerist að sjálfsögðu einnig á hlýjum dögum í júní, júlí og ágúst.

XVI. VEIÐIFÉLAG - FISKIRÆKT

Þegar Skógræktarfélag Reykjavíkur hafði tekið við varðveislu Elliðavatsn árið 1964 var stofnað Veiðifélag Elliðavatsn. Að ósk borgarráðs var framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Reykjavíkur falið að standa að stofnun þess, ásamt skrifstofustjóra Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og fóru þeir með umboð jarðanna Elliðavatsn og Hólms. Var félagið stofnað í apríl með þátttöku allra jarðeigenda á vatnasvæðinu.

Var strax í maíbyrjun komið á skipulegri



Torgeirsstadir.

Ljóm.: Stefán Nikulásson 1975.

sölu veiðileyfa í Elliðavatni. Fór salan fram á Elliðavatni og Vatnsenda. Áður var hin mesta óreiða á þessum málum, enda netaveiðar stundaðar af kappi í vatninu, og farið þar eftir fornum rétti, sem nú er fallinn úr gildi.

Fiskirækt hófst í Elliðavatni haustið 1963, og haustið 1964 var sleppt 3000 laxaseiðum og 5000 bleikjuseiðum í vötn og ár á vatnasvæðinu. Síðan hefur árlega verið sleppt í Elliðavatn og í ár og vötn á vatnasvæðinu nokkrum þúsundum bleikjuseiða, og alls um 900 þúsundum laxaseiða. Árangur af fiskirækt í vatninu er talinn góður, en þó þykir veiði oft heldur treg, einkum um mitt sumarið.

Veiðitíminn er frá 1. maí til 15. september, og renna tekjur af veiðileyfum Elliðavatnsmegin til Heiðmerkur. Umsjón með veiði hefur umsjónarmaður Heiðmerkur á Elliðavatni.

XVII. ÞORGEIRSSTADIR

Með þeim fyrstu, sem sóttu um spildu til „landnáms og skógræktar“ á Heiðmörk var

Nordmannslaget í Reykjavík. Var því félagi úthlutað spildu ofarlega í Elliðavatnsheiði, og hafa félagar í Nordmannslaget verið ötulir við skógræktina.

Norskur sendiherra á Íslandi á árunum 1945 -1958 var Torgeir Anderssen-Rysst. Hann sýndi íslenski skógrækt mikinn áhuga, ekki aðeins í orði, heldur einnig í verki, og var m.a. frumkvöðull að skiptiferðum skógræktarfólks milli Noregs og Íslands, sem hófust árið 1949, og síðan hafa farið fram óslitið á þriggja ára fresti.

Hann kom því til leiðar að Nordmannslaget í Reykjavík fékk frá Noregi tilsníðið efni í norskt bjálkahús, félaginu að kostnaðarlausu að undanskildum flutningskostnaði, og var bjálkahúsið reist árið 1951 í spildu félagsins í brún Hólmskrauns. (Önnur félög hafa ekki sótt um að reisa skála á spildum sínum, þótt í „reglum um landnám og skógrækt á Heiðmörk“ sé gert ráð fyrir heimild til þess.)

Húsinu var gefið nafn, Torgeirsstadir, og hefur Nordmannslaget ávallt lagt áherslu á að



*Háspennuturn á Heiðmörk í 220 kílóvolta Straumsvíkurlínu.
Ljós.: Vilhjálmur Sigtryggsson 1974.*

halda því vel við. Sómir húsið sér hið besta í hinu hrjúfa landslagi.

Inni í húsinu er rúmgóður skáli, þar sem húsbúnaður er í norskum stíl, eldhús og svefnskáli með nokkrum rúmum.

Fjölskyldur Norðmannafélagsins dvelja oft í húsinu um helgar á sumrin, en stjórn Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur einnig ósjaldan komið þar saman til fundar eða sérstaks samkomuhalds, og notið þar húsaskjól og hlýju, og hefur við slík tækifæri stundum verið húsfyllir á Þorgeirsstöðum.

XVIII. HÁSPENNULÍNA UM ENDILANGA HEIÐMÖRK

Búrfellsvirkjun var fullgerð árið 1968. Spengilegir stálgrindarísar í einfaldri röð, tengdir böndum, sem ekki mega rofna, fengu það hlutverk að handlanga milli sín megnið af raforkunni frá orkuverinu í Þjórsárdal allar götur vestur undir Faxaflóa.

Á Hólmsheiði, skammt frá Geithálsi, er viðkomustaður. svokölluð greinivirki, og þaðan lögðu leið sína nokkrir fleiri samtengdir stálgrindarísar skemmstu leið út til Straumsvíkur. Þar sem álverið var að rísa af grunni.

Þannig er það til komið, að yfir Heiðmörkinni endilangri, frá Gvendarbrunnum suður fyrir Vífilsstaðahlíð, liggur tvöföld 220 þúsund volta loftlína, sem haldið er uppi af 15 stálgrindaturnum.

Það fór ekki hjá því, að lagning þessarar línu, og þá einkum reising turnanna, hefði í för með sér töluvert jarðrask og gróðurskemmdir. Einnig olli umferð stórra flutningatækja nokkrum skemmdum. En lögð hefur verið áhersla á að græða eftir föngum þau sár á gróðurfeldinum, sem þessi mannvirki óhjákvæmilega höfðu í för með sér.

Sum þessara mannvirkja kunna e.t.v. síðar meir að koma að gagni við áframhaldandi skógrækt á Heiðmörk, og er þá ekki síst átt við bráðabirgðavegin, sem lagður var skáhallt um Vífilsstaðahlíðina, en sá vegur þyrfti mikilla endurbóta við til þess að verða nothæfur fyrir almenna umferð.

XIX. ÚTSÝNISSTAÐUR - HRINGSJÁ

Á mörgum stöðum á Heiðmörk er vítt og fagurt um að litast. Einn slíkra staða er syðst á Hjallabrún, ofan Sneiðinga. stuttan spöl frá veginum, skammt frá þar sem mætast Hjallar og Vífilsstaðahlíð.

Á þessum stað hefur nú verið reist varða, og ofan á hana sett svokölluð hringsjá, koparplata, sem grafin eru á örnefni og áttir. Gerði Jón J. Víðis mælingamaður uppdrátt að hringsjánni. Gerður hefur verið göngustígur frá veginum að hringsjánni uppi á Hjallabrúninni.

XX. MINNISVARÐI

Einar G. E. Sæmundsen skógarvörður réðst til Skógræktarfélag Reykjavíkur sem framkvæmdastjóri í ársbyrjun 1948, og gegndi því starfi af frábærum dugnaði og ósérhlífni til dauðadags, en hann lést af slysförum 15. febrúar 1969.

Jafnframt framkvæmdastjórastarfinu gegndi

Einar á þessu tímabili starfi skógarvarðar á Suðvesturlandi.

Auk þess að vera í forystuliði skógræktarmanna, var Einar Sæmundsen mikill hestamaður og hestavinur. Einnig á því sviði valdist hann til forystu, og hafði verið formaður Sambands íslenskra hestamanna um nokkurt skeið, er hann féll frá.

Skógræktarmenn og hestamenn í sameiningu reistu honum minnisvarða á Heiðmörk, og er minnisvarðinn hafði verið reistur, fór þar fram hátíðleg athöfn á afmælisdegi Einars 18. september 1971, að viðstöddum nánustu ættingjum hans og samstarfsmönnum úr hópum skógræktarmanna og hestamanna. Fluttu þar ræður formaður Skógræktarfélags Íslands, Hákon Guðmundsson borgardómari, og formaður Sambands íslenskra hestamanna, Albert Jóhannsson kennari, Skógum, og minntust þeir starfa Einars á hvoru tveggja þessara sviða.

Minnisvarðinn, ótilhöggvinn gabbrosteinn á stöpli úr blágrýti, stendur í Skógarhlíðarkrika, og er letrað á steininn nafn Einars G. E. Sæmundsen. og fæðingar- og dánardagur.



Minnisvarði.

Ljós.: Stefán Nikulásson 1975.

XXI. ÞJÓÐHÁTÍÐARLUNDUR

Um mánaðamótin febrúar-mars 1974 boðaði stjórn Skógræktarfélags Íslands formenn allra héraðsskógræktarfélaganna á fund í Reykjavík. Var sá fundur haldinn í framhaldi af fundi skógarvarða og annarra starfsmanna Skógræktar ríkisins, og sátu þeir ásamt skógræktarstjóra einnig formannafundinn.

Á þessum fundi var m. a. rætt um, að vel færi á því, að skógræktarfélagin minntust með einhverjum sérstökum hætti ársins 1974, sem væri hvorttveggja í senn, 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar og 75 ára afmæli skógræktar á Íslandi. Þótti mjög koma til greina stofnun Þjóðhátíðarlunda á svæðum hinna ýmsu félaga.

Á næsta stjórnarfundum eftir formannafundinn samþykkti stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur að hefjast handa um stofnun Þjóðhátíðarlunda á Heiðmörk, og skyldi efnt til fjársöfnunar meðal einstaklinga og fyrirtækja í Reykjavík í því skyni.

Var fjársöfnun undirbúin og sett í gang, og er skemmst frá að segja, að á árinu söfnuðust nokkur hundruð þúsund krónur.

Svæði undir Þjóðhátíðarlundinn var valið í Lögubrekku, skammt frá Hulduklettum. handan Strípsvegur, og voru gróðursettar um vorið og sumarið 7560 plöntur, mestmegnis stafafura og birki.

Gert er ráð fyrir, að fjársöfnun og gróðursetningu í Þjóðhátíðarlundinn verði fram haldið á þessu aldarfjórðungsafmælisári Heiðmerkur.

XXII. LOKAORÐ

Hér að framan hefur verið rakið í stórum dráttum það, sem gerst hefur undanfarinn aldarfjórðung á landssvæði því, sem í framtíðarsýn stjórnar Skógræktarfélags Íslands fyrir rúmlega hálfum fjórða áratug átti að verða „Friðland Reykvíkinga ofan Elliðavatns“.

Sú framtíðarsýn varð að veruleika. Heiðmörk varð til, og varð jafnvel ennþá víðáttumeiri en það svæði, sem í erindi Skógræktarfélagsins var lýst sem „glæsileg fyrirætlun og fullkomin“ ef friðað yrði.

Áberandi breyting á gróðurfari hefur orðið

á hinu friðaða svæði á undanförunum aldarfjórðungi. Grasvöxtur og blómskrúð á grónu landi hefur teygt úr sér og breiðst út, og nýr skógur í uppvexti er víða tekinn að setja svip sinn á landið.

Heiðmörk er fyrir löngu orðin mjög vinsælt útivistarsvæði, sem á góðviðrisdögum um helgar á sumrin verður fjölsóttara með hverju ári sem líður. Hinn nýi vegur, sem hlotið hefur heitið Strípsvegur, opnar almenningi ný svæði til dvalar og umferðar.

Sjálfbóðaliðar, „landnemar á Heiðmörk“, hafa lagt fram drjúgan skerf til skógræktar á liðnum árum, og mjög athyglisvert má telja, að hin síðari ár hafa skógræktarstörfin verið unnin mestmegnis af unglingum undir leiðsögu kennara sinna í Vinnuskóla Reykjavíkurborgar og starfsmanna Skógræktarfélag Reykja-

víkur. Hefur þannig tekist að sameina holl og heilsubætandi sumarstörf fyrir unglingana og ræktun gróðurs til skjóls og fegurðar á útivistarsvæði Reykvikinga.

Skógræktarstörfin hafa smám saman komist í fastari skorður, en ávallt má búast við einhverjum áföllum af völdum duttlunga veðurfarsins á þessum slóðum.

Að liðnum öðrum aldarfjórðungi verður heildarsvipur Heiðmerkur lítt breyttur, en verði haldið áfram sem horfir, munu nokkrir nýir „andlitsdrættir“ hafa komið fram.

Örfoka melar gróa smám saman, nýr trjágróður vex úr grasi, og eldri trjágróður hækkar og prýkkar.

Heiðmörk mun smámsaman nálgast það að bera nafn með rentu, og verða að verulegu leyti skóglendi, mörk.

Summary

I. Prelude.

The idea of establishing a spacious city park in the tracts which later were given the name Heiðmörk first appeared in print in Iceland Silvicultural Society's yearbook in 1936 in an article by Hákon Bjarnason, who had been appointed director of Iceland Forest Service in March 1935.

Two years later, in 1938, the Silvicultural Society's board sent the Reykjavik City Government a letter, suggesting that this idea be realized, and also suggesting that an extensive reforestation on the land be undertaken.

In 1947 it was decided by the City Government to go ahead. A tract of 1350 hectares was fenced in in the latter part of 1948.

II. The first planting.

The first planting of trees took place in the spring of 1949 when 5000 seedlings of pine and spruce were planted.

III. Preparations made for reforestation in Heiðmörk.

By this time Reykjavik Silvicultural Society (hereafter abbreviated R.S.S.), formed in October 1946, had taken over, Iceland Silvicultural

Society having been made an Association of local Silvicultural Societies in various parts of Iceland.

On March 3rd 1950 an agreement between the City Government and R.S.S. was signed, whereby R.S.S. was appointed administrator of Heiðmörk.

IV. „Pioneers in Heiðmörk“ start planting trees.

R.S.S. let it be known, that groups of people (various small societies in town) might apply for a piece of land (mostly abt. 5 ha) for the purpose of planting trees in it. This aroused great interest, and already in the spring of 1950 29 plots were allotted to as many groups.

Seedlings raised in R.S.S.'s nursery in Reykjavik were given to the „pioneers“, and they also received instructions in tree planting.

V. Heiðmörk's dedication.

Sunday the 25th June 1950 Heiðmörk was officially opened to the public. A public celebration was held in Heiðmörk. The mayor planted a sitka spruce plant as a sort of cornerstone, and in a speech dedicated Heiðmörk to the people of Reykjavik. There were also other speeches, song and music.

VI. Heiðmörk enlarged in two steps.

In October 1957 an agreement between the State Hospital Administration and R.S.S. was signed, whereby part of the land belonging to the Vífilsstaðir sanatorium was joined with Heiðmörk. At the same time another piece of land, abt. 220 ha, belonging to a neighbouring county, was included. A part of this added area, a hillside called Vífilsstaðahlíð, facing southwest and shielded from cold northerly winds, partly grown with low birch wood, was particularly desirable as an outing area.

This addition to Heiðmörk was fenced in in the autumn of 1957 and spring of 1958, and the total fenced in area was now abt. 2300 ha.

In June 1963 R.S.S. received a letter from the mayor of Reykjavik, informing the society that the City Counsel had decided to entrust to R.S.S. the care and administration of the farm Elliðavatn, where before that time the city kept a home for mentally retarded persons. Besides the farm houses, an area of abt. 200 ha, adjacent to Heiðmörk was included, so that after this the total area of Heiðmörk is abt. 2500 ha.

VII. Announcing in the nineteenforties a new turn in Icelandic silviculture.

In the 1930-1932 issue of Iceland Silvicultural Society yearbook (the first one published) an article by Hákon Bjarnason, newly graduated silviculturist, appeared. (Mr. Bjarnason was the first Icelander having finished University schooling in silviculture.)

In this article it is pointed out, that besides the native tree species, birch and mountain ash and willow shrubs, other species, brought in from such places as Kuril Islands north of Japan, and the southwest coast of Alaska, very likely could grow in Iceland, enhancing considerably the possibility of growing valuable forests in this country.

In the next issue of the yearbook, 1933- 1934, another article by the same author, dealing with the same subject on a wider basis, appeared.

In that article the importance of obtaining tree seeds from countries and areas with climate

similar to Icelandic climate is again stressed.

Tree seeds (and seedlings) has been collected and brought to Iceland from time to time since 1945 from Alaska and other areas in the Western part of the North American continent, and from a few other locations.

VIII. The record of various species tried in Heiðmörk during a quarter century.

Between 20 and 30 species of trees have been planted in Heiðmörk in different quantities.

It was assumed by foresters, that Icelandic climate and soil would fairly well suit the Scotch pine (*pinus silvestris*), and Scotch pine was planted in considerable quantities the first years. The Scotch pine, however, turned out to be a failure, due to a pest, which attacked trunk and branches and killed the growing trees.

The Norway spruce (*picea abies*) did not do very well either (too heavy and sustained winds in Heiðmörk). Of imported species the sitka spruce (*picea sitkaensis*) and lodge pole pine (*pinus contorta*) are doing very well.

IX. Reclamation of eroded areas.

Erosion is prevalent in some parts of Heiðmörk, and efforts are being made to cover the eroded areas with vegetation by various means. Commercial fertilizer has with some success been applied on areas with very scarce vegetation. Birch and dwarf pine (*pinus mugo*) has also been planted in such areas with great amount of fertilizer (horse manure), and Alaska lupine has been planted and seeds of that plant sowed in sterile earth with good results.

X. Various ways in planting.

As previously mentioned, various groups were in 1950 allotted plots in Heiðmörk for tree planting. The following years more groups were added until they totaled 54.

The first few years most of the planting was done by those „pioneers“ under the supervision of trained men from R.S.S. But in 1955 an added work force was brought in, when youngsters, 14-15 year old girls from Reykja-

vik City Summer Work School started tree planting in Heiðmörk.

Gradually a good many of the „pioneers“ dropped out, although some of them are still active, but the Summer Work School girls are now doing most of the tree planting under the guidance of their teachers and one or two men from R.S.S.

In 1959 a new method of planting was introduced. A large plow drawn by a belt tractor was applied to the land and seedlings were planted in the furrows with ample use of fertilizer (horse manure). This method (having been practiced earlier in Scotland on flat land) was continued for five years, but whether it is preferable to ordinary method of tree planting still remains to be seen.

XI. Groves bearing certain names.

Planting in Vífilsstaðahlíð are done mostly in the name of certain persons or firms, who have donated funds for this purpose, and the various plots are marked either with the name of the donator or the name of the person to whom the grove is dedicated.

XII. Roadbuilding.

Road building in Heiðmörk was started in the autumn of 1949. This was a stretch of road 2½ km long, and it was finished before the opening celebration in June 1950. Building of the road was supervised by R.S.S.'s manager, as was also the case with other road building and road maintenance in the following years, when the road system was gradually extended. Roads in Heiðmörk were built for summer traffic only. During winter with frequent freezing and thawing the gates to Heiðmörk have to be closed. But in 1973 funds were allotted by Reykjavík City Government for improving the roads in Heiðmörk, so as to make them usable all the year around, and at the same time it was decided, that further roadbuilding and road maintenance in Heiðmörk in the future should be handled by the City Engineering Department.

The road system in Heiðmörk now totals 26.6 km.

XIII. Supervision.

When the fencing in of Heiðmörk was about to be finished in December 1948, all sheep that might be grazing inside had to be chased out. Every year the fence has to be inspected and repaired.

Although tidiness is well observed by the visiting public in general, it is still necessary to make a tour of inspection after each weekend to make certain that no trash of any kind is being left anywhere.

Inspection of the fence around Heiðmörk, inspection of picnic grounds in Heiðmörk, supervision of tree planting by „pioneers“ and Summer School pupils, supervision of properties at Elliðavatn and a few other things were entrusted to one employee of R.S.S., who in 1964 made his home at Elliðavatn.

XIV. The farm Elliðavatn.

The inclusion of the farm Elliðavatn in Heiðmörk and in the care of R.S.S. had a twofold purpose: To prevent the houses and other valuables at the farm from deterioration, and to use the houses, both living quarters (the main farmhouse) and other houses on the farm in connection with the activities in Heiðmörk.

Before the employee of R.S.S., previously mentioned, with his family, could make his home at Elliðavatn, various improvements had to be made on the houses, especially the main farmhouse. Besides such improvements, two small rooms in the main farmhouse were combined into one room, making it a nice little conference room, which also serves as a reception room for guests, who occasionally arrive.

XV. Meteorological observations.

Although Heiðmörk is only in a distance of 10-15 km from Reykjavik, the weather is not the same in the two areas. It is obvious to anyone familiar with both places, that in Heiðmörk precipitation is heavier and winter temperature somewhat lower than in Reykjavik. Less was known about summer temperatures.

In order to gain some further knowledge on this point, R.S.S. approached the Meteoro-

logical Office, who graciously offered their cooperation.

A simple meteorological station was set up in Heiðmörk in a spot 136 m above sea level, with a precipitation gauge and thermometers,

Since the first of May 1957 readings have been made every morning at 9 o'clock from 1st May until 31st October. Readings are recorded and monthly readings sent to the Meteorological Office, who includes it in the published weather records.

Precipitation during the six months, May-Oct. measures 95% heavier in Heiðmörk than in Reykjavik on the average over the period 1957-1974.

The three tables show the temperatures in Heiðmörk and in Reykjavik, an average for each of the six months over the period 1957- 1974.

For tree growth the temperature during June, July and August is important, and the table in the middle shows, that the mean value of maximum temperatures during those three months is only slightly lower in Heiðmörk than in Reykjavik.

On warm and sunny days however, the temperature in Heiðmörk may reach higher marks than in Reykjavik.

XVI. Fishing group - fish cultivation.

In April 1964 all land owners around Elliðavatn Lake grouped together for the purpose of organizing fishing and fish cultivation in the lake, and on the request of Reykjavik City Government, the manager of R.S.S. took part in the formation of the group. Fishing licences are sold at Elliðavatn and the farm Vatnsendi.

Thousands of salmon and trout fingerlings have been poured into Elliðavatn Lake and adjacent streams with fairly good results.

XVII. Torgeirsstadir.

Norwegian ambassador to Iceland 1945- 1958 was Torgeir Anderssen-Rysst. He was greatly interested in the reforestation program in Iceland, and among other things did he initiate the interchange of Norwegian and Icelandic groups of tree planters, which for

the first time took place in 1949, and has since been repeated every three years.

Mr. Anderssen-Rysst arranged, that Nordmannslaget in Reykjavik, the society of Norwegians and Icelandic relatives and friends of Norway, received from Norway a Norwegian log house, disassembled, and it was erected in 1951 in the „pioneer“-lot of Nordmannslaget. The log house, which harmonizes very nicely with the somewhat harsh surrounding landscape, was given the name of Torgeirsstadir.

Members of Nordmannslaget often spend weekends in their spacious log house, and occasionally the R.S.S. board enjoys Nordmannslaget's hospitality in Torgeirsstadir and holds there board meetings and even receptions.

XVIII. High tension line through Heiðmörk.

The hydraulic powerplant at Búrfell was completed in 1968. From there to a high tension substation near Reykjavik a 220 thousand volt transmission line was built and from that substation another 220 kilovolt transmission line carried power to the Aluminium plant at Straumsvík. That line is laid through Heiðmörk on 15 steel towers. Some damage to the land and the vegetation could not be avoided during erection of towers and hanging wires on towers and transport of materials, but efforts were made to heal such damage.

XIX. View spot - orientation disc.

On a predominant spot in Heiðmörk, on so-called Hjallabrún, a small stone column has been built, on top of which a so-called orientation disc is being mounted, the disc being made of copper, and around the periphery of the circular disc are inscribed names of mountains and other landmarks visible from the view spot.

XX. A monument.

Einar G. E. Sæmundsen became manager of R.S.S. at the beginning of 1948. A man of rare capability and unselfishness he held that position till his death in an automobile accident in February 1969.

Mr. Sæmundsen was also an outstanding

horseman, and had been for some time president of the Association of Icelandic Horsemen when he died.

Foresters and horsemen combined to erect in his honour a monument in Heiðmörk, which was unveiled on his birthday, 18th September 1971, in the presence of his close relatives and friends.

XXI. National Celebration Grove.

In 1974 1100 years had passed since the first settlers made their home in Iceland. It was a year of national celebration.

R.S.S. wanted to do their share by founding a special grove within Heiðmörk on this occasion. Collection for money for this purpose among individuals and firms in Reykjavik was undertaken.

Contributions amounted to several hundred thousand kronur, and 7560 seedlings, mostly lodge pole pine and birch, were planted in the area chosen for the National Celebration Grove.

It has been decided, that collection of money and planting of trees will be continued this quarter century anniversary year of Heiðmörk.

XXII. Resumé.

In this chapter is shortly resumed what has been accomplished in Heiðmörk during the past quarter of a century, and what may be expected during the next quarter century, assuming continued activity along the same lines.

Heiðmörk, jarðfræðilegt yfirlit

Frá sjónarmiði jarðfræðings er það einkum tvennt, sem einkennir Heiðmörk en það eru hin mörgu misgengi og sprungur í berggrunninum annars vegar og hraunin hins vegar. Segja má að það séu misgengin, sem öllu öðru fremur móta landslagið í Mörkinni sérstaklega þó vestan til en að austan og sunnan verða hraunin nær einráðandi.

Fyrsta jarðfræðikortið, sem gefur nokkra mynd af Heiðmörk, gerði þýskur jarðfræðingur Konrad Keilhack (1925) árið 1924 og kom það út ári síðar. Svo er að sjá sem fáir hafi vitað um þetta kort og þá jarðfræðilegu lýsingu svæðisins umhverfis Reykjavík og Hafnarfjörð, sem því fylgdi og óhætt er að fullyrða að allur almenningur hefur ekki vitað að það er til.

Ekki er mér svo kunnugt um nokkrar tilraunir til jarðfræðilegrar kortlagningar á þessu svæði fyrr en að Atvinnudeild Háskólans og Reykjavíkurborg í sameiningu gangast fyrir slíkri kortlagningu. Var það verk unnið sumurin 1954 og 1955 af Tómasi Tryggvasyni (1958) og þeim er þetta ritar og undir stjórn þess fyrrnefnda. Ekki kom þó kortið út fyrr en 1958. Hvað Heiðmörk varðar vantar suðvesturhluta þess svæðis á kortið. Það kom í minn hlut að kortleggja suðurhluta svæðisins, sem okkur var falið að kortleggja, en því svæði voru af öðrum takmörk sett.

Það kom því í minn hlut að kortleggja Heiðmörk og fór ég þá nokkuð út fyrir tilskilið svæði og eru þau drög að jarðfræðikorti enn í mínum förum. Síðar gerði ég svo sérkort af bergsprungum og misgengjum á svæðinu austan við Reykjavík og Hafnarfjörð og hafa smækkaðar myndir af því verið birtar á nokkrum stöðum (Jónsson 1965, 1973) og kemur Heiðmörk þar við sögu. Loks eru hraunin syðst og austast í Heiðmörk sýnd á sérkorti, sem út kom 1972 (Jónsson 1972). Verður nú

vikið að einstökum atriðum í jarðfræði Heiðmerkur.

Berggrunnur

Sem berggrunnur verður hér litið á það berg, sem til var fyrir síðustu ísöld og ber þess óræk vitni að jökull hefur yfir landið farið. Verður að því vikið síðar.

Samkvæmt þessu er berggrunnur Heiðmerkur grágrýti en á nútíma fræðimáli er tekið að nefna það ólívínthleit eða jafnvel þóleít að enski fyrirmynd, sem raunar er hæpin af þeirri einföldu ástæðu að nafnið er upprunnið í Þýskalandi og kennt við ákveðna myndun í Saar-Nahe svæðinu í Þýskalandi (Rosenbusch 1907). Grágrýtið er hraun, sem runnið hafa frá eldstöðvum, sem virkar voru á hlýskeiði eða hlýskeiðum milli ísalda hins kvartera jökultíma. Heiðmerkurgrágrýtið, það sem sést á yfirborði, er væntanlega runnið á hlýskeiðinu, sem var næst á undan síðustu ísöld, en talið er að henni hafi lokið á þessu svæði fyrir um það bil 10.000 árum, (sjá síðar).

Svo virðist sem mest af grágrýtishraununum kringum Reykjavík, sé komið frá Borgarhólum - á Mosfellsheiði (Jónsson 1972c), en ekki sýnist líklegt að Heiðmerkurgrágrýtið sé þaðan komið þó ekki verði auðveldlega séður munur á gerð þess og Borgarhólagrágrýtisins. Mér sýnist þvert á móti mjög líklegt að á síðasta hlýskeiði hafi verið virk eldstöð, að öllum líkindum dyngja, einhvers staðar á svæðinu vestan við Bláfjöll milli þeirra og Grindaskarða. Þaðan hafa hraun runnið norður og suður, niður um Heiðmörk og út um nes. Þaðan sýnist mér líklegast að grágrýtið í Heiðmörk sé ættað og eins það,

sem þekur hæðir og ása í Garðahreppi og e. t. v. einnig á Álftanesi.*) Um þetta skal þó engan veginn fullyrt, en benda má á eina staðreynd sem styður að mínum dómi tilgátuna um dyngju á áður nefndum stað en hún er sú, að í Herdísarvíkurfjalli má sjá fornt móbergslandslag, sem færst hefur í kaf af hraunum, sem líta út fyrir að vera dyngjuhraun og hljóta að vera komin af svæðinu nálægt núverandi Bláfjöllum. Grágrýtisþekjan á Urðarfelli norður af Svörtubjörgum ofan við Selvog á væntanlega rætur að rekja til sömu eldstöðvar. Móbergið í Herdísarvíkurfjalli er þá sennilega frá næst síðustu ísöld, því að jafnaði má reikna með að meiri háttar móbergsmýndanir merki ísöld en hraunrunnin á íslausu landi marki hlýskeyð.

Útlit grágrýtisins er öllum kunnugt og verður ekki út í það farið hér en vísað til greinarkorns í Náttúrufræðingnum frá árinu 1972 (Jónsson 1972C), en þar má finna nokkurn fróðleik um það. Þar sem borað hefur verið gegnum grágrýtið hefur sums staðar komið í ljós að undir því eru setlög, án efa mynduð í vatni. Um útbreiðslu þeirra er ekki mikið vitað. Jökulberg kemur fyrir á 200 m dýpi undir yfirborði við Rauðhóla. en um útbreiðslu þess er heldur ekki vitað.

Ísaldarminjar í Heiðmörk.


Hér að framan var að því vikið að jökla hafi leyst af þessum landshluta fyrir um það bil 10.000 árum eftir að landið hafði verið jökulum hulið í um 60.000 ár að því er talið er. Á því tímabili hefur eldvirkni mikil átt sér stað undir ísnum. Þá varð til

*) Eftir að þetta var ritað hef ég í dagbók Guðmundar G. Bárðarsonar frá árinu 1931, sem dr. Finnur Guðmundsson hefur góðfúslega lánað mér, fundið að Guðmundur hefur talið að grágrýtisdyngja væri suðaustur af Grindaskörðum og nefnt gíginn Stórkonugíg. Lætur hann að því liggja, að þaðan geti grágrýtið kringum Hafnarfjörð verið komið.

móbergsmýndun sú sem yngst er á Reykjanesskaga og gera má ráð fyrir að hylji eldstöðvar, sem virkar voru fyrir síðustu ísöld og áður er að vikið.

Ein af þeim ísaldarminjum í Heiðmörk, sem maður hvað fyrst veitir athygli eru fagaðar grágrýtisklappir, hvalbök. Að norðan eða öllu heldur norðvestan eru klappirnar oft í bröttum stöllum og víða má sjá björg og stundum heila stuðla, sem ísinn hefur rifið úr klöppunum en ekki megnað að færa nema fáa metra og stundum hefur hann aðeins náð að losa lítillega um stuðlana en ekki fært þá úr stað. Í gagnstæða átt er halli klappanna aflíðandi. Sýnir þetta straumstefnu jökulsins en oft má marka hana enn betur af rispum eða rákum á bergfletinum. Þessar rákir eru eftir steina, sem voru í botni jökulsins og ristur þessar rúnir í bergið um leið og ísinn skreið fram. Í Heiðmörk er stefna rákanna norðvestlæg og sýnir það straumstefnu jökulsins á lokastigi ísaldar. Einstaka sinnum sér maður á klöppunum steina þá sem gert hafa rákirnar, endar þá rákin undir steininum. Þetta má sjá á a.m.k. tveim stöðum í ofanverðri Heiðmörk en ekki skal það nánar til tekið hér. Stórir steinar liggja víða á þessum íssornu klöppum og eru slík björg nefnd grettistöð. Þau eru allvíða í Heiðmörk. Stundum finnur maður hálfmána-formaðar grópir, sem liggja nær hornrétt í stefnu ísrákanna. Þær eru nefndar jökulgrópir (Einarsson 1968). Þær eru til í Heiðmörk en ekki mjög venjulegar.

Þegar jökullinn bráðnar verður eftir þá efni sem í ísnum var bæði í botni jökulsins, inni í ísnum og á yfirborði hans. Þetta myndar það, sem venjulega er nefnt jökulurðir en ekki er það ævinlega réttnefni og væri jökulset oft nær sanni og svo er víða og jafnvel víðast í Heiðmörk utan þess, sem þegar hefur verið nefnt. Jökulurðir er yfirleitt ólagskipt og samanstendur af mól, sandi og leir ásamt steinum í öllum stærðum. Oft eru steinarnir rákaðir og mjög oft -rúllaðir og bera þess merki að hafa rúllast í vatni en mikill vatnagangur hefur að sjálfsögðu verið í jöklinum og við hann á lokastigi tilveru hans, er því eðlilegt að allt sé í hrærigraut á slíkum stöðum bæði jökulurðir og vatnaset. Mýndanir af þessu tagi eru undirstaða gróðurs í Heiðmörk. Víða er þar jökul-



Kort yfir bergsprungur og misgengi í nágrenni Reykjavíkur. Úr ritgerð eftir Jón Jónsson jarðfr.

urðin ber og með sérkennilegum gráum lit. Á vorin þegar efsta lag hennar hefur náð að þiðna er illfært um hana sökum aurbleytu. Jökulurðir eru um alla Heiðmörk en einna mest áberandi á svæðinu báðum megin vegarins vestur um Tungur sunnan Hjalla en á því svæði hefur upplástur eytt jarðvegi svo á köflum er örfoka land. Viðast hvar annars staðar í Heiðmörk er jökulurðin hulin mold og gróðri en stærstu steinar standa upp úr. Vestantil í Heiðmörk má á stöku stað sjá harðnaðan og mjög þéttan jökulruðning næst ofan á grágrýtinu og stundum með jökulrákum eins og það. Þetta er jökulberg (tillit) og er sennilega botnuð frá síðustu ísöld (Jónsson 1960). Þar sem ár hafa runnið í jökulgöngum undir ísnum hafa myndast malarásar. Einn slíkur, þó lítil sé, er við Myllulæk og tjörn suður af Elliðavatni og norðan vatnsins vottar fyrir malarási líka. Rétt sunnan við Jaðar við vesturbrunn hraunsins vottar fyrir malarhjalla, sem sennilega hefur myndast við jökullón, sem verið hefur þar sem nú er Elliðavatn. Hefur það verið miklu stærra og náð austur að Lækjarbotnum áður en árnar náðu að sverfa niður þröskuldinn milli þess og sjávar.

Nútímahraun

(Postglacial lavas).

Hraun liggja að Heiðmörk á þrjá vegu, sunnan, austan og vestan. Að austan eru Hólmshraunin, að sunnan Húsfellsbruni og að vestan Búrfellshraun. Raunar kemur enn eitt hraun Heiðmörku við þó lítið nái það inn fyrir landamerki hennar. Það er Leitahraun en í því eru Rauðhólar. Má því segja að Heiðmörk sé hraunum girt nema að norðvestan.

Búrfellshraun er á vesturjaðri Heiðmerkur og liggur girðingin niður eftir hrauninu þar sem það hefur fallið norður með Vífilstaðahlíð. Upptök hraunsins eru í Búrfelli en það er skammt eitt utan girðingar. Búrfell virðist hafa gosið aðeins einu sinni og var það samkvæmt rannsóknum Guðmundar Kjartanssonar (1972), fyrir um það bil 7200 árum. Hvað Búrfellshraun varðar vísast að öðru leyti til ritgerðar Guðmundar.

Sunnan við Heiðmörk er ein óslitin hraun-

breiða frá Búrfelli og allt austur að Bláfjöllum. Lausleg athugun bendir til að milli Búrfells og Heiðmerkur séu a.m.k. 13 mismunandi hraunstraumar. Nokkrir þeirra ná inn í Heiðmörk. Sá þeirra er lengst nær til norðurs í Heiðmörk vestanverðri nefnist Strípshraun. Runnið hefur það yfir eldri hraun og ein örmjó hraunkvísl kemur fram undan því og liggur austur um Mörkina þvera alveg austur að Hólmshrauninum. Hafa bílastæði verið gerð á þessari hraunkvísl, sem runnið hefur eftir lægð milli grágrýtisása. Austast í Heiðmörk eru Hólmshraunin. Það eru 5 mismunandi hraunstraumar og hefur sá þeirra, sem elstur er runnið því sem næst þvert yfir Leitahraun gegnt Hólmi. Af því er ljóst að öll þessi fimm hraun hljóta að vera yngri en Leitahraun. Nýjustu aldursákvæðanir gerðar með geislakols (C^{14})-aðferð sýna að Leitahraun mun vera um 4630 ára gamalt. Er þar með ljóst að öll Hólmshraunin fimm eru yngri en þetta. Um upptök þeirra er ekki vitað annað. en það að þau hljóta öll að vera komin frá eldvörpum á svæðinu milli Bláfjalla og Þríhnúka og e.t.v. að þeim meðtöldum. Að öðru leyti vísast til greina í Náttúrufræðingnum um þessi efni (sbr. heimildaskrá).

Bergsprungur og misgengi

Í upphafi þessa máls var á það minnst að sprungur og misgengi væri eitt af því, sem einkenndi Heiðmörk. Í sjálfu sér er það svo að það eru misgengin, sem skapa megindrætti landslagsins í Heiðmörk einmitt þar sem það er sérkennilegast og fegurst. Aðalmisgengið er Hjallamisgengið, sem nær frá Vífilstaðahlíð norður að Elliðavatni, og er það um 5 km leið. Þar sem þetta misgengi er hæst er það um 65 m hátt. Brúnin er ekki bein heldur myndar nokkrar stórar og dálítið óreglulegar boglínur. Sunnan við þessa megin-brotlínu hefur landið sigið. Er það svæði rist að endilöngu af sprungum og misgengjum, sem rekja má um Heiðmörk þvera. Um aldur þessara brota er það að segja að þau hafa verið til áður en Búrfellshraun rann fyrir meira en 7000 árum sem sjá má á því að smá hrauntunga hefur teygst sig nokkur hundruð metra austur með aðalmis-



Карты геологической реконструкции.



Á Hjallabrún, séð til norðurs.
Dæmi um misgengi. Ljós.:
Stefán Nikulásson 1975.

genginu áður en hraunið náði framrás norður með Vífilstaðahlíð. Að hreyfingarar hafa haldið áfram síðan er fullljóst af því að Búrfellshraun er brotið um þvert á fleiri stöðum og misgengi í því a. m. k. 12-15 m samtals (Jónsson 1965). Engum efa er það bundið að hreyfingar eru stöðugt á þessu svæði enda hlýtur hver sá sem um það gengur að gera sér grein fyrir því. Samkvæmt mjög nákvæmum mælingum Eysteins Tryggvasonar (1968) nemur höggunin að jafnaði um 2.8 mm á ári sé um jafna höggun (misgengi) að ræða, sem þó naumast er trúlegt. Hinar löngu grasi grónu lautir, sem svo mjög einkenna þennan hluta Heiðmerkur eru sprungur og misgengi þar sem jarðvegur hefur sigið niður í sprungurnar. Þar fær gróðurinn skjól og jarðvegurinn þykkar örur en annars staðar. Sprungurnar valda hins vegar því að vatn nemur ekki staðar á yfirborði

en hverfur fljótlega niður í sprungurnar. Grunnvatn kemur því ekki fram í Heiðmörk sjálfri nema í Myllulæknum, Gvendarbrunnum og við Silungapoll, Uppspretturnar á þessum stöðum eru á mjög áberandi hátt í tengslum við sprungur og misgengi.

Nokkur hluti þessa mikla sprungukerfis er nú án efa hulinn hraunum, enda má víða sjá misgengi hverfa inn undir hraun í Heiðmörk. Að sprungurnar sjást ekki í hrauninum austast í Heiðmörk sýnir að þau eru ung. Höggunin er það hægfara að hún hefur ennþá ekki náð að brjóta þau svo að sýnilegt sé á yfirborði. Geta má þess að vitað er um sýnilegt misgengi í Leitahrauni. Það virðist því mega ætla að yngstu Hólmshraunin séu verulega yngri en það. Það yngsta þeirra eða jafnvel tvö þeirra yngstu gætu verið frá sögulegum tíma.

Summary

Geological description of Heiðmörk.

Heiðmörk is characterised geologically by the wide-spread faulting and recent lava fields. These two phenomena have been most important in forming the landscape.

The area was first described in 1924 (Keilhack 1925) and since has been intensively surveyed (Tryggvason & Jónsson 1958, Jónsson 1965, 1972).

Doleritic basalts form the bedrock. They most likely originated during the last interglacial from craters west of Blálfjöll. Below these can be found tuffs, tillites and lacustrine deposits formed during preceding periods.

The area shows clear signs of glaciation, especially glacially polished rocks often showing

striations, erratics and moraine deposits. Near to the lake Elliðavatn remains of eskers are found and they indicate that a glacial lake larger than the present one was situated there. The glacial striations indicate that the iceflow was in a NW direction. The bulk of the soils in the Park are formed from moraine and these are often clearly revealed by erosion.

Heiðmörk is bounded on all sides, except the north-west, by lava-fields. The western boundary falls on lava which flowed from Búrfell about 7200 years ago, Búrfellshraun, (Kjartansson 1972). To the south there is a continuous lava-field, Húsfellsbruni, stretching from Búrfell east to Bláfjöll in which at least 18 different lava flows have been distinguished. The Hólmskraun field forms the eastern boundary and have run over older lava flow. Leitahraun, which has been found to be about 4630 years old by the C^{14} method. At least 5 flows of the Hólmskraun have been identified.

As mentioned earlier the area is heavily fractured by faults and tectonic fissures. The major fault-line (Hjallamísgengi) runs from Vífilsstaðahlíð to Elliðavatn, a distance of 5 km with a maximum vertical displacement of 65 m. That it is older than 7000 years is shown by the Búrfellshraun lava, which has flowed over the fault and itself been since displaced by 12-15 m. The fault-line is still active and has a mean annual displacement of 2.8 mm (Tryggvason, 1968). The fissuring of the bedrock has considerably influenced the groundwater flow. There are no water courses or springs in the Park except in the north-east, Elliðavatn, Silungapollur and Myllulækur all of which are very obviously connected to the fault system. Finally it should be mentioned that a considerable area of faulting is covered by recent lavas, two of which could perhaps have flowed during historical times.

Heimildir

- Einarsson, P. (1968) Jarðfræði, saga bergs og lands. Mál og menning, Reykjavík.
- Jónsson, J. (1958) Sjá Tryggvason og Jónsson.
- Jónsson, J. (1960) Jökulberg í nágrenni Reykjavíkur. Náttúrufr., 30. árg. Reykjavík.
- Jónsson, J. (1965) Bergsprungur og misgengi í nágrenni Reykjavíkur. Náttúrufr. 35. árg. Reykjavík.
- Jónsson J. (1971) Hraun í nágrenni Reykjavíkur I. Leitahraun. Náttúrufr. 41. árg. Reykjavík.
- Jónsson, J. (1972a) Sprickteknik och grundvattenströmmar i området öster om Reykjavík. Vannet i Norden Nr. 3 1972 IHD-nytt.
- Jónsson, J. (1972b) Hraun í nágrenni Reykjavíkur II. Hólmskraunin fimm. Náttúrufr. 42. árg. Reykjavík.
- Jónsson, J. (1972c) Grágrýtið. Náttúrufr. 42. árg. Reykjavík.
- Keilhack, K. (1925) Die geologischen Verhältnisse der Umgebung von Reykjavík und Hafnarfjörður in Südwest-Island. Zeitschr. d. Deutschen Geol. Gesellsch. Bd. 77.
- Kjartansson, G. (1972) Aldur Búrfellshrauna við Hafnarfjörð. Náttúrufr. Reykjavík.
- Rosenbusch, H. (1907) Mikroskopische Physiographie der Massigen Gesteine. Schweizerbart. Stuttgart.
- Tryggvason, T., Jónsson, J. (1968) Jarðfræðikort af nágrenni Reykjavíkur. Atv.deild Iðnaðard. Háskólans, og bæjarverkfr. Reykjavík.
- Tryggvason, E. (1968) Measurement of surface deformations in Iceland by precision levelling. Journ. of. Geophys. Res. 73.

Villtar blómplöntur og byrkningar í Heiðmörk

Eftirfarandi skrá yfir villtar tegundir blómplantna og byrkninga í Heiðmörk er að miklu leyti byggð á athugun sem höfundur skrárinnar gerði á Heiðmerkursvæðinu fyrir Skógræktarfélag Reykjavíkur sumarið 1956, en ýmis atriði í skránni eru þó byggð á athugunum á síðastliðnu sumri og þessu vori.

Það þótti rétt að taka einungis í þessa skrá þær tegundir sem vaxa villtar í Heiðmörk, þ.e. sem borist hafa þangað af sjálfsdáðum eða slæðst þangað með mönnum og eru orðnar villtar þar nú þegar, eða auðsætt að verði það á næstunni. Tegundir sem gróðursettar hafa verið þar, eða sáð til af ásettu ráði vegna uppgræðslu mela, eru aftur á móti ekki taldar með, þó sumar þeirra séu einnig á góðri leið að verða villtar þar, t. d. alaskalúpínan, því um þær er fjallað í sérstökum kafla þessarar bókar.

Í skránni eru alls 152 tegundir, en líklegt er að ekki séu öll kurl komin til grafar enn og nokkrar fleiri tegundir eigi eftir að finnast á Heiðmerkursvæðinu, eða hafi jafnvel þegar fundist þar án þess að mér sé kunnugt um það. Það má í því sambandi geta þess, að á Reykjanesskaganum öllum hafa fundist villtar um 24 tegundir byrkninga og blómplantna, án þess túnfíflar og undafíflar séu taldir með, og ekki er ósennilegt að einhverjar fleiri þeirra en þegar hafa fundist vaxi í Heiðmörk.

Villtar plöntur í Heiðmörk

Jafnaætt (*Lycopodiaceae*):

Skollafingur (*Huperzia selago* (L. Bernh.): Á stöku stað í hraungjótum.

36

Mosajafnaætt (*Selaginellaceae*):

Mosajafni (*Selaginella selaginoides* (L.) Link.):

Víða á móabörðum.

Elftingaætt (*Equisetaceae*):

Klóelfting (*Equisetum arvense* L.): Allvíða.

Eski (*Equisetum hiemale* L.): Á stöku stað innan um lyng.

Mýrelfting (*Equisetum palustre* L.): Í mýrinni meðfram Myllulæk.

Vallelfting (*Equisetum pratense* Ehrh.): Algeng.

Naðurtunguætt (*Ophioglossaceae*):

Tungljurt (*Botrychium lunaria* (L.) Sw.): Á nokkrum stöðum á móabörðum .

Fjöllaufungsætt (*Athyriaceae*):

Fjöllaufungur (*Athyrium filix-femina* (L.) Roth.): Í glufu milli stórra steina undir Hjöllum.

Tófugras (*Cystopteris fragilis* (L.) Bernh.):

Víða í hraungjótum.

Fjallaliðfætla (*Woodsia alpina* (Bolton) S. F. Gray.): Í smáglufu utan í hraunstrýtu í Hólmshrauni.

Liðfætla (*Woodsia ilvensis* (L.) R. Br.): Á stöku stað í Hólmshrauni.

Skjaldburknaætt (*Aspidiaceae*):

Þrilaufungur (*Gymnocarpium dryopteris* (L.) Newman): Á nokkrum stöðum innan um lyng og kjarr.

Einiætt (*Cupressaceae*):

Einir (*Juniperus communis* L. subsp. *nana* Syne): Á stöku stað í kjarri.

Víðiætt (*Salicaceae*):

Grávíðir (*Salix callicarpaea* Trautv.): Allvíða innan um lyng.

Smjörlauf (*Salix herbacea* L.): Allvíða á holtum og í mólendi.

Loðvíðir (*Salix lanata* L.): Allvíða innan um lyng og kjarr.

Salix herbacea x *S.lanata*: Undir Hjöllum.

Gulvíðir (*Salix phylicifolia* L.): Allvíða í kjarri og á stöku stað innan um lyng.

Bjarkaætt (*Betulaceae*):

Ilmbjörk (*Betula pubescens* Ehrh.): Myndar allvíða kjarr, þar sem hraunið er mest gróið, einnig víða innan um lyng.

Súruætt (*Polygonaceae*):

Naflagras (*Koenigia islandica* L.): Á stöku stað í leirflögum.

Ólafssúra (*Oxyria digyna* (L.) Hill.): Á stöku stað á melabörðum og í hraungjótum.

Blóðarfi (*Polygonum aviculare* L.): Á örfáum stöðum meðfram vegum.

Kornsúra (*Polygonum viviparum* L.): Víða.

Túnsúra (*Rumex acetosa* L.): Allvíða í graslendi og á meladrögum.

Grýtuætt (*Portulacaceae*):

Lækjagrýta (*Montia fontana* L.): Við Myllutjörn.

Arfaætt (*Caryophyllaceae*):

Skeggsandi (*Arenaria norvegica* Gunn.): Á stöku stað á melum.

Músareyra (*Cerastium alpinum* L.): Algengt á melum og á stöku stað á móabörðum.

Vegarfi (*Cerastium fontanum* Baumg. subsp. *scandicum* H. Gartner): Víða á holtum og í graslendi.

Ljósberi (*Lychnis alpina* L.): Á stöku stað á melum.

Hnúskakrækili (*Sagina nodosa* (L.) Fenzl.): Á stöku stað í sendnum leirflögum.

Skammkrækili (*Sagina procumbens* L.): Á stöku stað í sendnum leirflögum.

Lambgras (*Silene acaulis* (L.) Jacq.): Allvíða á melum og holtum.

Holurt (*Silene vulgaris* (Moench) Garcke subsp. *maritima* Á. & D. Löve): Víða á melum.

Skurfa (*Spergula arvensis* L.): Í rökum flögum við Myllutjörn og upp frá henni.

Haugarfi (*Stellaria media* (L.) Vill.): Á stöku stað við vegi.

Sóleyjaætt (*Ranunculaceae*):

Brennisóley (*Ranunculus acris* L.): Á stöku stað í velgrönnum hraunbollum.

Sefbrúða (*Ranunculus hyperboreus* Rottb.):

Við Myllutjörn.

Skriðsóley (*Ranunculus repens* L.): Á stöku stað í graslendi nálægt vegum.

Flagasóley (*Ranunculus reptans* L.): Í röku leirflagi á bakka Myllutjarnar.

Brjóstagrass (*Thalictrum alpinum* L.): Víða í mólendi.

Vorblómaætt (*Brassicaceae*):

Hjartarfi (*Capsella bursa-pastoris* (L.) Med.):

Á stöku stað við vegi.

Hrafnaklukka (*Cardamine nymanii* Gand.): Í mýrinni upp frá Myllutjörn.

Melskriðnablóm (*Cardaminopsis petraea* (L.) Hiit): Allvíða á melum og í mosapembum.

Grávörblóm (*Draba incana* L.): Á stöku stað utan í móa- og melabörðum.

Hagavorblóm (*Draba norvegica* Gunn.): Hjallar.

Helluhnóðraætt (*Crassulaceae*):

Flagahnoðri (*Sedum villosum* L.): Í röku leirflagi við Myllutjörn.

Steinbrjótaætt (*Saxifragaceae*):

Mýrasóley (*Parnassia palustris* L.): Í mýrinni við Myllutjörn.

Þúfusteinbrjótur (*Saxifraga caespitosa* L.):

Allvíða á melum og í hraunglufum.

Gullbrá (*Saxifraga hirculus* L.): Í röku flagi við Myllutjörn.

Mosasteinbrjótur (*Saxifraga hypnoides* L.): Í lausum urðum utan í Hjöllum.

Snæsteinbrjótur (*Saxifraga nivalis* L.): Á örfáum stöðum í hraungjótum.

Vetrarblóm (*Saxifraga oppositifolia* L.): Á stöku stað á melum.

Stjörnuasteinbrjótur (*Saxifraga stellaris* L.): Við Myllulæk.

Rósaætt (*Rosaceae*):

Ljónslappi (*Alchemilla alpina* L.): Algengur á holtum, melum og víðar.

Hlíðamariústakkur (*Alchemilla filicaulis* Bus.):

Allvíða í graslendi og í hraunglufum, þar sem ekki er of þurrt.

Silfurmaríustakkur (*Alchemilla wichurae* (Bus.) Stefánsson): Í glufu milli stórra steina undir Hjöllum.

Holtasóley (*Dryas octopetala* L.): Algeng á holtum og melum.

Jarðarber (*Fragaria vesca* L.): Innan um lyng og kjarr utan í Hjöllum.

Fjalldalaffill (*Geum rivale* L.): Við Myllutjörn og á stöku stað í grónum lautum.

Gullmura (*Potentilla crantzii* (Cr) G. Beck):

Víða í mólendi og sums staðar á holtum.

Engjarós (*Potentilla polustris* (L.) Scop.): Í mýrinni upp frá Myllutjörn.

Hrútaberjalýng (*Rubus saxatilis* L.): Á stöku stað innan um lyng og kjarr.

Fjallasmári (*Sibbaldia procumbens* L.): Á einum stað í þurru flagi á háum hól.

Smáraætt (*Fabaceae*):

Hvítsmári (*Trifolium repens* L.): Á stöku stað í graslendi.

Blágresisætt (*Geraniaceae*):

Blágresi (*Geranium sylvaticum* L.): Á stöku stað innan um lyng og kjarr.

Fjólúætt (*Violaceae*):

Týsfjóra (*Viola canina* L.): Allvíða innan um lyng og í graslendi.

Mýrfjóra (*Viola palustris* L.): Á stöku stað lægðum og víða í mýrinni við Myllutjörn.

Eyrarósaætt (*Onagraceae*):

Lindadúnurt (*Epilobium alsinifolium* Vill.):

Við Myllutjörn á stöku stað.

Mýradúnurt (*Epilobium palustre* L.): Á stöku stað í mýrinni við Myllutjörn.

Hvannaætt (*Apiaceae*):

Geithvönn (*Angelica sylvestris* L.): Í kjarrinu utan í Hjöllum.

Maraætt (*Haloragaceae*):

Síkjamari (*Myriophyllum alterniflorum* D.C.): Í Myllutjörn.

Lófótsætt (*Hippuridaceae*):

Lófótur (*Hippuris vulgaris* L.): Í Myllutjörn.

Klukkublómaætt (*Pyrolaceae*):

Klukkublóm (*Pyrola minor* L.): Allvíða í grónum lautum og hraunbollum.

Lyngætt (*Ericaceae*):

Sortulyng (*Arctostaphylos uva-ursi* (L.) Spr.):

Allvíða á móabörðum og á stöku stað á melabörðum.

Beitilyng (*Calluna vulgaris* L.): Víða í mólendi bæði innan um annað lyng og eitt sér.

Sauðamergur (*Loiseleuria procumbens* (L.) Desv.): Á stöku stað í mólendi.

Aðalbláberjalýng (*Vaccinium myrtillus* L.): Allvíða í velgrónum hraundældum.

Bláberjalýng (*Vaccinium uliginosum* L.): Algengt í mólendi og víða í mosapembum.

Krækilyngsætt (*Empetraceae*):

Krækilyng (*Empetrum nigrum* L.): Algengt í mólendi og virðist vera ein af þeim háplöntum, sem fyrst nema land í mosapembum.

Geldingahnappsætt (*Plumbaginaceae*):

Geldingahnappur (*Armeria maritima* (Mill.) Willd.): Víða á holtum og melum.

Maríuvandarætt (*Gentianaceae*):

Maríuvöndur (*Gentiana campestris* (L.) Börner subsp. *islandica* Murb.): Á stöku stað á börðum, bæði aðaltegundin og f. *Hartmanniana* Baenitz, sem er með nærri hvítum blómum.

Vatnsbrúðuætt (*Callitrichaceae*):

Vorbrúða (*Callitriche palustris*): Í Myllutjörn og í rakri leðju á tjarnarbakkanum.

Blóðbergsætt (*Lamiaceae*):

Blákkolla (*Prunella vulgaris* L.): Á stöku stað í velgrónum hraunbollum.

Blóðberg (*Thymus praecox* Opiz subsp. *arc-*



Blómsef (*Juncus triglumis* L.): Allvíða í rökum leirflögum og í mýrinni við Myllutjörn.

Vallhæra (*Luzula multiflora* (Retz.) Lej.):

Víða í mólendi og mosapembum.

Axhæra (*Luzula spicata* (L.) DC.): Víða, bæði í mólendi og í mosapembum.

Staraætt (*Cyperaceae*):

Stinnastör (*Carex bigelowii* Torr.): Algeng í mosapembum.

Blátoppastör (*Carex canescens* L.): Í mýrinni við Myllutjörn.

Hárleggjastör (*Carex capillaris* L.): Á stöku stað á móabörðum.

Sérbylissstör (*Carex dioica* L.): Á stöku stað í mýrinni upp frá Myllutjörn.

Mýrastör (*Carex nigra* (L.) Reich.): Algeng í mýrinni við Myllutjörn.

Belgjastör (*Carex panicea* L.): Í mýrinni við Myllutjörn.

Hengistör (*Carex rariflora* (Wg.) Sm.): Víða í mýrinni við Myllutjörn.

Tjarnastör (*Carex rostrata* Stokes): Í Myllutjörn.

Klófífa (*Eriophorum angustifolium* Honck.):

Í mýrinni meðfram Myllulæk.

Hrafnafífa (*Eriophorum scheuchzeri* Hoppe):

Í mýrinni meðfram Myllulæk.

Pursaskegg (*Kobresia myosuroides* (Vill.) F. et Paol.): Allvíða á móabörðum.

Vatnsnál (*Eleocharis palustris* (L.) R. Br.):

Á einum stað á bakka Myllutjarnar.

Mýrafinnungur (*Trichophorum caespitosum* (L.) Hartm. ssp. *austriacum* (Palla) Brodd.): Í mýrinni meðfram Myllulæk.

Sveifgrasaætt (*Poaceae*):

Týtulíngresi (*Agrostis canina* L.): Víða í sendnum flögum og á melum.

Skriðlíngresi (*Agrostis stolonifera* L.): Í rökum flögum á stöku stað.

Hálíngresi (*Agrostis tenuis* Sibth.): Víða innan um lyng og kjarr.

Vatnsliðagras (*Alopecurus aequalis* Sobol.): Í blautu flagi við Myllulæk.

Háliðagras (*Alopecurus pratensis* L.): Við vegarkant nálægt Strípshrauni.

Ilmreyr (*Anthoxanthum odoratum* L.): Algengur innan um lyng og kjarr.

Hálíngresi (*Calamagrostis neglecta* (Ehrh.) Gastn.): Í mýrinni við Myllutjörn.

Fjallapuntur (*Deschampsia alpina* (L.) R. & Sch.): Á einum stað í röku flagi.

Snarrótarpuntur (*Deschampsia flexuosa* (L.) PB.): Á stöku stað.

Bugðupuntur (*Deschampsia flexuosa* (L.) Trin.): Mjög algengur innan um lyng og kjarr.

Húsapuntur (*Elytrigia repens* (L.) Nevski): Á stöku stað.

Greinilega slæðingur.

Túnvingull (*Festuca rubra* L.): Allvíða.

Blávingull (*Festuca vivipara* (L.) Sm.): Víða á móabörðum og í mosapembum.

Finnungur (*Nardus stricta* L.): Á stöku stað.

Fjallafoxgras (*Phleum commutatum* Gaud.):

Nálægt Myllutjörn.

Fjallasveifgras (*Poa alpina* L.): Hjallar.

Varpasveifgras (*Poa annua* L.): Á stöku stað.

Blásveifgras (*Poa glauca* Vahl): Allvíða á melum, og þar sem grýtt er; algengt í mosapembum.

Kjarsveifgras (*Poa nemoralis* L.): Á stöku stað innan um lyng og kjarr.

Vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.): Á stöku stað, í valllendiskendum börðum.

Lógresi (*Trisetum spicatum* (L.) P. Richter):

Allvíða á móabörðum og í mosapembum.

Brúsakollsætt (*Sparginoceae*):

Mógrafabrúsi (*Sparganium hyperboreum* Laest.): Í lygnum í Myllulæk.

Gróðurfari Heiðmerkur verður ekki lýst hér til neinnar hlítar, heldur aðeins drepið á örfá atriði sem þykja öðrum fremur athyglisverð.

Mikill hluti svæðisins er þakinn hraunum af ýmsum aldri, en auk hraunanna eru þar víðáttumiklir móar, nokkuð um mela, fallegar kjarrbrekkur eru suðaustan undir Hjöllum, en eina votlendið er Myllutjörmin ásamt Myllulæknum og mýrinni umhverfis.

Hraunin eru víða þakin samfelldum gróðri, mosapembu, mólendi eða jafnvel kjarri, þau yngstu minnst gróin en þau elstu mest. Hér er gullið tækifæri til að sjá hvernig hraun gróa upp. Fyrstu plöntur sem sjáanlegar eru með berum augum, sem nema land í hraunum hér á landi, eru mosar og fléttur, einkum þó

Allmikið er um víði í mólandinu, aðallega grasvíði, grávíði og loðvíði, en stórar og fallegar gulvíðibreiður eru þó nokkuð víða.

Kjarrbrekkurnar suðaustan undir Hjöllum eru mjög fagrar og gróskulegar, bæði vöxtulegar birkihríslur og blómlegur undirgróður þar sem m.a. vaxa geithvönn og jarðarber. Þessar brekkur ætti endilega að varðveita eins og þær eru og alls ekki að planta þar trjám heldur leyfa birkinu að breiðast þar út af sjálfsdádum hér eftir sem hingað til.

Megnið af Heiðmörk er frekar þurrt land, þó úrkoman sé allmikil. Uppsprettumar sem

mynda Myllulækinn, Myllutjörninn og mýrin umhverfis auka því mjög á fjölbreytni náttúrunnar hér. Af öllum þeim tegundum blómplantna og byrkninga, sem ég hef fundið í Heiðmörk eru nærri 40, eða fjórði hlutinn, sem aðallega eða eingöngu vaxa á þessu Myllutjarnarsvæði. Væri því mikils misst ef nokkru yrði raskað hér, bæði hvað snertir gróður og þá ekki síður fuglalíf, sem er mjög auðugt hér. Myllutjörninn og mýrin er því ein helsta perla Heiðmerkur og ber því fyrir alla muni að varðveita þetta votlendi eins ósnortið og framast er unnt.

Fuglar og Heiðmörk

Íshjúpur og jarðeldar eru mótendur eða hönnuðir Heiðmerkur en vatn og veðráttá hafa fínunnið yfirborð og búið í haginn fyrir líf jurta og fugla.

Þessi öfl hafa leitt fram margbreytilegt kjörlendi fyrir hina fiðruðu drótt.

Að norðanverðu með jaðarásum dyngjunnar, Mosfellsheiði, frá Lækjarbotnum um Kotás og holtin sem stífla Rauðavatn og holtrananum Selási að norðvestan hefur orðið til lægð, sem 270 km² vatnasvæði hefur létt af sér vætu í frá Hengli til Bláfjalla. Á sínum tíma fellur hér um Leitahraun niður til Elliðaársvogs og er það fer um votlendið verða til gervígígar Rauðhóla.

Milli þessarar lágur og annarrar í suðvestri, sem hraun flóðu um frá Búrfelli allt í sjó fram við Álftanes, er holtaklasi, með smá lautarvötnum en einu stöðuvatni, Vífilsstaðavatni, í vesturjaðri. Mót norðaustri hallar líðandi frá holtabungum Vatnsendahæðar og Vatnsendaheiðar til lægðarinnar en mót austri veit misgengisveggurinn, Hjallar, og áframhald hans suðurhlíð holtaklasans, Vífilsstaðahlíð, þar sem fok undan norðan- og norðaustanvindum hefur sest að í þykkri jarðvegsfyllu.

Milli hraunálma Leitahrauns og Búrfellshrauns, sem báðar ná til sjávar hafa svo runnið ofan á þau úr undirhlíðum Bláfjalla og úr gossprungum þeirra sjálfra 5 hraunbrunar. En enginn þeirra hefur náð að fylla upp í lægðina sunnan Mosfellsheiðar og vestan holtaklasans. Góðri vin hefur verið þyrmt líkt og bruni Eldfellsins á Heimaey slepti að fylla upp höfnina að baki Heimakletts.

Er nú rétt að rekja nánar þau kjörlendi fugla, sem hönnuðir íss, elda, regns, vinda og gróðurs hafa búið þeim.

1. Holtin vestan við Mörkina, sem ná allt upp í 172 m hæð (Vikurholt) með melum, urðum, múum, vatnsrásum, vallendisteyging-

um og grundum í lautum og upp frá þeim, sem oftast eru í botninum leirflög eftir skamma uppistöðu hlákuvatns eru heldur berangursleg en þó kjörlendi fugla.

2. Þverhnípi misgengisvegsins, Hjallar, með glufum og smástöllum, sem á blettum eru vaxnir birki.

3. Skjólssæl Vífilsstaðahlíð aflíðandi í sólarátt þakin þykkri jarðvegsfyllu, vaxin kjarri, lyngi og gróskumiklu grasi.

4. Pyrrkingslegar þrjár langar lágir til norðurs frá Búrfellsgjá neðan Hjalla og Bakhlíða, vesturjaðars Húsfellsbruna, milli holtarananna Tungur og Löngubrekkur. Hér skiptast á melar, urðaköst, leirflög, vallendisgrundir og grasteygingar.

5. Vötnin: Elliðavatn með hólma, nes, smásker, voga, vallendisbakka, staksteinóttá strönd, mýrafláka sem ganga fram í það, stararrima á grunnsævi og töluverðu lífríki í botni og legi; Myllulækjartjörn austan Elliðavatns með votlendi á tvo vegu og læk til vatnsins; Hraunkotstjörn, Kirkjuhólmatjörn og Hellutjörn, sem eru í framhaldi af Suðurá, lindá fram með norðurjaðri Hólmskrauns og hafa afrennsli í Elliðavatn (Eðli þessara vatna er mjög raskað vegna neysluvatnsvirkjunar Reykjavíkurborgar).

6. Árnar: Hólmsá, sem er dragá með upptök í Henglinum og þó hún falli í stökk norður og vestur af Rauðhólum heldur hún mjög raki flóamýri vestur af Rauðhólum og allt til ósa sinna í Elliðavatn. Fagurt stararengi er þar neðra.

Suðurá, sem fyrr er getið, fellur við vallendisbakka norðan við Hólmskraun og ganga frá þeim fögur grasgefin vik inn í hraunjaðarinn, en hið neðra við ósa sína í Hellutjörn nærir hún tjörnótt mýrlendi austur af Rauðhólum. Undan Selási fellur lækur í tveim kvíslum, annar rennur í Elliðavatn en hinn í útfallið



úr því. Útfallið úr Elliðavatni er rétt að telja hér með vegna vetrarsetufugla, sem þar er oft að finna.

Myllulækurinn var fyrir nefndur. Honum nokkru norðar rennur lindarlækur um votlendismóa til Elliðavatns.

7. Mýrar: Mýrarsvæðin eru þegar talin í sambandi við vötn og ár.

8. Tún eru út frá bæjunum að Vatnsenda og Elliðavatni og hin síðari ár hafa orðið til ræktunarsvæði með gördum og grasflötum í kringum sumarbústaði, sem er víða að finna en þó hið neðra við vötnin, þó dreifst hafi þeir upp um Vatnsendahlíð og Vatnsendaheiði. Grasteyginga, mela og móa er að finna inni í brununum eða í vikum milli þeirra og á sumum stöðum eru nokkuð stór svæði, t.d. Elliðavatnsheiðin, þar sem brunar hafa ekki náð að leggja undir sig holt og hæðardrög. Á þessum svæðum eru kjarlendi mest og samfelldust.

9. Hraunin í allri sinni margbreyttu lögun og gerð, djúpum hraunbollum sumum grasigrónum, háum hraunsnösum og nefjum, sprungnum hraunhólum og mosagrónum brunarimum. Á sumum þessum hraunflákum hefur smjörvíðir og birki náð föfestu ásamt sortulyngi, krækiberjalyngi og skriðulum blómjurtum.

Ég tel Heiðmörkina búa yfir 9 gerðum kjörlenda fyrir fugla. Ég hefi eigi enn talið hið nýja landnám barrtrjáa, sem hófst fyrir 25 árum en setur þegar svip á Mörkina ekki síst á vetrum og um fartíma fugla að vorlagi. Við sem höfum þekkt Reykjavík nær trjávana og lítum til fugla, höfum gjörla séð hversu áhrif trjáræktar hafa orðið á fuglalíf borgarinnar og

án efa mun sömu áhrifa gæta hið efra í Mörkinni.

Ekki get ég sagt að ég hafi stundað fuglarannsóknir í Heiðmörk. Gönguferðir hefi ég átt margar inn á svæðið á öllum árs tímum og unnið þar að skógrækt nokkrar stundir árlega í 25 ár. Hugleiðingar mínar eru reistar á því, sem fyrir augun hefur borið af fuglum á göngum mínum.

Það er komið fram að lokum þorra. Stórhriðar hafa hamast. Fannir í lautum. Vötn lögð og ár falla milli skara. Feykt hefur snjó af holtum og mómum í Elliðavatnsheiði. Upp úr sinustráum móanna flögrar hópur snjótittlinga með skvaldrandi seim. Í vari við kjarr fyrir norðaustanátt eru rjúpbæli. Lítil ísskænd fylgsni með hrúgu af rjúpnasaur við opið undan vindinum og snjódriftinni. Vængjaför í mjöllinni og þarna fara nokkrar á rykkflugi. Dökk nef, stél og svartar rákir flugfjaðra skera sig úr lit fjaðurhams og fannar.

Niður við Elliðavatnsbæinn flögrar upp skógarþröstur og er ég nálgast Myllulækinn baksa tvö ferlíki til flugs, langir fætur langt aftur fyrir stél og langt nef á essbeygðum hálsi skagar fram eins og burtreiðarstöng. Gráhegrar! Í fjörum sunnan Staðar í Grindavík hefðu þeir ekki komið á óvart en hér vekja þeir furðu.

Þrír hrafnar fljúga að þeim. Einn veltir sér af undrun eða ánægju yfir tilbreytingunni í vetrarfábreytninni.

Út af Þingnesi er stór vök. Í henni standa á höfði fjórar álfir en uppi á skörinni stendur ein á öðrum fæti með höfuð undir væng. Þrjár eru gráar. Ungar frá sumrinu. Dökkar saurhrúgur álfanna eru við skörina. Hjá þeim standa tvær krokulegar veiðibjöllur.

Vestan vatnsins er löng vök upp frá útfallinu með landinu. Hvað er þetta, fuglar í vökinni? Sól nær að skína og það er eins og hún veki þá til leiks eða sóldýrkunar. En það busl. Þetta eru tvær tegundir. Þrjár hvinendur. Tveir steggir og ein kolla. Hvílik bakköst með hausnum hjá steggjunum. Halda þeir þó sól skíni að komin sé mökunartíð? Þetta eru ameríkanar, náskyldir húsöndinni, sem heldur sig eink-

um á Mývatni og þekktist frá henni á hvíta blettinum á kinnum, sem er hringlaga en á þeirri mývetnsku hálfmáanalaga. En hinar sjö. Fjórar gulandarkollur og þrjár steggir. Hvílik litadýrð. Blýgráar svartflikróttar kollur en herramennirnir með ljósgular bringur, síður og kvið sem slær roðalit á, rauða fætur, gráar og dökkar vængja- og bakfjaðrir.

Uppi á skörum og syndandi í útfallinu eru stökkendur beggja kynja. Hve litadýrð þeirra er áberandi í lágengri sól á þorra í útjaðri Heiðmerkur.

Uppstigningardagur og Heiðmörk hefur orðið fyrir valinu til gönguferðar. Gangan hefst við Rauðhóla. Inni í hólunum framan í einu gjallstálinu er hrafnslapur. Annar hrafninn liggur á en hinn hreytir úr sér önuheitum þar sem hann hoppar uppi á brúninni. Í mýrlendinu austur af hólunum að Hellutjörn eru nokkrar grágæsir á beit. Grafandarhjórn eru á sundi á einni tjörninni og í mýrinni að baki þeim eru þrjár jaðranar. Roðalitir þeirra er áberandi við fölgrænt grasið og eigi dregur úr formi og litum þegar grafandarsteggurinn teygir upp hausinn svo hvíti taumurinn upp hálsliðina kemur í ljós í allri sinni lengd. En hvað flýgur þarna með svona hröðu blaki - löng stél á sumum - hávellur - á hvaða leið? Líkast til norður úr vetrarheimkynnum við Suðurnes. Þessir hánorrænu fuglar, sem á hlýviðrisskeiðinu hérlendis hefur fækkað, - flutt sig lengra norður. Bót er að þær kunna að meta grunnsævið á veturna hér við suðvesturlandið, kvikir og háværir til ununar fyrir augu og eyru.

Fleira er um óvænta gesti. Tifa ekki þarna á tíðu vængjablaki langnefjaðar toppendur. Þær stefna niður eftir til sjávar. Var það ekki fuglafræðileg frétt, þegar toppönd fannst verpandi hér í Heiðmörk?

Þarna spígspora tveir rauðfættir stelkar og þar fer einn á kastflugi með lafandi vængi. Hann á einhverjar óuppgerðar sakir við annan hinna á jörðu. Alveg rétt, hann lendir nærri honum smellandi í góm og leggur til atlögu við hann með framréttan gogg á sveigðum hálsi, stélið uppsveigt eins og fjaðraskúfur í hatti lífvarðar. Það er hlaupist á, hoppað,



smellt, flögrað eða stokkið í loft upp uns annar hörfar. Það er barist um lífsánægjuna.

Ég sveigi fyrir vesturenda Hellutjarnar. Þar synda tveir drifhvítir svanir. Ég fer um bakka Kirkjuhólsmstjarnar, þar sem leynast vogar og vatnsskvompur í hraunjaðrinum, lyfta sér upp með einu vængblaki sjö litfagarar smáendur; grænleitur litur er áberandi og bláleitur spegill í væng. Ekki er um að villast á lit og flugtaki að hér fara urtendur.

Á steinnibbu dillar sér steindepill. Litarákirnar sýna, að þessi er karlfugl. „Velkominn frá Eþíópíu,“ segi ég og hann klappar og hneigir sig djúpt í ökkliðunum. „Þeir kunna sig sem víða fara.“ Annars hefur steinklöppunni stórfækkað. Ástæður? Köld vor hér heima. Þurrkar og hungursneyð fólks í vetrarheimkynnum. Í Grindavík, sem var mikil steindeplabyggð hefur vart sést steindepill hin síðari ár.

Þegar upp í kjarrlendi Elliðavatsheiðar kemur ómar loft og jörð af athafnalífi fugla. Til himins stúgur nær lóðrétt á ört tifandi vængjum þúfutittlingur, og tístir í sífellu. Þá nemur hann staðar, steypir stömpum og rennir sér í sveig niður á þöndum vængjum og útbreiddu stéli og um lítinn gogg berst skær klišruna. Aftur verður hnykkur á leiðinni og nú er tekin stefna skáhallt niður á svifflugi og leikið undir með angurværu tísti. Þetta er flugstef þúfutittlingsins. Óður til maka eða viðvörum til keppinauta um landnám og sumarást. „Jæja, þú ert kominn, spói, og búinn að ná röddinni.“ Fyrir nokkrum dögum sá ég spóahóp fljúga yfir Sólheimasand lágt með



jörðu og þegjandi. Síðastur farfugla, enda sagt er til spóa heyrst að þá væri liðinn vetur og vorharka. Frændi hans fjöruspóinn, sem víða dvelur vetrarlangt í fjörum á Suður- og Suðvesturlandi, en þekktist á því að hann vantar augnrákina, ruglar stundum, svo að spóakaffi verður veitt of snemma.

Inni í runna eða í grasi kallar hrossagaukur „gigg-gigg“ eða það hvín í jaðarstélfjöðrum hans við snögga stefnubreytingu á þotuhraða til bogalaga flugleiðar niður á við.

Á melbleðli klingja tveir tjaldar um leið og þeir hringsóla hvor um annan með hangandi goggum, svo að þeir nær strjúkast með jörðu. Þeirra ástarjátningar eru þuldar í sandinn meðan hrossagaukurinn fær loftið til að óma.

Frá rauðgrenilundi uppundir Torgeirsstöðum berst hávær söngur skógarþrastar. Annar flýgur úr kjarri við hlið mér með frekjulegu gogg-hljóði.

Þarna fara yfir höfði mér fimm auðnutittlingar á hoppkenndu flugi og sí-tístandi. Þeir slá sér allt í einu niður í einn runnann.

Ég tek stefnu á Strípshraun í átt til Heykrika. Þegar mig ber að jaðri hraunrimans berst að mér söngur sólskríkju. Ég svipast um en sé ekki fuglinn en kem auga á kven-sólskríkju, sem flýgur lágt með jaðrinum með snjótittlingsklið. Rauðsokkur myndu umhverfast gegn skapanarum, ef karlkyni í mannheimum myndu gefnir slíkir yfirburðir í söng. Fátt lætur ljúfar í eyrum en sólskríkjusöngur. Ég

minnst þess, er ég hafði lengi legið á brún Hornbjargs með þvaður bjargfugls í eyrum, hve sólskríkjusöngur neðan úr urðum dalsins var unaðslegur. Þorsteinn Erlingsson kveður vart um sólskríkjusöng í kvæði sínu „Sólskríkjan“ heldur söng skógarþrastar. Báðar raddirnar eru fallegar en þó er söngródd músarrindils fegri. Úr því að ég minnst á þann fugl, þá er rétt að geta þess, að eitt sinn, er ég var á göngu að sumarlagi neðan við Jaðar í Heiðmörk barst til mín söngur músarrindils.

Hvað situr þarna á hárrí nibbu? Rjúpukarri! Hvítflíkróttur. Ekki er hann kominn á hreiðurvörslu strax? Hann tekur sig upp og á lotuflugi svífs og vængjablaks skýst hann til jaðar á hlið við mig og lendir á hlaupum og stefnir að öðrum karra. Báðir láta vængi lafa, reisa sig og rauðu augnabrúnablæðlarnir tútna út í blöðru. Þeir lenda í áflogum. Hlaupast á, höggva hvor til annars með goggnum en gera þó meira að því að flögga upp eins og þeir ætli aftur fyrir sig en með þessu koma þeir betur við klóm fótanna. Góða stund horfi ég á þá. Allt í einu taka þeir á sprett við hlið hvor annars og eftir stutta vegalengd fljúga þeir hvor til sinnar hliðar. Hér munu hafa farið fram erjur um landsvæði. Á göngu minni um Elliðavatnsheiði hafa hlaupið með mér eða flöggað undan mér og á stundum tyllt sér á þúfur heiðlóur og þeirra „dýrðin-dí“ eða „dí-dí“ hefur verið undirleikir allra annarra fuglaradda. Einstaka lóu sá ég fara á ástleitnisflugi og þá gefið frá sér langdregnara „dí-dí“ með áherslu.

Úr því að ég minnstist á þúfu, skyldi þess getið að víða um Heiðmörk getur að líta vænar og vellagaðar fuglaþúfur, sem eru nokkurskonar bautasteinar fuglalífsins.

Ég er kominn í Heykrika og tek stefnu skáhallt yfir holtahryggina tvo, Löngubrekkur og Tungur. Mig langar að heyra einu sinni enn vell í sendlingi en það upplífið ég eitt sinn í júní á þeim slóðum. Sendlingurinn er einn þessara staðfugla, sem eiga sitt stutta far. eru á vetrum í stórhópum í hérlandum fjörum en leita á sumrum upp til heiða - jafnvel háðræfa. Á vetrum berst frá hinum félagslyndu fuglum léttur skvaldrandi en á varpstöðvum vellir hann og það vell lætur ljúfar í eyrum en vell spóans. Er ekki eins klingjandi.

Í þetta sinn var ég ekki eins heppinn. Ég hvorki heyrði hann né sá. Aftur á móti kom ég auga á sandlóur. Þær þekkti ég að því að skjótast í smásprettum í humátt á undan en þessar flugu lágt með jörðu eða skutust upp til þess að flögra niður að melnum eins og láta vel að honum með vængstroku um leið og þær skutust á loft aftur. Mér fannst eins og þær væru nýkomnar til kjörlendisins og væru að heilsa því. Hér voru um allt spóar, heiðlóur og einstaka þúfutittlingur.

Fram undan voru nú Hjallar og var ætlun mín að ganga meðfram þeim til Elliðavatns.

Frá brekkum undir Hjöllum bárust mér raddir skógarþrasta og ofan brúna flugu hrafnar tveir fram og aftur.

Allt í einu bárust mér til eyrna skerandi hljóð í rúnu. Tónarnir líktust oft eins og hljóði, sem næst fram er járnplata er rispuð með eggjárni. Það leyndi sér ekki að þetta voru smyrilsraddir. Eftir nokkra leit með sjónauka mínum kom ég auga á tvo smyrila í flugleik vestur með Hjöllumunum. Tignarlegri sjón er vart unnt að sjá en flugleik ránfugla. Úr því ég minnst á ránfugla er rétt að geta þess í leiðinni að einu sinni hefi ég séð fáka í Heiðmörk að sumarlagi.

Í annað skipti, er ég starfaði að gróðursetningu með nokkrum félögum mínum, heyrðum við mikinn hávaða frá fuglum. Er við gættum að kom úr austri fugl, sem flaug slyttislega og vék léttilega til hliða eða upp og niður á fluginu undan árásum tveggja spóa og eins sílamávs. Hér var brandugla á leið sinni þetta júníkvöld. Fæstir höfðu séð branduglu og nutu sýnarinnar.

Örnefni vestan brúna Hjalla er Arnarbæli. Má vera að sátur össu hafi þar verið meðan hún var láglandisfugl eins og tegundin í raun og veru er. Umferð og ásókn flæmdu örninn upp í kletta og fjallabrunir. Fram undan voru votlendismóarnir kringum Myllulækjarvatn.

Er þangað kom tóku á móti mér smellandi og gjallandi stelkar og upp úr mounum flugu hettumávar.

Hettumávarnir, sem taka sér svarta hettu um framanverðan hausinn í mars-apríl en fella hana á aflíðandi sumri eru ein þeirra 9 fuglategunda, sem á hlýviðrisskeiðinu fluttust hingað úr suðri til varps og sumir árlangt



meðan hánorrænar tegundir t. d. hávella og haftyrdill fluttu sig norður.

Sílamávirinn er einn þessara nýju landnema og hóf snemma varp um holt í Heiðmörk.

Af öðrum mávum heldur veiðibjalla til á Heiðmerkursvæðinu vetur og sumar og klingir þar bjöllum flestu lifandi til ama.

Úr því ég ræði um fugla, sem flestir tengja hafinu, þá er rétt að geta þess að í Hólmsá móts við Raudhóla sá ég eitt sinn tvo fýlunga að haustlagi baða sig af ákefð.

Kríur leita oft inn á mörkina í skordýraleit og fyrir ber að kjói leggi þar um leiðir sínar í unga- eða eggjaleit.

Úr votlendum bárust mér langdregnar raddtrillur lóupræla. Hljóð þessi eru seiðmögnuð og hæfa leynd mýranna, þar sem kellingarvellan lyppast stundum upp af.

Lá nú leiðin fram með vatnsbakkanum að bænum Elliðavatni. Á tveimur stöðum skutust á bylgjuflugi marierlur og létu mikið í sér heyra.

Úti á vatninu voru álfir og upp við landið stökkendur en lengra úti í tveim flotum héldu sig skúfendur og duggendur. Hinar dökkleitu kafendur.

Upp úr flóamýrinni milli Hrauntúnstjarnar og Elliðavatns og allt að Hólmsárósum flugu upp undan mér stökkendur og rauðhöfði, stelkar, jaðrakani og mýrisspýta (hrossagaukur) en á og yfir holtunum beittu lóur og spóar raddfimi sinni.

Eitt sinn síðsumars sá ég í óshólmamýri Hólmsár flórgoða.

Í annað skipti veittist mér sú ánægja að sjá straumönd á Hólmsá með þrjá unga. Hygg ég að hana hafi borið að alla leið ofan úr linda-

drögum við rætur Hengils, því að þar hefi ég orðið var við straumandavarp, en háttur er það þeirrar fuglategundar að verpa eingöngu við lindár lengst upp til fjalla og láta svo ungana berast með straumvötnum til sjávar, þar sem fuglinn leitar vetrarsetu og prýðir með litadýrð steggsins öldufaldana við ströndina og nefnist þá af sumum brimönd.

Á vötnum Heiðmerkur og þá sérstaklega á smátjörnum mýrlendanna má sjá óðinshana við skrifaraíðju sína. Hringsnúningurinn og goggdýfurnar þjóna hvortveggja mataröfluninni. Sama hátterni má sjá til fýla á sjó, er þeir róta upp smáátu.

Slíkar fuglaskoðunarferðir um Heiðmörk sem ég hefi hér sagt frá, vildi ég ráðleggja lesandanum að fara að vor- eða sumarlagi. Enginn staður í nágrenni Reykjavíkur veitir á litlu svæði svo mörg kjörlendi fugla, svo að búast má við að sjá auðveldlega um 30 tegundir.

Ganga um kjörlendi fugla í Heiðmörk á frídögum verslunarmanna veitir ekki eins mikla möguleika til þess að sjá eða heyra í fuglum eins og að vorlagi. Fuglar taka sumarið snemma og halda burtu áður en við mennirnir teljum því lokið.

Fyrstu helgi í ágúst hefi ég átt unaðslega ferð síðdegis um Heiðmörk. Ég naut að sjá rjúpnafjölskyldur læðast niður af heiðinni. Meiri varfærni eða laumulegheit er vart unnt að sjá.

Heyra lómsvæl af vötnunum eða himbrimakall úr lofti eða af vatni eru ógleymanleg hljóð í ljósaskiptunum - eða vera svo heppinn að sjá spóa fljúga þögula í hóp af heiðinni niður yfir Elliðavatn, sem er spegilslétt í kvöldkyrðinni, fylgja hópnum eftir þar sem hann flýgur lágt með vatnsfletinum háttbundið með létum flugdýn og sjá hann svo allt í einu stefna upp á við og taka stefnu í suðvestur yfir Bláfjöll og hverfa - þú hefur séð sumargesti kveðja kjörlendi sitt.

Úr sögu Elliðavatns

*Endurprentað úr bæklingnum „Heiðmörk“ Friðland
Reykvíkinga ofan Elliðavatns, er Skógarleifarfélag Íslands
gaf út 1941*

Þingstaðurinn.

Elliðavatn er ofarlega í Seltjarnarneshreppi og stendur austan við samnefnt vatn. Gagnvart Elliðavatni, hinum megin vatnsins, er jörðin Vatnsendi, en ofan við Elliðavatn er jörðin Hólmur. Út í Elliðavatn sunnanvert gengur ofurlítið nes, sem Þingnes heitir. Geta menn þess til, að þar hafi þingstaður verið í fornöld, enda eru þar margar tættur, sem taldar eru búðarrústir.

Kornyrkja?

Á þrettánda og fjórtánda öld eignaðist Viðeyjarklaustur þessar jarðir að mestu eða öllu leyti. Þá var landsskuld af Elliðavatni ca. 3 vættir mjöls. Verður mjölgjaldið vart skilið á annan veg en að þá hafi akuryrkja verið á Elliðavatni. Þetta gjald er þó niðurfallið árið 1395. Frá því ári eru og til elztu upplýsingar um Hólm. Hann var 30 hndr. að dýrleika. Þá var kirkja á Hólmi, en hún mun hafa lagzt niður snemma á öldum.

Milli Hólms og Elliðavatns stóð áður bær, sem Hrauntún nefndist, og eiga leifar hans að vera rjett við Gvendarbrunna.

Konungjarðir - Kolagerð.

Jarðir þessar munu allar hafa komizt undir konung við siðaskiptin, og þegar konungsvaldið færirst í aukana, sýna fógétareikningar kvaðir þær og leigur, sem hvíldu á jörðunum. Árin 1547-1552 eru jarðirnar 3, Elliðavatn, Hólmur og Vatnsendi, taldar konungseign. Afgjald hvernar þeirra er tíu aurar í fríðu og 12 tunnur viðarkola árlega. Af því hlýtur að vera ljóst, að allmikill skógur mun hafa verið á þessum jörðum, því að 36 tunnur kola eru eigi fáir hestburðir af viði. Auk þeirra kola sem fóru til fógétanna á Bessastöðum, munu bændur úr næstu sveitum hafa aflað sér viðarkola í skógi þessara jarða.

Skógurinn þverr.

Skógi á jörðum þessum mun hafa farið all-mjög aftur fram til þess, að jarðabók Árna og Páls var saman tekin, því þá var landskuldin 100 álnir af hverri jörð og auk þess 8 tunnur af kolum. Þess er getið, að kolatunnurnar hafi verið færðar úr 12 tunnnum niður í 8 tunnur „fyrir þá orsök, að skógarnir eyddust svo mjög, að bændur gátu ekki meira orkað en nú gelzt“. Enda virðast skógarleifar jarðanna orðnar ærið lítilfjörlegar. Á Vatnsenda er talið „hrís af reytingi erfitt, brúkast til kolagerðar og eldiviðar“, á Elliðavatni „rifhrís til eldiviðar og kolagerðar, en fer mjög í þurrð, og er undir eyðingu komið“. Lakast er það á Hólmi, þar er að vísu hrísrif ennþá, „sem brúkast til eldiviðar og svo naumlega, að jörðin þarf hristak af öðrum að þiggja“. Skógarleifar jarðanna hafa þó án efa verið all miklu betri en jarðabókin lýsir þeim, því að annars verður varla skilið, hvernig ábúendur jarðanna geta brennt 24 tunnur kola á hverju ári.

Skógarmannagötur.

Úr skóglendinu sunnan Elliðavatns liggja gamlar götur upp í Mosfellssveit í áttina til Kjalarness, sem Skógarmannagötur heita. Sagan hermír, að bændur í Mosfellssveit og á Kjalarnesi hafi um langt skeið sótt öll viðarkol suður í lönd Elliðavatns, Hólms og Vatnsenda.

Fjárkláðinn og skógurinn.

Um það leyti er jarðabókin var rituð var fremur lítill búskapur á jörðum þessum, svo sem eðlilegt er þegar ábúendur jarðanna voru þíndir og kvaldir með ótrúlegustu kvöðum valdsmannanna á Bessastöðum. En á fimmta og sjötta tug átjándu aldar fer Elliðavatn að koma við búnaðarsögu landsins, því að þá var þar sett upp sauðfjárræktarbú og um

skeið var þar allmargt sauðfé. Árið 1761 barst þangað fjárkláðinn mikli. Endalokin urðu þau, að árið 1778 var allt sauðfé í Gullbringu- og Kjósarsýslu skorið niður og upprætt til þess að útrýma fjárkláðanum. Næstu árin þar á eftir mun skóglendið á Hólmi og Elliðavatni hafa rjett allmjög við, sakir friðar þess, er það naut um tíma.

Höfuðból.

Árið 1812 selur konungur Páli Jónssyni klausturhaldara Elliðavatn ásamt 2 kúgildum. Kaupverðið var 639 ríkisdalir og 81 skildingur. Litlu síðar mun Páll hafa keypt Vatnsenda, en hann var seldur, ásamt 4 kúgildum, á 1384 ríkisdali. Þessar jarðir hafa síðan verið í eigu einstakra manna, þangað til Reykjavíkurbær keypti Elliðavatn, en Hólmur er ennþá þjóðjörð. Á jörðum þessum hefur oft verið búið með mikilli rausn á öldinni sem leið. Áhöfn hefur því oft verið mikil og örtröðin í Elliðavatsheiðinni og Hólmskrauni farið í vöxt, eftir því sem á öldina leið.

Næstur á eftir Páli klausturhaldara bjó Jón hreppstjóri Jónsson á Elliðavatni, fram til 1859, en að honum önduðum settist Benedikt Sveinsson, yfirdómari, að á Elliðavatni, og bjó hann þar fram til 1876. Síðan hafa ýmsir búið þar, en fáir um langt skeið.

Útigangur og örtröð.

Eftir að Rafveita Reykjavíkur keypti jörðina, hefur núverandi ábúandi leigt hluta af henni fjáreignum úr Reykjavík, og hefur áhöfnin undanfarin ár verið þessi: 1938, 308 kindur; 1939, 310 kindur; 1940, 360 kindur. Fje þessu hefur að miklu leyti verið ætlað að lifa á útigangi í Elliðavatsheiðinni og hraunum þar suður af. Enda er nú svo komið, að Elliðavatsheiðin stórskemmist af uppblæstri á hverju ári. Í hvassviðri standa moldarstrókarinn úr öllum börðum og rofum. Kjarrið hefur færzt nokkuð í vöxt er sauðahald lagðist niður á jörðunum í nágrenninu, jafnframt

því sem menn tóku að gefa fje meira inni en áður. En á allra síðustu árum hefur kjarriinu farið stórkostlega aftur, einkum í nánd við Elliðavatn. Verði framhald á sauðfjárbúskap á Elliðavatni með sama sniði og verið hefur, er ekki annað fyrirsjáanlegt en að landið stórskemmist og eyðist mjög þegar á næstu árum.

Almenningur og sumarskemmtistaður.

Skógarleifarnar í landi Hólms, Elliðavats og Vatnsenda eru einu kjarleifarnar, sem nokkuð kveður að í nágrenni Reykjavíkur. Landslag á þessum slóðum er víða undur fagurt. Bæjarbúa skortir tilfinnanlega almenning, friðsælan stað, þar sem þeir geta varið frístundum sínum. Reykjavíkurbær á Elliðavatn og honum hefur boðizt endurgjaldslífið mikil spilda úr Hólmskrauni, þar sem mestu skógarleifarnar eru. Skógarkjarrið á þessum slóðum mundi taka miklum framförum og verða að skógi, ef friðunar nyti við. Það hlýtur því að vera áhugamál allra bæjarbúa, að hafizt verði handa um friðun þessa lands, og landið jafnframt gert að sumarskemmtistað handa bæjarbúum.

Allt er þá þrennt er.

Árið 1909 var vatn leitt úr Gvendarbrunnum í Hólmslandi til Reykjavíkur. Síðan hafa Reykvíkingar teygð af þeirri heilsulind. Árið 1921 voru Elliðaár beizlaðar og rafmagn leitt til Reykjavíkur. Um langt skeið var vatnið úr landi áður nefndra þriggja jarða aðalljósgjafi Reykvíkinga.

Væri nú vel til fallið að greiða nokkra vexti af þessum fríðindum með því að friða landið árið 1941, svo að komandi kynslóðir Reykvíkinga megi teyga að sjer ilminn og svalandi blæinn úr „lundi nýrra skóga“.

(Hinar sögulegu heimildir hjer að framan eru úr óprentaðri ritgerð eftir Einar E. Sæmundsen skógarvörð, um Elliðavatn og sögu þess.)

Skinnsveppir og skrápsveppir

Skinnsveppirnir (Stereum eða *Stereaceae*) vaxa á trjám eins og *sáldsveppirnir, (Polyporaceae)*, sem lýst var í Skógræktarritinu árið 1966. Þeir eru að lögun eins og óreglulegir, skinnkenndir blettir, fastvaxnir að mestu við undirlagið, en brettast þó jafnan dálítið upp á jöðrunum, einkum þeim sem upp snýr á trénu, og mynda þar dálítill skellaga hattbörð. Stundum eru börðin í mörgum „hæðum“ hvert upp af öðru á sama aldininu, líkt og skóflur á mylluhjóli, og verða þá meira áberandi en aldinflöturinn. Á efra borðinu eru börðin oft þakin hárstíri, og stundum eru þar greinileg belti í hárgerðinni, en á neðra borðinu eru þau þakin af gróbeðnum (hymenium), eins og fastvaxni hlutinn. Gróbeðurinn er sléttur eða því sem næst, oft með áberandi litum, gulum, brúnum eða fjólubláum, og breytir stundum litum við snertingu. Þótt aldin skinnsveppanna sé oftast ekki nema fáir millimetrar á þykkt, er það samt mjög seigt, líkt og leður væri. Stafar það einkum af miðlaginu, sem er milli yfirborðslagsins og gróbeðsins, en það er mjög þéttofið og leðurkennt.

Skinnsveppirnir teljast til *stilkgróunga* eða *basíðusveppa (Basidiomycetes)*, þeirrar deildar sem kallast *beðsveppir (Hymenomycetes)* en þar til teljast einnig *hattsveppir (Agaricales)*, *sáldsveppir (Polyporaceae)*, *broddsveppir (Hydnaceae)*, *kóralsveppir (Clavariaceae)*, auk ýmissa smærri flokka. Skinnsveppir, sáldsveppir, broddsveppir, kóralsveppir o. fl. eru oft kallaðir einu nafni *hattleysingjar (Aphylliphorales)* til aðgreiningar frá hattsveppunum, sem hafa reglulegan hatt með fönum (blöðum) eða rörum á neðra borði.

Auðvelt er að þekkja skinnsveppina frá öðrum hattleysingjum á því að gróbeðurinn er sléttur, en ekki með holum, broddum eða rifjum, eins og hjá hinum flokkunum. Reyndar eru samt nokkrir aðrir smáflokkar sveppa með

sléttan gróbeð, t. d. *skænisveppirnir (Corticium)*, sem líka vaxa á trjám, og mynda þar þunna himnu eða skæni, sem er mun þynnra og ekki eins leðurkennt og hjá skinnsveppum.

Oftast vaxa skinnsveppirnir á stubbum eftir höggvin tré, eða á föllnum trjábolum, en þeir koma líka fyrir á lifandi trjám, sem farin eru að feyskjast. Talið er að sumar tegundir skinnsveppa geti valdið fúa í trjám, og ein tegund (*Stereum sanguinolentum*) er jafnvel talin með hættulegustu sjúkdómssveppum í trjám. Elstu heimildir um skinnsveppi á Íslandi eru hjá Emil Rostrup 1903, en hann telur þrjár tegundir: *Stereum hirsutum*, *Stereum corticosum* („vorticosum“ er prentvilla) (= *St. purpureum*) og *Stereum tuberculatum* (= *St. murrai*), allar eftir eintökum, sem Ólafur Davíðsson hefur safnað, nær eingöngu í Hálsskógi í Fnjóskadal.

Poul Larsen, 1932, telur sömu tegundirnar eftir heimild Rostrups, en bætir við *Stereum rugosum*, sem er eina tegundin, sem hann virðist hafa fundið sjálfur.

Jörstad, 1962, getur tegundanna *St. purpureum*, og *St. rugosum*, og loks geta þau Finn og Helga Roll-Hansen, 1972-73, um sömu tegundir, og bæta við *Stereum sanguinolentum*. Samkvæmt þessum heimildum hafa þá fundist alls 5 tegundir skinnsveppa á Íslandi. Sennilega eru þær þó eitthvað færri, því *St. murrai* hefur ekki fundist hér á síðari tímum, og verður því að teljast vafasamur.

Í nýjustu fræðibókum er ættkvíslinni *Stereum* skipt niður í nokkrar smærri einingar (*Stereum*, *Chondrostereum*, *Cystostereum* o. fl.), en þar er farið eftir ýmsum smásæjum einkennum. Ekki þykir ástæða til að fara nánar út í þessa skiptingu hér.

Íslensku skinnsveppategundirnar má aðgreina þannig:

- A Aldinið þykkt, margært, skorpulaga,
 barðlaust *St. rugosum*
- B Aldinið þunnt, einært, oftast með
 börðum
- a) Gróbeðurinn dimmrauður til fjólublár
 *St. purpureum*
- b) Gróbeðurinn gulur eða gulbrúnn
 x) Gróbeðurinn roðnar við snertingu. Á barrtrjám.
St. sanguinolentum.
 y) Gróbeðurinn roðnar ekki. Á lauftrjám. *St.*
hirsutum.

Stereum rugosum (Pers. ex Fr.) Fr. (hrúðurskinni eða skorpuskinni).

Aldinið skorpulaga, óreglulega lagað, allt að 10 cm í þvermál, að mestu fastvaxið undirlaginu, nema blábrúnirnar, sem brettast ofurlítið upp, svo aldinið verður stundum dálítið skállaga. Á ungum sveppum eru brúnirnar ljósbrúnar, með finum ljósum hárum, en verða gráar eða grábrúnar og hárlausar. Á gömlum sveppum eru þær alltaf greinilega lagskiptar, sem svarar til árafjöldans. Sem sveppurinn hefur lifað. (Hann virðist brettast því meir sem hann eldist, og losnar að lokum að mestu frá undirlaginu). Gróbeðurinn í fyrstu ljósgrár-grágulur, líkt og döggaður, verður síðan gulbrúnn, brúnn eða grábrúnn, með smáhnökrum eða vörtum, oft sprunginn, fær rauða bletti við þrýsting (líkt og *St. sanguinolentum*), oft dálítið rauðleitur á þurrkuðum eintökum. Í fersku ástandi er sveppurinn eins og mjúkt leður, en stífur og korkkenndur eftir þurrkun. Gróin aflöng, sívöl, snubbótt, 8-12 (14) μ lengd og 3-5 (6) μ á breidd.

Tegund þessi er auðþekkt frá öðrum skinnsvæppum á fyrrgreindum einkennum. Hann vex langofast á stubbum, eða hálfþunnum stofnum og greinum, sem liggja í skógsverðinum, en hefur líka fundist á lifandi trjám, t.d. í Vaglaskógi (sbr. 1. mynd).

Stereum rugosum er efallaust algengasta skinnsvæppstegund landsins. Hann hefur fundist í skógum og kjarrlendi í öllum landshlutum. Þótt Rostrup (1903) geti tegundarinnar ekki, þá hefur Ólafur Davíðsson safnað henni í Hálskógi. 11. sept. 1900. Er það eintak í grasasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands, greint sem *St. hirsutum*.

Tegund þessi veldur töluverðum skaða á eik



Stereum rugosum (skorpuskinni) á gömlu birkitré í Vaglaskógi, sumarið 1962. Ljós.: H. Hg.

í Mið-Evrópu, og framkallar gjarnan stórar „hnútur“ á henni, og lítar jafnframt viðinn í grennd við hnútuna. Slík hnútumyndun er vel þekkt á birki hérlendis, en ekki er vitað með vissu hvaða sveppur veldur henni.

Stereum hirsutum (Willd. ex Fr.) Gray. (Strýskinni).

Aldinið m.e.m. barðlaga, oftast með mörgum skellaga börðum, sem leggjast eins og þakflögur hvert yfir annað, leðurkennt. Efra borðið strýhært, oft með beltum, gulbrúnt eða grábrúnt, oft gult á brúninni. Gróbeðurinn sléttur, fyrst gulur eða rauðgulur, síðan gulbrúnn, brúnn-gulgrár. Gróin aflöng-sporbaugótt, 5-8 μ á lengd og 2,5-3 μ á breidd. Með þumlum (kystidiae).

Vex nær eingöngu á stubbum eða lúnum lurkum. Getið hédan um aldamótin af E.



Stereum purpureum (purpuraskinni) á birkistubb í Vaglaskógi, sumarið 1961. Ljós.: H. Hg.

Rostrup frá Möðruvöllum, Hálsskógi og Húsafellsskógi. Þeir sem síðar hafa safnað hér sveppum hafa ekki fundið hann, heldur aðeins *St. purpureum*, en þessar tegundir geta verið mjög líkar, og því sennilegt, að eitthvað af fyrrnefndum fundum eigi við þá tegund. Sjálfur hallast ég að því, að báðar tegundirnar séu hér til, enda hafa nokkur eintök, sem ég hef safnað í Vaglaskógi, Hallormsstaðarskógi og Lystigarðinum á Akureyri ýmis greinileg *hirsutum*-einkenni, án þess þó að vera óyggjandi sú tegund.

Talið er að *St. hirsutum* geti valdið fúa í særðum trjám og viði af lauftrjám. Ekki er vitað um skaða af völdum hans hér.

Stereum purpureum (Pers. ex Fr.) Fr. (fjóluskinni, purpuraskinni) (= *Chondrostereum purpureum* (Pers. ex Fr.) Pouz. = *St. corticosum* (Fr.) Fr.).

Mjög líkur undanfarandi tegund, nema ekki eins leðurkenndur (oft talinn fremur brjóskkenndur), börðin þéttari og meira þaklögð, hárin á efra borðinu samfelldari, vattkennd, ljósgrá eða brúnleit, með ógreinilegum beltum. Gróbeðurinn sléttur, fjólublár-purpurarauður á ungum eintökum, en gulbrúnn eða bleikur á gömlum. Gróin 6-10 μ á lengd, og 3-5 μ á breidd. Eins og undanfarandi tegund vex *St. purpureum* hér eingöngu á stubbum, bæði á barkfletinum (hliðunum) og á við-

arfletinum að ofan. Hann er oft mjög áberandi, t.d. í Vaglaskógi, en þar mun hann hafa fundist fyrst, eða um aldamótin af Ólafi Davíðssyni (Rostrup 1903 undir nafninu *St. „vorticolum“*), og síðan hafa flestir sveppamenn fundið hann þar. Hann hefur einnig fundist í Fellsskógi í Kinn í S.-Þing., og líklega einnig á Hallormsstað (H. Hg. 1960), og í gördum á Akureyri, en ekki er vitað um hann á Suður eða Vesturlandi.

St. purpureum er einkum þekktur fyrir að valda svonefndu „silfurgliti“ á blöðum ýmissa trjategunda og runna, en það lýsir sér þannig, að blöðin gulna ofurlítið en fá síðan sérkennilegt málmkennt glit, sem minnir á blý eða silfur. Stafar þetta af því að húðlagið lyftist frá frumunum sem undir eru og innihalda grænkornin, svo fram kemur ljósbrot í blöðunum. Tré sem hafa þennan sjúkdóm eru oftast m.e.m. brúnlitnið inni í bolnum, af efnaskiptum sveppsins, án þess þó að um sé að ræða fúa í þeim.

Stereum sanguinolentum (Alb. & Schw. ex Fr.) Fr. (dreyraskinni).

Myndar þunnar, brúnleitar skorpur eða smábörð á stubbum og stofnum af barrtrjám. Börðin brún eða grábrún á efra borði, með aðlægum hárum, sem oft mynda belt. Gróbeðurinn sléttur, grágulur-gulbrúnn eða brúnn, litast



Radulum orbiculare
(skrápsveppur).
Ljós. m.: H. Hg.

blóðrauður við þrýsting eða skerðingu. Gróin 6-9 x 3-5 μ .

Líkist oft *St. rugosum* allmikið, en þekktist frá honum bæði á vaxtarstaðnum (barrtré) og mun þynnri gerð, enda er hann talinn einær. Hérlendis hefur hann aðeins fundist á furu í gömlum trjáreit við Grund í Eyjafirði (H. og Roll-Hansen, 1972-73).

St. sanguinolentum er kunnur að því að valda toppskemmdum (toppfúa, norska: topprâte) í barrviðum, einkum rauðgreni, í Skandinavíu. Er talið að hann leiti í ýmiss konar sár á trjámum, t. d. toppbrot af völdum snjóa. Einnig getur hann lagst á felldan barrvið, og valdið litum og e.t.v. fúa í honum.

Um skaða af hans völdum hér á landi hefur ekki frést, enda líklegt að hann hafi enn mjög litla útbreiðslu.

Stereum murrayi (Berk. et Curt) Burt. (= *Cystostereum murrayi* (B. et C.) Pouz.) (= *St. tuberosum* Fr.).

Hans er getið héðan af Rostrup 1903 (*St. tuberosum*) frá Hálskkógi í Fnjóskadal. Eintak þetta er til í grasasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík. Ég hef skoðað það, en ekki getað fengið staðfestingu á því, að um þessa tegund sé að ræða, né heldur aðrar tegundir, sem héðan eru þekktar, enda er það í meira lagi torkennilegt.

Skrápsveppirnir (*Radulaceae*) einkennast af því að yfirborð gróbeðsins er alþakið tönnum eða vörtum og minnir því ekki alllitið á hákarlsskráp, en á sumum tegundum eru rif eða garðar á gróbeðnum. Annars er sveppurinn skóflaga, allur m.e.m. fastvaxinn við undirlagið, sem er vanalega trjástofnar eða stubbar af trjám.

Að sumu leyti minna skrápsveppirnir á *broddsveppina* (*Hydnaceae*), en tennurnar eru þó aldrei eins reglulega lagaðar, og skrápsveppirnir mynda aldrei neins konar hatta eins og broddsveppir.

Þetta er fremur fábreytilegur flokkur með fáum ættkvíslum, en tvær þeirra eru til hér á landi, og hvor með aðeins einni tegund, þ. e. *Radulum orbiculare* og *Phlebia radiata*.

Radulum orbiculare Fr. (= *Radulum radula* (Fr.) Lunc & Gill. = *Hyphoderma radula* (Fr.) Donk.).

Hann myndar ljósgular eða gulbrúnar, m.e.m. hringlaga skellur, sem eru nokkrir cm að þvermáli, alsettar smátrjónum eða tönnum, sem eru m.e.m. óreglulegar, um 2-3 mm háar, og sitja oftast þétt saman í nokkuð afmörkuðum reitum.

Skrápsveppurinn vex nær alltaf á hálfvönum stofnum eða trjágreinum, sem liggja niðri í skógsverðinum, og venjulega á neðra borði þeirra, en kemur einnig fyrir á dauðum grein-

um á lifandi trjám, og á stubbum. Ekki er hann talinn meðal þeirra sveppa sem valda tjóni.

Sveppsins er fyrst getið héðan af E. Rostrup, 1903, eftir eintökum úr Hálskógi, sem Ólafur Davíðsson hefur safnað þar. Síðan hefur hann fundist á ýmsum stöðum á landinu, og í öllum landshlutum. Má því ætla að hann sé algengur í skóg- og kjarrlendi um allt landið.

Phlebia radiata Fr. (geislasveppur).

Hann myndar vaxkenndar, bleikar-rauðgular skellur með lágum geislalægum, bylgjóttum hryggjum eða rifjum. Vex oftast á stubbum eftir höggvin tré, nær alltaf á höggfletinum, kemur einnig fyrir á hálfvunum greinum, sem liggja niðri, og jafnvel á skófum og mosa, í grennd við þær. Sveppurinn er oft mjög áberandi vegna lit-

arins. Hann er ekki heldur talinn með fúasveppum. Getið af Rostrup 1903 og Larsen 1932, frá nokkrum stöðum. Hef fundið hann í Vaglaskógi, þar sem hann virðist algengur.

Að lokum skal hér getið einnar tegundar af *skænisveppaættinni* (*Corticaceae*), en það er *Gloeopeniophora incarnata* (Pers.) v. H. et L. Hún myndar þunnar, gulbrúnar, skinnkenndar, smáhnökróttar skellur á stubbum og stofnum, þekkest best frá *Corticium* og *Stereum* á því að hafa sérkennilegar, oddmjóar og broddóttar þumlar (kystidae) í gróbeðnum, sem sjást greinilega í góðri smásjá. Sveppsins er getið af Rostrup 1903 og hefur síðan fundist á ýmsum stöðum í ýmsum landshlutum. Sjálfur hef ég fundið hann í Gróðrarstöðinni á Akureyri,

Summary

Icelandic species of Stereaceae and Radulaceae

Of the genus *Stereum* Fr. the following species have been found in Iceland: *St. rugosum*, *St. hirsutum*, *St. purpureum* and *St. sanguinolentum*. *Stereum rugosum* is a common species in the birch copses all over the country.

St. hirsutum and *St. purpureum* have been recorded from the North and the East, and *St. sanguinolentum* only from a park in Eyjafjörður, growing on *Pinus* sp.

The occurrence of *Stereum murrayi* has been reported by Rostrup 1903, but the collection seems to be another species.

Radulum orbiculare is of common occurrence and *Phlebia radiata* has been found in some places.

Heimildir

Ferdinandsen, C. og C. A. Jörgensen: Skovtræernes Sygdomme. Kh. 1938-39.

Larsen, P.: Fungi of Iceland. Botany of Iceland. Vol. 2, part 3. Kh. 1932.

Lindau, G.: Die höheren Pilze. Kryptogamenflora für Anfänger. Bd, 1. Berlin 1928.

Roll-Hansen, Finn og Helga: Stutt yfirlit um nokkra trjásjúkdóma og fúasveppi á Íslandi, Ársrit Skógræktarfélags Ísl. 1972- 73,

Rostrup. E.: Islands Svampe. Botanisk Tidsskrift, 25, Bd. 1903.

LEIÐRÉTTING

Í síðasta ársriti féll niður í efnisyfirliti vísun til efnis á bls. 70, en það fjallar um Skipulags-

skrá fyrir skruðgarðssjóð Aragerðis í Vogum. Lesendur eru vinsamlega beðnir velvirðingar á þessu.

Ritsj.

Vaxtarmælingar á lerki í Hallormsstaðaskógi vorið 1974

Mælingar.

Nákvæmar vaxtarmælingar á barrtrjám hér á landi eru af mjög skornum skammti. Þetta stafar fyrst og fremst af því, að fram undir 1950 var lítið gróðursett, oftast tiltölulega fá tré á hverjum stað, þannig að ekki er hægt að leggja undir nægilega stóra mælifleti til að þeir gefi nákvæmar upplýsingar um viðarmagnsvöxt. Undantekning frá þessu er lerkið í Guttormslundi, sem var gróðursett 1938, en þar er lerki á um 0.6 ha lands. Reitur þessi hefur verið mældur á h.u.b. þriggja ára fresti síðan 1953, en þá var hann fyrst grísjaður. Niðurstöður þeirra mælinga hafa a.m.k. tvisvar verið birtar hér í Ársritinu (Blöndal, S. 1953, 1957).

Saga þessa lerkireits er vel þekkt, svo ég sé

ekki ástæðu til að rekja hana að nýju (Pálsson, G. 1947 og Bjarnason, H. 1957). Árið 1952 var afmarkaður í Guttormslundi 1000 m² flötur til vaxtarmælinga, og hafa trén á honum síðan verið mæld þriðja hvert ár, eins og fyrr segir, og var síðasta mæling gerð 1974. Var lerkið þá 36 ára gamalt frá gróðursetningu eða 41 árs frá sáningu. Sama mælingaraðferð hefur verið notuð frá upphafi, þ.e.a.s. að þvermál er mælt í 1.3 m hæð frá jörðu (brjóst-hæð) fyrir hvert tré og einnig hæð hvers trés. Viðarmagnið og árlegur viðarvöxtur voru reiknuð út eftir norskum formtölum fyrir japanskt lerki, og hafa þessar formtölur verið notaðar síðan, sakir skorts á hlíðstæðum tölum fyrir síberfulerki. Allar niðurstöðutölur eru umreiknaðar á ha og eru þær birtar í eftirfarandi töflum.

TAFLA 1. Stærðafylki gróðursess í Guttormslundi, Hallormsstaðaskógi, vorið 1974. Tölur eru á milli- og milli-árum. Allar tölur umreiknaðar á ha.


Stærðafylki af árkennilegum þróunarskilyrðum í Hallormsstaðaskógi

Ár	Stærðafylki (Stærðafylki)						Tölur (Tölur)					
	Stærðafylki	Stærðafylki	Stærðafylki	Stærðafylki	Stærðafylki	Stærðafylki	Tölur	Tölur	Tölur	Tölur	Tölur	Tölur
1953	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1954	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1955	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1956	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1957	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1958	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1959	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1960	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1961	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1962	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1963	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1964	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1965	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1966	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1967	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1968	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1969	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1970	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1971	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1972	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1973	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100
1974	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Leiðrétting


Vegna mistaka í prentsmiðju komu ekki með í prentun tvö línurit, sem fylgja áttu grein Þórarins Benedikz á bls. 56. Lesendur eru beðnir velvirðingar á þessu.

Due to a printer's error figures 1 & 2 in the article 'Volume measurement on larch at Hallormsstaður forest' page 56 were omitted.



Mynd 11.1
Töluvæðingur vöðuvæðna álfralands í Gammalstovu. Töluvæðing frá 25 til 60 ára aldri og álfur vöðuvæðna í 60 ára aldri. (Tölur vöðuvæðna í 60 ára aldri eru áætlaðar út frá álfur vöðuvæðna í 25 ára aldri.)

— vöðuvæðingur, 25 ára aldri, vöðuvæðna í 60 ára aldri
● vöðuvæðingur, 60 ára aldri, vöðuvæðna í 60 ára aldri
(Tölur vöðuvæðna í 60 ára aldri eru áætlaðar út frá álfur vöðuvæðna í 25 ára aldri.)



Línurit 2.

Meðal árlegur viðarvöxtur (m.á.v.) á ha eftir aldri Síberíulerkis í Guttormslundi, Hallormsstað samkv. mælingum við 15-36 ára aldur og áætlaður meðalársvöxtur til 60 ára. (*Mean annual increment against age*).

Grisjun.

Tilraunareiturinn hefur verið grisjaður af a.m.k. fimm mönnum, og af þeim sökum hefur grisjunin mótast meir af persónulegu mati en einhverju ákveðnu kerfi. Þetta er afar skiljanlegt, þar sem hér voru ekki fyrir hendi fyrri mælingar til að styðjast við. Af töflu 2 má lesa, að grisjunarstyrkleiki hefur verið afar misjafn. Þá er einnig greinilegt, að þótt grisjanirnar hafi verið gerðar með stuttu millibili, þá hefur grisjunarstyrkleikinn oftast verið mun minni en áætlað var og talið er heppilegt. Af þessu leiddi að við 33 ára aldur stóð lerkid of þétt og svaraði ekki grisjun, þótt grisjað væri mikið 1971, ef til vill of mikið.

TAFLA 2.

Grisjunarstyrkleiki í Gutturmslundu (Thinning strengths applied to the p 38 larch stand)					
Aldur (Age)	2 m ³	3 m ³	4 %	5 m ³	6 %
15	40.0	2.0	5.0	40.0	5.0
18	87.8				
22	124.5	29.5	23.7	86.5	34.1
24	121.0	29.0	24.0	26.0	94.2
27	121.9	14.8	12.1	29.9	49.5
30	131.2	7.5	5.7	~1.7	34.6
33	144.3	31.1	21.6	23.0	135.2
36	126.8	1.9	3.6	13.6	36.6

Skýringar með töflu 2.

- 2) Standandi viðarmagn fyrir grisjun (Standing volume before thinning)
- 3) Fellt viðarmagn (Thinning volume)
- 4) Fellt viðarmagn, sem % af standandi viðarmagni (Thinning volume as percentage of standing volume)
- 5) Viðarvöxtur milli grisjana (Volume production between thinning)
- 6) Fellt viðarmagn sem % af viðarvexti milli grisjana (Thinning volume as a percentage of volume production between thinning).

Einnig er því miður ekki hægt að skýra orsökina fyrir því, hvort trjákrónur hafi ofskerst vegna þess, hve lerkid stóð þétt eða vegna kólnandi veðurfars, samfara sköðum af völdum sveppasjúkdóms. En sennilega hafa öll þessi atriði átt sinn þátt í vaxtarferli lerkisins, þannig að þar sem trén stóðu of þétt, urðu trjákrónurnar umfangslitlar og þar af leiðandi minni viðarvöxtur og meiri hætta á stöðnun í vexti. Við slík skilyrði er einnig meiri hætta

á að trén skaðist vegna núnings og pískunar hvors frá öðru, en það eykur líkurnar fyrir smithættu af völdum *Douglasátu* (*Potrebniamyces coniferarum*).

Eins og sjá má af töflu 1. og línuriti 1. og 2. hefur lerkid náð hámarki í viðarvexti við 33-34 ára aldur, en þá var árlegur viðarauki ca. 7 m³ á ha. Árlegur meðalviðarvöxtur virðist nú fara minnkandi, en fleiri mælingar þarf til að fá staðfestingu á þessu. Engu að síður hefur lerkid tekið öðrum og meiri vexti en spáð var fyrir eftir þrjár fyrstu mælingarnar (Línurit 1. og S. Blöndal 1964). Þannig hefur vöxtur þess verið örari framan af, en það hins vegar náð fyrr hámarki í árlegum meðalviðarvexti en búist var við. Ýmsar skýringar á þessu koma til greina.

Á árunum 1964-1971 var veðurfar mun kaldara en á tímabilinu 1938-1963, og hefur kuldatímabilið áreiðanlega dregið úr vexti lerkisins. Því er enn möguleiki á að vöxtur aukist, ef veðurfar fer batnandi. Við þetta er að bæta, að lerkid varð fyrir töluverðu veðurfarslegu áfalli á árunum 1964-1966. Í maímánuði 1964 skemmdist lerkid nokkuð af völdum frosts og óveðurs, eftir að það hafði laufgast. Af þessum sökum voru trén gul og rýtgjuleg allt sumarið. Um mitt sumar 1966 gerði mikinn storm og olli hann töluverðum skemmdum. á lerkinu. Beinir afleiðingar af þessum illviðrum urðu þær, að lerkid smitaðist illa af *Douglasátusveppnum*, og krónur þess minnkuðu allverulega við að greinar og trjátoppar dóu. Lerkid var alveg búið að jafna sig af þessum áföllum 1971, en varð aftur fyrir spjöllum af völdum *Douglasátu* 1972, sennilega vegna sumarfrests árið 1971. Við þetta má bæta, að lerkid er mjög ljóselsk trjátegund og þarf á að halda stórrí trjákrónu til að ná góðum vexti.

Lokaorð.

Þær mælingar, sem hér eru birtar, eru þær fyrstu hérlendis, sem gefa nákvæmt yfirlit um vöxt skógarteigs. Að sjálfsögðu gilda þær fyrst og fremst fyrir lerkid í Gutturmslundu, en samt sem áður gefa þær mynd af möguleikum á vexti *Síberíulerkisins*, þar sem vaxtarskilyrði eru svipuð. Mælingar geta því orðið til

hjálpur við að reikna út timburframleiðslu lerkis, þar sem það nær álfka vexti og í hinum mældu reitum. Augljóst er, að gildi mælinganna er takmarkað, aðallega fyrir þá sök að ekki er unnt að aðskilja áhrif veðurfars á vöxt lerkisins frá öðrum vaxtarþáttum. Því getur verið varasamt að nota niðurstöður mælinganna til að spá fyrir um vöxt lerkis á öðrum stöðum með nokkurri vissu. Eins og er, eru fáar aðrar hérlandar vaxtarmælingar til samanburðar. En séu þær bornar saman við Guttormslundarlerkið, á líkum aldri, kemur í ljós að lerkið hefur hvergi náð jafngóðum vexti og í Guttormslundi.

Á öðrum stöðum, þar sem vaxtarmælingar hafa verið gerðar, er að sjálfsgöðu heldur ekki mögulegt að aðskilja áhrif veðurfars frá öðrum vaxtarþáttum, t.d. hefur lerkið víðast hvar vaxið upp í öðruvísi gróðurlendum en í Guttormslundi. Flestir yngri reitanna eru á

mólendi eða blómlendi með bláberjalynghi, en í Guttormslundi er undirgróður aðallega reyrgresi með blómjurtum. Síðarnefnda gróðurhverfið hefur reynst mjög heppilegt fyrir vöxt birkis á Hallormsstað (Ragnarsson, H. og Steindórssón, S. 1973) og virðist einnig henta lerki mjög vel.

Þá geta vaxtarmælingarnar gefið vísbendingu um, hvernig heppilegast sé að grisja lerkið. Erlendis gilda vissar aðalreglur um grisjun hinna ýmsu trjategunda, þ.e.a.s. að visst viðarmagn er felld við tiltekinn aldur á vaxtarskeiðinu. Í Bretlandi er t. d. felld allt að 60-70% viðarmagns aukans við hverja grisjun. (Christie & Johnston 1966). Þær tölur, sem hér eru gefnar upp um grisjunarstyrkleika í Guttormslundi, gætu því skoðast sem tilraun til að gera sér hugmynd um, hvernig byggja mætti upp grisjunarkerfi fyrir lerki, sem hentaði íslenskum aðstæðum.

Fig. 1. Væðingarmælingar á vaxtarþáttum í Guttormslundi og í Fagildinni (Ragnarsson og Steindórssón, 1973) á blómjurtum, bláberjalynghum og reyrgresi.

Væðingarmælingar	Blómjurtir						Bláberjalynghi	
	Álfka væðing	Blómjurtir væðing	Bláberjalynghi væðing	Reyrgresi væðing	Blómjurtir væðing	Bláberjalynghi væðing	Blómjurtir væðing	Bláberjalynghi væðing
Blómjurtir (100%)	91	100	80	90	90	90	100	90
Bláberjalynghi (100%)	91	100	100	100	100	100	100	100
Reyrgresi (100%)	91	100	100	100	100	100	100	100
Væðingarmælingar (100%)	91	100	100	100	100	100	100	100
Blómjurtir (I)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (II)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (III)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (IV)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (V)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (VI)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (VII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (VIII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (IX)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (X)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XI)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XIII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XIV)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XV)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XVI)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XVII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XVIII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XIX)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XX)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXI)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXIII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXIV)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXV)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXVI)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXVII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXVIII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXIX)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXX)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXXI)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXXII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXXIII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXXIV)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXXV)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXXVI)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXXVII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXXVIII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XXXIX)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XL)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XLI)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XLII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XLIII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XLIV)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XLV)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XLVI)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XLVII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XLVIII)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (XLIX)	91	100	80	90	90	90	100	90
Blómjurtir (L)	91	100	80	90	90	90	100	90

Summary

Volume measurements on larch at Hallormsstaður forest.

The article describes the most recent assessment of the first permanent sample plot established in an exotic coniferous stand in Iceland-Siberian larch of Archangelsk origin, p. 38. The stand was last assessed in April 1974 when aged 36 years and has been thinned and measured at 3 years intervals since 1952.

The stand has apparently reached its maximum mean annual increment (max mai) of 7 m³/ha at the age of 33-34 years (table 1 and figures 1 & 2). At this stage it is not possible to say whether the stand has actually reached its max mai or whether the falloff in volume growth is due to a combination of climatic deterioration and infection by die-back, *Potentialmyces coniferarum*, and perhaps due to the erratic thinning treatment.

Table 2. shows that the stand was thinned too lightly in its early life. A drastic thinning at 33 years did not result in any response in volume growth probably because the crowns had become too thin and also because the stand was infected again by die-back the following season. The erratic thinning has been mainly due to the lack of any home experience but also due to the stand being thinned by different persons with differing ideas on thinning.

A comparison is made between the yield of the stand and that of other younger stands (table 3) at similar ages. None of the younger stands have made such rapid initial growth and although none of them occur on such a fertile site type as the p. 38/stand climatic deterioration of 1964-71 plus the early appearance of larch die-back in the younger stands has complicated any comparisons.

Finally it is concluded that whereas the plot has only a limited application for forecasting production it can be useful for working out thinning treatments, especially on an experimental scale.

Heimildir

Bjarnason, H. 1957: Lög um skógrækt.

Blöndal, S. 1953: Mælingar á lerki í Hallormsstaðaskógi 1952. Ársrit Skógræktarfélagss Íslands 1953.

Blöndal, S. 1957: Mælingar á lerki í Hallorms-

staðaskógi 1956. Ársrit Skógræktarfélagss Íslands 1957.

Blöndal, S. 1964: Lerki. Heimkynni, eiginleikar og ræktun. Ársrit Skógræktarfélagss Íslands 1964.

Bradley, R. T., Christie, J. M. and Johnston, D. R. 1966: Forest Management Tables, Forestry Commission Booklet No. 16.

Jón Gestur Vigfússon, Hafnarfirði

Kveðja til skógræktarféлага

Ég lít svo oft til baka til liðna vínafunda,
og létt verður þá skapið og gleðibros á vör.
Er minnst ég er góðir vinir gleði nutu stunda,
við gamanyrði, skrytlu, létt og fjörug svör.

Á milli þess að fróðleikur í fyrirlestri og ræðum
var fluttur til að leiðbeina og hvetja mann um leið,
að klæða okkar fósturjörð með fögrum traustum klæðum,
og að finna það í verki að hún eftir þessu beið.

Ég minnst mætra vína, sem enn eru ofar moldu,
og einnig þeirra mörgu, sem nú oss hafa kvatt.
En ég er alveg fullviss, þó þær kempur hvíli í foldu,
þeir hvetja og fræða ætíð, ég veit að það er satt.

Minnst látinna skógræktarmanna

Ásgeir L. Jónsson

Ásgeir Lárus Jónsson var fæddur 2. nóvember árið 1894 að Þingeyrum, A.-Húnavatnssýslu. Foreldrar hans voru Jón Ásgeirsson bóndi á Þingeyrum og Guðbjörg Árnadóttir.



Ásgeir L. Jónsson

Leið Ásgeirs lá, eins og margra bændasona þar nyrðra, í Bændaskólann á Hólum, því um [átt annað var að velja fyrir unga menn, er vildu leita sér menntunar á þeim tímum. Frá bændaskólanum lauk Ásgeir prófi árið 1914, aðeins tvítugur að aldri. En hugur hans stóð til frekara náms og fór hann því til Danmerkur og kynnti sér starfsemi Heiðafélagsins og síðar til Þýskalands, þar sem hann lauk prófi í vatnsvirkjafræði við Die Kulturbauschule zu Suderburg árið 1922.

Þegar Ásgeir kom heim að loknu námi réðst hann til verkfræðistarfa við Flóaáveituna og vann við hana fram til ársins 1928. Það ár réðst hann sem starfsmaður til Búnaðarfélags Íslands. Hjá búnaðarfélaginu vann hann sem ráðunautur við landmælingar, áveitur og landþurrkun og annað það sem að vatnsvirkjun laut og skrifaði margar greinar varðandi þessi

mál í innlend og erlend tímarit. Ráðunautsstarfið var hans aðalstarf, en auk þess gegndi hann ýmsum trúnaðarstörfum fyrir landbúnaðinn, sem of langt mál væri að telja upp hér.

Ekki er mér kunnugt um hvað vakti áhuga Ásgeirs á íslenskum skógræktarmálum, en tel sennilegt að kynni hans af störfum danska Heiðafélagsins og samstarf við Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra hafi ráðið þar mestu um. Árið 1930 er Skógræktarfélag Íslands stofnað á Þingvöllum í sambandi við Alþingishátíðina og hafði Sigurður búnaðarmálastjóri forgöngu um stofnun félagsins. Til undirbúnings félagsstofnunar var sett á laggirnar nefnd og átti Ásgeir sæti í henni og á stofnfundi var hann kosinn í varastjórn félagsins, en í varastjórn þess sat hann allt til ársins 1946.

Árið 1932 ritar hann grein í Ársrit félagsins, þar sem hann hvetur landsmenn til að forða Bæjarstaðaskógi frá tortímingu, en skógurinn var þá kominn að fallanda fæti sakir áníðslu. Ásgeir átti því drjúgan þátt í að friðun Bæjarstaðaskógar varð að veruleika.

Þeir, sem kynntust Ásgeiri, létu af dugnaði hans og samvirkusemi í starfi og ratvísi hans á að finna sem besta lausn og réttasta á hverju því máli sem horfði til heilla.

Ásgeir lést í Reykjavík þann 13. apríl á fyrra ári.

Sn. Sig.

Guðbrandur Magnússon

Guðbrandur var fæddur 15. febr. 1887 að Hömrum í Mýrahreppi, A.-Skaftafellssýslu. Foreldrar hans voru þau hjónin Magnús Sigurðsson, síðar kenndur við Foss í Seyðisfirði, og Hallfríður Brandsdóttir, prests í Einholti og síðar á Stað í Hrutafirði.

Guðbrandur, sem var prentari að iðn, hóf fyrst nám í Prentsmiðju Austurlands, 1901 til 1904, en hún var rekin af Skapta Jósefssyni ritstjóra Austru. Síðan lá leið hans til Akureyrar, þar sem hann dvaldi í tæpt ár og starfaði við



Guðbrandur Magnússon

prentsmiðju Björns Jónssonar. Til Reykjavíkur kemur hann 1906 og starfar þá í Félagsprentsmiðjunni, en haustið 1907 fer hann til Danmerkur og dvelst þar um veturinn í Lýðháskólanum í Vallekilde. Vorið 1908 hverfur hann aftur til Íslands og tekur þá að starfa við Ísafoldarprentsmiðju og er þar til ársins 1914, er hann hættir prentstörfum og gerist bóndi að Holti undir Eyjafjöllum. Árið 1917 hóf hann að nýju prentstörf í Reykjavík, auk þess sem hann tekur að sér að sjá um námskeið samvinnumanna, ásamt Jónasi Jónssyni frá Hriflu. Sama ár gerist hann ritstjóri hins nýstofnaða blaðs Tímans; starfar í stjórnarráðinu 1918-1920. Gerist kaupfélagsstjóri í Hallgeirsey, A.-Skafafellssýslu 1920 og dvelur þar til ársins 1928, er hann tekur við forstjórastörfum Áfengisverslunar ríkisins en því starfi gegndi hann óslitið til ársins 1957.

Hér að framan hefur verið dregið á helstu starfsþætti í ævi Guðbrands Magnússonar og mætti bæta miklu við, en plássins vegna verður hér látið staðar numið.

Þegar Guðbrandur dvaldist á Akureyri komst hann í kynni við ungmennafélagshreyfinguna, sem um þær mundir var í miklum framgangi. Hugsjón hennar heillaði Guðbrand og þá ekki síst þau verkefni er bundin voru skógræktarmálunum. lét hann þau mál mjög til sín taka, sérstaklega eftir að hann fluttist til Reykjavíkur, en er þangað kom gerðist hann einn af stofnendum og forvígismönnum U.M.F.

Reykjavíkur. Sæti átti hann í stjórn Skógræktarfélags Íslands frá árinu 1938 til ársins 1946.

Guðbrandur var ýmsum þeim kostum búinn, er þrýða góðan félagsmálamann, enda vakti Guðbrandur ávallt óskipta athygli manna með málflutningi sínum. Hin mikla hrifnæmi hans, glaðværið, frjóleiki í hugsun ásamt hispursleysi í framkomu hreif fólk, og óhvikul stefnufesta og glöggskyggni réðu því, að hann jafnan kom áhugamálum sínum fram. Ég minnst þessara eiginleika hans frá mörgum aðalfundum Skógræktarfélags Íslands, en fundi sótti Guðbrandur, ásamt hinni ágætu konu sinni Matthildi Kjartansdóttur, alltaf þegar hann gat því við komið.

Með Guðbrandi er fallinn frá einn af „aldamótamönnum“, einn af traustustu stuðningsmönnum skógræktarinnar um langan tíma. Guðbrandur lést í Reykjavík þann 13. júlí á síðastliðnu ári.

Sn. Sig.


Guðmundur Þórarinnsson

Guðmundur Þórarinnsson fæddist 23. mars 1913 að Vatnsholti í Villingaholtshreppi, Árnessýslu. Foreldrar hans voru Þórarinn Guðmundsson bóndi og Guðrún Magnúsdóttir.

Við fráfall þessa mæta manns hefur Skógræktarfélag Hafnarfjarðar misst einn sinn besta mann. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur, segir máltækið, og eigum við vinir og samstarfsmenn Guðmundar áreiðanlega eftir að finna til þess.

Guðmundur var enginn ævintýramaður. Ævintýrin sneiddu hjá garði hans og hann bauð þeim heldur ekki heim. Hann var alinn upp við alvöru og skyldur og hann notaði þrótt sinn og orku alla til þess að vinna eitthvað til heilla og þarfa, eins lengi og dagar og kraftar entust.

Kynni okkar Guðmundar hófust, er hann flutti til Hafnarfjarðar fyrir nær 20 árum og gekk í Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, þar sem leiðir okkar hafa legið saman. Fyrir þessi kynni er mér ljúft að þakka og ég minnst margra ánægjulegra stunda, er við áttum saman í starfi og hvíld, þar sem hann var veitandinn og ég þiggjandinn.



Guðmundur Þórarinnsson

Föðurlandsást hans var hrein og fölskvalaus. Því var það að hann ferðaðist mikið bæði í byggð og óbyggð og naut þess í ríkum mæli. Ég er ekki í vafa um, að sú mikla föðurlandsást, sem hann bar í brjósti og sá einstæði áhugi, sem hann hafði á skógrækt, hafi raunar verið tvær greinar á sama stofni. Það rann honum til rifja að sjá þá miklu gróður- og jarðvegseyðingu, sem svo víða blasir við augum hér á landi, og ekki á þetta síst við nágrenni Hafnarfjarðar, þar sem hann lagði fram sitt mikla uppgræðslu- og skógræktarstarf, og hefur með því tekist að klæða í gróðrarskrúð með lauf- og barrviðum nokkurn hluta þessa áður uppblásna lands. Fyrir þetta óeigingjarna starf stöndum við félagar hans í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar í mikilli þakkarskuld og raunar Hafnirðingar allir.

Ólafur Vilhjálmsson.

Martinius Simson

Martinius Simson var fæddur í Vendsyssel á N.-Jótlandi árið 1886 og lést á Ísafirði 15/4 1974 á 88. aldursári.

Mér er ókunnugt um uppvaxtarár Simsons, en 17 ára fer hann að starfa við fjölleikahús og sem fjölleikamaður kemur hann hingað til Íslands árið 1915. Starfaði hann að fjölleikum

hér um nokkurn tíma, en gerðist síðan ljósmyndari og varð það hans aðalstarf á Ísafirði.

Simson var um margt sérstæður maður. Hugur hans stóð opinn fyrir næstum því hverju sem var. Þetta ásamt hugkvæmni og frábærri handlagni, gerði hann að þeim „þúsundþjalasmið“, sem hann var. Af þessum sökum, auk sérstæðrar lyndiseinkunnar og lífsskoðunar, fór hann ekki troðnar slóðir, heldur eigin leiðir, sem þóttu ekki farnar til fjár. Allt lífsgæðakapphlaup var honum framandi og jafnvel hégómlegt og því kærði hann sig ekki um meiri fjárráð en hann nauðsynlega þarfaðist til að lifa óbreyttu og áhyggjulausu lífi. Þessa afstöðu til veraldlegra gæða má e.t.v. rekja til þeirrar heimspekistefnu, sem hann snemma kynntist og aðhylltist og ritaði um bækur og bæklinga. Í henni fann hann lífsfyllingu og eftir henni breytti hann, þannig að leitun mun vera á hliðstæðum dæmum.

Skömmu eftir að Simson settist að á Ísafirði, fór hann að huga að trjárækt. Kom hann sér upp trjágardi og sumarhúsi í Tunguskógi, innan við Ísafjarðarkaupstað, þar sem nú eru sumarbústaðalönd bæjarbúa. Hvergi undi hann betur en við ræktunina í garði sínum og varði



Martinius Simson

FLestum frístundum, ásamt konu sinni Gerd, við að hlú að trjám og öðrum gróðri. Árangur lét heldur ekki á sér standa. Óvíða á landinu getur að líta fjölskrúðugri trjá- og blómgróð-

ur, enda var ekkert til sparað við útvegum fágætra og forvitnilegra tegunda. Þá var umhírða öll til fyrirmyndar.

Fullyrða má að trjárækt þeirra hjóna í Tungudal hafi verið fordæmi og undanfari trjáræktar á Ísafirði og víðar og hafi stuðlað að auknum áhuga fyrir trjá- og skógrækt þar vestra.

Simson tók snemma virkan þátt í störfum Skógræktarfélagis Ísafjarðar, og átti með öðrum frumkvæði að því að félagið réðst í að friða hluta Tunguskógar árið 1950. Síðan hefur mestur hluti skógarins verið friðaður, þannig að nú eru innan girðingar röskir 20 ha lands og má heita að fullplantað sé í landið. Simson var snemma kosinn í stjórn skógræktarfélagisins og gegndi formennsku í því frá 1953 til 1969, er hann lét af störfum sakir heilsubrests.

Sn. Sig.



Sigurður O. Björnsson

Sigurður O. Björnsson

Sigurður O. Björnsson var fæddur í Kaupmannahöfn þ. 27. janúar árið 1901 og var því tæplega 74 ára að aldri, er hann lést 3. janúar s.l.

Foreldrar hans voru þau hjónin Oddur Björnsson prentsmiðjustjóri og kona hans Ingibjörg Benjamínsdóttir.

Sigurður fluttist með foreldrum sínum og systkinum til Akureyrar 1901, en þangað kom faðir hans til að setja á stofn prentsmiðju. Varð prentverk Odds Björnssonar, P.O.B., brátt landsþekkt fyrirtæki fyrir vandaða vinnu og áreiðanleika í viðskiptum. Jafnframt prentsmiðjunni rak Oddur bókaútgáfu, sem brátt varð umfangsmikil og vinsæl.

Árið 1910 fluttist Sigurður með móður sinni og systkinum til Reykjavíkur. Gekk hann þar í barnaskóla, en ekki varð af frekari skólagöngu, því hugur hans var allur við sveitaveru og bústörf. Dvaldi hann löngum í sveit á uppvaxtarárunum, bæði í Árnessýslu og Borgarfirði, en lengst af var hann hjá Jóhanni bónda og búfræðingi á Breiðabolsstað á Síðu.

En árið 1918 varð sú breyting á, að Sigurður fluttist norður til Akureyrar fyrir áeggjan föður síns, lærir prentnám. Tók hann að fullu

við rekstri fyrirtækisins árið 1930, er faðir hans lét af störfum. Sigurður rak fyrirtækið af sínum alkunna dugnaði og vandvirkni um fjögurra áratuga skeið, en síðari árin með Geir syni sínum. Bætti hann prentsmiðjuna mjög að véla- og húsakosti og skilaði eins og faðir hans bestu vinnu sem völ var á. Þá gerði hann bókaútgáfuna að einhverju stærsta útgáfufyrirtæki landsins.

Eins og fyrr segir stóð hugur Sigurðar snemma til ræktunarmála og þ.á.m. til skógræktar. Að öðrum ólöstuðum mun sennilega enginn Íslendingur hafa lagt annað eins af mörkum til skógræktar og Sigurður. Árið 1946 keypti hann jörðina Selland í Fnjóskadal og hóf þar ræktunarstörf. Dvaldi hann þar löngum á sumrum við ýmiss konar ræktun, en þó einkum skógrækt. Gróðursetti hann og sáði til hundraða þúsunda trjáplanta, innlendra og erlendra og vandaði svo til allra verka að athygli vakti, enda er nú orðin mikil breyting á landi Sellands með tilkomu skógargróðursins.

Sigurður tók virkan þátt í starfi Skógræktarfélagis Eyfirðinga og var í stjórn þess á annan áratug. Var hann ávallt þar traustastur til framkvæmda og æðraðist síst, þótt á móti blési. Hinsvegar var hann hlédrægari en svo að hann gengi fram fyrir skjöldu, en studdi af einurð og prúðmennsku hvert það mál, er horfði til framfara.

„Með Sigurði er genginn merkur skógræktarmaður og góður drengur.“

Sn. Sig.

Starf Skógræktar ríkisins 1973

Árið 1973 voru kr. 31.773.000 veittar til skógræktar á fjárlögum ríkisins. Tekjur Skógræktar ríkisins námu kr. 5.992.000.

Verkefnaskipting var þannig:

	í þús. kr.
Stjórn	4.251
Viðhald og varsla	6.949
Skógrækt	13.591
Gróðrarstöðvar	6.806
Skjólbelti	200
Skógrækt einstaklinga	300
Fljótsdalsáætlun	650
Rannsóknarstöðin	2.741
Skógræktarfélag Íslands	2.000
Afborganir lána	352

Eins og löngum áður hrökk fjárveitingin of skammt sakir launa- og verðhækkana á árinu. Greiddi ríkissjóður launahækkunina að nokkru, en hitt, sem eftir stóð, varð að greiða af næsta árs fjárveitingu.

Vindlingafé varð næstum sama og árið áður og var skipt á svipaðan hátt.

Lagt við höfuðstól Landgr.sjóðs	449.896
Til gróðrarstöðva skógr.félaga ..	700.000
Til gróðrarstöðva Skógr. ríkisins	2.300.000
Til frækaupa	400.000
Til gróðursetningar	600.000

Vindlingafé kr. 4.449.896

Veðurfar og vöxtur

Vetur var mildur fram í febrúar, en þá kólnaði um skeið norðan- og austanlands. Mars var óvenju hlýr og héldust þau hlýindi fram í síðari hluta apríl. Þá kólnaði og var bæði maí og fyrri hluti júní undir meðallagi. En sakir vorhlyindanna varð jörð snemma klaka-

laus. Sunnanlands og vestan voru töluverðir umhleyplingar og því mikill holklaki í gróðrarstöðvum. Síðari hluta júní hlýnaði og varð hitinn í júlí og fyrst í ágúst í meðallagi um land allt. Aðfaranótt 17. ágúst gerði mikið landnyrðingsveður um land allt. Sleit það víða mjög blöð af trjám og því fylgdi næturfröst, en þess gætti hvað mest á Vöglum. Eftir þennan garð hlýnaði á ný og varð september hlýrri en í meðalári. Haustið var milt fram undir miðjan nóvember, en þá hófst mikið kuldakast, sem stóð fram yfir áramótin.

Vaxtartími trjána varð í skemmra lagi. Þau laufguðust seint og víða f auk lauf af trjámum í septemberroki.

Laufgun og lauffall birkis var þannig skráð:

Reykjavík	20/5	23/9 rok
Stálpastaðir	10/6	3/10
Laugabrekka	1/6	7/10
Akureyri.....	20/5	20/9
Vaglir.....	20/6	24/9
Hallormsstaður	15/6	8/10
Tumastaðir	12/6	28/9
Selfoss.....	15/6	27/9 rok

Á Stálpastöðum blaðaðist lerki 29.-31. maí, eða nokkru fyrr en birkið. Sama máli gegnir um lerkið á Hallormsstað. Er það aðeins á undan birkinu ár hvert. Lauffall á lerki fer mjög eftir kvæmum og er flest af þeim nokkuð á eftir birkinu.

Vöxtur trjáa varð allmisjafn eftir landshlutum. Í Skorradal var sitkagreni með allgóða árssprota en bæði stafafura og rauðgreni minni en árið á undan. Í Skagafirði varð vöxtur töluvert undir meðallagi og minnstur á lerki. Á Vöglum var nærri meðalvöxtur á greni og furu en minni á lerki og lauftrjám. Í Hallormsstaðaskógi var meiri vöxtur á greni og lerki en árið áður, birkivöxtur í meðallagi en

minni á stafafuru. Á Suðurlandi var vöxtur sitkagrenis allmisjafn en yfirleitt sæmilegur. Hinsvegar var vöxtur stafafuru og rauðgrenis undir meðallagi.

Af þessu virðist ljóst, að vöxturinn hefur verið undir meðallagi þetta ár. Við slíku mátti búast þar sem sumaríð áður var bæði stutt og kalt. En það er alkunna, að sumarið undanfarins árs ræður mestu um lengd árssprotanna. Eftir lýsingum skógarvarðanna að dæma hafa birki og sitkagreni komist næst meðalvexti á þessu ári.

Skaðar á trjám voru hvergi að neinu marki og lítið gætti maðks eða bladlúsa. Hvortvegga er þó ávallt til á hverju sumri og maðkurinn lætur ávallt einhver merki eftir sig einhverstaðar. En langt er orðið síðan að mikil brögð hafa verið að maðki.

Í sambandi við gosið í Vestmannaeyjum varð nokkurt öskufall á Tumastöðum, t.d. 13.-14. mars gerði sunnan-suðaustan slyddu með ösku. Eftir þetta roðnaði og fölnaði barr á suðurhlíð sitkagrenis í skjólbelum og reitum, svo og á rauðgreni og stafafuru. Sumt af barrinu fékk aftur grænan lit en annað datt af. Ekki dó neitt tré af þessum sökum og um haustið voru þessir skaðar horfnir. Nú liggur ákaflega nærri að kenna flúormengun um þessi litaskipti barrsins, en því miður voru engin sýni af þessu tekin til að ganga úr skugga um slíkt. En rétt er að benda á, að það er altítt á vorin að barrtré sviðni lítilsháttar móti suðri, einkum í miklu sólfari þegar jörð er frosin. Af þessum ástæðum er ekki unnt að kveða upp úr með orsökina til sviðunar barrsins.

Síðla í júlí gekk mikið rok yfir suðvesturland. Það braut marga toppsprota á sitkagreni í Reykjavík og nágrenni, svo og á Stálpastöðum og víðar. Meðan árssprotarnir eru að viðast eru þeir næmir fyrir miklum vindum og hverskonar ákomu, eins og þegar þrestir setjast á þá. En toppbrot eru oftast ekki nema hálfur skaði. Einhver hliðargreinin rís upp og myndar nýjan topp, og sjaldan verður þetta orsök til tvítoppmyndunar.

Friðun og girðingar

Sakir snjóþynsla víða um land urðu endurbætur á girðingum allmiklar. Gætti þessa eink-

um í Fnjóskadal og Skagafirði. Þá var girðingin um Mógilsá illa leikin eftir veturinn, einkum að vestan þar sem hún stendur í bratta og hliðarhalla.

Bæði Þórsmörk- og Þjórsárdalsgirðingarnar þurftu endurbóta við, svo og Jórvíkurgirðing í Breiðdal. Þórsmörkurgirðing var enn einu sinni skemmd af mannavöldum. Hinn 5. júlí var Þórsmörk smöluð og út reknar um 200 kindur. Girðingin var þá öll lagfærð og talin fjárheld. Hinn 28. júlí varð enn að smala og komu þá um 300 fjár úr girðingunni, enda höfðu verið gerð op á henni á einum tveim eða þrem stöðum. Þannig er nú framferði einstakra manna og hlífðarleysi við gróður landsins.

Lítilsháttar var unnið að girðingu um suðurhluta Hallormsstaðalands, en því verki miðar enn fremur hægt. Vonir standa til að því ljúki á næstu tveim árum. Þá var lítil girðing sett upp á Gilá í Vatsdal, þannig að unnt verði að hefja gróðursetningu á næsta ári.

Gengið var frá samningi við skólanefnd Laugarvatnsskóla um að friða allt heimalandið í samvinnu við skólana. Skógrækt ríkisins tekur að sér að girða og friða fjallshlíðarnar og landið ofan að þjóðveginum úr Grímsnesi, en skólarnir sjá um friðun alls lands neðan þjóðvegarsins. Umhverfi Laugarvatns hefur um mörg ár verið mörgum hneykslunarhella, aðallega sakir þess, hve landið hefur verið illa útleikið af hrossum, sem höfð voru á gamla skólabúinu, en með samningi þessum er allt búfjárhald á skólasetrinu úr sögunni. Þá er og miklu meira land lagt til friðunar en áður, og mikið af skóglendi, sem var að verða upp urið, fær nú að vaxa upp að nýju. Mælt var fyrir girðingu um sumarið, og undir haustið var lítilsháttar byrjað á henni.

Loks má geta þess, að lítil girðing var reist í Sauðlauksdal með styrk frá Skógrækt ríkisins. Enn fremur skal frá því sagt, að árið 1972 var reist girðing í landi Ferstiklu í Hvalfirði með samskonar styrk. Sú girðing er um 1800 metr- ar á lengd um land það, sem liggur næst Þórisstöðum í Svínadal. Landið var til skamms tíma vaxið kjarri, mannhæðarháu og sumstaðar meira, en ágangur búfjár hafði nær gjöreytt því á tveim áratugum. Árangur friðunarrinnar er sem óðast að koma í ljós eftir aðeins tveggja ára friðun.

Sáningar 1973.

Tegund:	Hallormsst.		Vagfir		Tumast.		Laugabr.		Skógr. rík.		Fossvogur		Samtals	
	kg.	m ²	kg.	m ²	kg.	m ²	kg.	m ²	kg.	m ²	kg.	m ²	kg.	m ²
Birki, ísl.	1.33	159	1.60	122	0.35	29	2.05	115	5.33	425	4.85	390	10.18	815
Blágreini	0.60	58	0.30	40	0.20	12			1.10	110	0.20	12	1.30	122
Hvítgreini	2.24	65	1.00	50	0.10	6			3.34	121	0.10	6	3.44	127
Rauðgreini	0.45	24			0.70	70			1.15	94	0.30	30	1.45	124
Sitkagreini	0.90	48			4.85	191			5.75	239	1.80	100	7.55	339
Svartgreini			0.07	6					0.07	6	0.03	3	0.10	9
Bergfura	0.40	24	0.23	63	1.00	72			1.63	159	2.40	150	4.03	309
Broddfura	0.38	9			0.25	6			0.63	15	0.10	1	0.73	16
Stafafura	0.40	39	0.91	98	1.95	207			3.26	344	2.00	200	5.26	544
Sveigfura											0.20	2	0.20	2
Evrópulerki					0.05	3			0.05	3			0.05	3
Rússalerki	5.00	82	1.00	30					6.00	112			6.00	112
Síberíulerki	5.10	84	0.92	78	0.46	12			6.48	174			6.48	174
Fjallapínur			0.20	3	0.20	3			0.40	6	0.20	3	0.60	9
Fjallapöll		6			0.40	9			0.40	15			0.40	15
Risalfíviður					0.15	6			0.15	6	0.15	6	0.30	12
	16.80	598	6.23	490	10.66	626	2.05	115	35.74	1829	12.33	903	48.07	2732

Dreifsetning 1973.

B = drs í beð, M = drs í móband, P = pottað.

Tegund/ Aðferð	Hallorms-		Tuma- staðir	Lauga- brekka	Norð- tungva	Skógr. rík. alls	Foss- vogur	Akur- eyri	Samtals
	staður	Vagfir							
Skógar plöntur	154.500	323.100	400.100	78.300	50.400	1.006.400	357.000	33.500	1.396.400
Birki	B	30.800		37.000	5.400	78.900	28.900	21.000	128.800
	M		22.000			44.300	55.000		99.300
	P						(p) 31.500		31.500
Blágreini	B		6.000			6.000		8.000	14.000
	M		23.000			23.000			23.000
Hvítgreini	B		3.900			3.900			3.900
	M		18.000			18.000			18.000
Rauðgreini	B		21.700		13.000	34.700			34.700
	M			27.200		27.200			27.200
Sitkagreini	B	9.400		122.600	19.500	151.500	23.000		174.500
	M			34.300		34.300			34.300
Svartgreini	B	1.200				1.200			1.200
Bergfura	B		17.800			17.800	107.000		124.800
	M		27.300			27.300			27.300
Broddfura	M		5.800	15.500		21.200	(p) 800		22.100
Stafafura	B	8.800	62.500	61.200	36.700	181.700	54.000	4.500	240.200
-	M		83.700	107.300		191.000	40.100		231.100
Rússalerki	M		15.000			15.000			15.000
Síberíulerki	B	80.300				80.300	16.200		96.500
-	M		4.200	7.600	4.600	16.400			16.400
Fjallapínur	B	21.000				24.000			24.000
-	M		6.200	2.400		8.600	(p) 500		9.100
Alls	B	151.400	117.600	183.800	78.300	584.600	229.100	33.500	847.200
Alls	M		205.500	216.300		121.800	95.100		516.900
Alls	P						32.800		32.800

Afhentar plöntur árið 1973.

Tegund:	Hall-ormsst.	Vaglir	Tuma- staðir	Lauga- brekka	Norð- tunga	Skógr. ríkisins	Foss- vogur	Akur- eyri	Samtals
Skógar plöntur	156.975	114.690	168.700	32.400	13.000	485.765	264.425	8.100	758.290
Birki, ódr.	6.400	27.995	23.375			57.770			57.770
Birki	17.230	9.090	2.550	10.840	10.000	49.710	74.100	6.000	129.810
Blágreini	6.520					6.520		100	6.620
Broddgreini	2.900					2.900			2.900
Hvítgreini	1.350					1.350			1.350
Rauðgreini	18.900	37.010	10.075	1.700	3.000	70.685	1.500		72.185
Sitkabast	8.200					8.200			8.200
Sitkagreini	8.900		33.575	250		42.725	87.600	200	130.525
Svartgreini	2.050					2.050			2.050
Bergfura, ódrs,			3.200			3.200			3.200
- drs.	45	8.200	13.225	3.920		25.390	37.650		63.040
Broddfura	590					590			590
Stafafura, ódrs,			27.700			27.700			27.700
- M			36.830			36.830			36.830
Starafura drs.	24.345	29.195	7.075	3.250		63.865	62.925	300	127.090
Siberiulerki	59.545	3.200	11.095	12.440		86.280	650	1.500	88.430
Garðplöntur	7.470	2.090	20.520	805	2.700	33.585	56.955	4.620	95.160
Alls:	164.445	116.789	189.220	33.205	15.700	519.350	321.380	12.720	853.450

Skógarhögg

Skógarhögg varð nokkru meira en árið áður en svipað að magni og 1971. Alls féllu 180 tonn víðar og þar af voru 15 tonn lerkiviður. Felld voru 110 tonn á Vöglum en 70 á Hallormsstað.

Þar af fóru til
 efniviðar..... 5 tonn
 reykinga- og eldiviður 140 -
 birkistaurar 5.656 stk.
 lerkistaurar 871 -

Seldist þetta að mestu á árinu og voru litlar birgðir víðar um áramót.

Alls voru seld 1633 jólatré og 875 kg af greinum til skrauts, einkum af stafafuru.

Sagað var niður töluvert af víði á Hallormsstað, bæði lerki úr skóginum og nokkuð af rekaviði. sem flutt var upp á Hallormsstað fyrir nokkrum árum. Nokkrir byrjunarörðugleikar hafa verið við flettisögina sem þar hefur verið sett niður, en allt stendur til bóta.

Gróðrarstöðvar

Í töflum 1-3 er skráð hvað sáð hefur verið, dreifsett og afhent úr gróðrarstöðvum landsins. Að vanda eru stöðvar skógræktarféлага

teknar með í þetta yfirlit, en að öðru er þeirra ekki nánar getið.

Nokkrar skemmdir urðu á Tumastöðum og í Laugabrekku sakir holklaka og þar af leiðandi rótarslita, en að öðru leyti höfðust plöntur vel við. Að vísu kom nokkur afturkippur í þær plöntur á Tumastöðum. sem dreifsettar voru fyrir kuldakastið seint í maí, sem stóð nærri vikutíma. Þroski þeirra varð minni um sumarið en hinna, sem dreifsettar voru eftir neþjuna.

Bætt var við nokkrum plasthúsum, sem ætluð eru til sáningar. Á Vöglum eru nú 3 hús af finnskri gerð, 20 × 7.5 metrar, og 3 heimagerð, 20 × 4 metrar. Þá voru og fengin 16 minni hús að Tumastöðum, 10 × 3.8 metrar, sem nota átti til sáninga. Þau reyndust of veikbyggð og urðu til lítilla nota.

Hinn 23. september gekk fárviðri yfir Suður- og Suðvesturland með þeim afleiðingum að litlu húsin á Tumastöðum sviptust í sundur og það, sem verra var, stóra báruplasthúsið féll saman og eyðilagðist. Kom í ljós, bæði þar og víðar, að grind þessara húsa var allt of veik til að þola mikil veður. Skaðinn á Tumastöðum var metinn á röskar 400.000 krónur. Brugðið var við og verkfræðingur fenginn til að gera teikningu að sterkari grind, og húsið síðan

Gróðursetning Skógræktar ríkisins árið 1973.

Staður:	Birki	Rauð- greni	Sitka- greni	Blá- greni	Sitka- Bast.	Stafa- fura	Berg- fura	Lerki	Ýmsar teg.	Alls
Hvammur	3.220	6.300	1.150			2.500				13.170
Stálpastaðir.....						2.053			7	2.060
Selsskógur.....		6.070								6.070
Bakkakot	2.480		8.850			5.000		1.500		17.830
Norðtunguskógur		27.500				6.000	9.000			42.500
Síðumúli	12.000					350	1.000			13.350
Arnbjargarlækjarg.			2.200					375		2.575
Melsgirðing						2.000				2.000
Arnarbotsreitir		100				1.000				1.100
Umhv. græðir. Norðt.	1.500							1.800		3.300
Laugaból						1.600				1.600
Gilá	1.350		2.000			2.600		1.000		6.950
Barkarstaðir	750									750
Vaglaskógur						9.550		800		10.350
Sigríðarstaðaskógur						6.900	5.675			12.575
Sandhaugar							1.750			1.750
Þórðarstaðaskógur		300				100				400
Ásbyrgi		1.000								1.000
Hallormsstaður		16.550	610	6.500	3.500	3.675		10.080	2.350	43.265
Fljótsdalsáætlun								45.795		45.795
Haukadalur	25	25				23.305	25	25		23.405
Reykjahjáleiga			5.000							5.000
Skarfanen						5.450				5.450
Þjórsárdalur			6.000			3.700				9.700
Ólversholt	2.100					800				2.900
Mógilsá	6.215		3.080			8.000				17.295
Straumur	2.000					5.600				7.600
Samtals	31.640	57.845	28.890	6.500	3.500	91.083	17.450	59.575	4.157	300.640

endurbýgt þá um haustið. Þetta óhapp varð til að seinka öðrum nauðsynlegum haustverkum.

Uppeldi garðplantna hefur aukist mjög hin síðari ár. Bæði er það, að eftirspurn slíkra plantna vex óðum, og svo eyðilögðu hinir vísu skipuleggjendur Reykjavíkurborgar nokkrar gróðrarstöðvar innan borgarmarkanna með þeim afleiðingum, að mesti hörgull er nú á garðplöntum í Reykjavík. Uppeldi garðplantna er bæði dýrt og krefst nokkurrar kunnáttu. Væri æskilegt að garðyrkjumenn gætu staðið að þessu í nánd við aðalmarkaðssvæðin, svipað því, sem áður var. En það tekur mörg ár að koma upp gróðrarstöð, svo þess er varla að vænta að einstaklingar hefji þetta starf að nokkru marki fyrst um sinn. Fávísí arkitekta og skipuleggjenda í sambandi við Fossvoginn sýnir svo ljóst sem verða má, að slíkir menn geta unnið stórkostlegt tjón, ef þeir hafa enga þekkingu á hinni lifandi náttúru.

Gróðursetning

Skógrækt ríkisins lét alls planta 300.640 skógarplöntum í eigin girðingar eða með styrk til einstaklinga. Er þetta ívið meira en undanfarið, og sýnir að uppleið plantna er nú á uppleið. Er greint frá þessu í töflu 4.

Hirðing

Grisjað var frá ungvíði í flestum girðingunum, en víðast hvar hefði þurft að vinna meira að því verki. Lítilsháttar var borið að ungunum trjám, sem stóðu í svelt, einkum rauðgreni, sem ætlað er til jólatrjáa.

Grisjað var og hreinsað til í gamla Grundarreitnum í Eyjafirði. Var síst orðin vanþörf á því, þar sem mikill hluti reitsins var orðinn flækjuskógur af blæðsp svo erfitt var um hann að komast. Þingvallareiturinn var einnig hreinsaður, en hann hefur verið oftar grisjaður og því auðveldari umferðar. Sá reitur hefur

lögum verið athvarf ferðafólks á Þingvöllum þegar norðanþjpa er. Þá er leitað þangað í skjólið til að matast eða drekka kaffi. Samt hefur umgengni um hann verið furðu góð.

Fljótsdalsáætlun

Alls var plantað 45.800 lerkiplöntum í girðingar á 5 bæjum, og er það svipað og árið áður. Samkvæmt skýrslum eru nú komnar niður röskar 125.000 plöntur samkvæmt áætluninni, og er það allmiklu minna en vonir stóðu til í upphafi. Ástæðan til að verki þessu miðar hægt er sú, að bændur í Fljótsdal hafa ekki talið sig geta lagt fram þá vinnu, sem búist var við í upphafi. Ef ekki raknar úr verður ekki hjá því komist að ráða utansveitarfólk til að hraða verkinu.

Plöntunarkostnaður á þessu ári var talinn kr. 3.40 á hverja plöntu en var kr. 2.00 árið áður.

Ýmislegt

Umferð ferðafólks í skóglendunum vex með hverju ári. Engin fjárveiting hefur enn fengist til að greiða götu ferðamanna á þessum stöðum og hefur þó um slíkt verið beðið í meira en tíu ár samfleytt. Mestur er ferðamannastraumurinn í Þórsmörk frá því snemma vors og fram á jólafestu. Sakir þess að ekkert fé var til þess að sinna þörfum ferðafólks var Þórsmörk ekki hreinsuð framan af sumri. Hrannaðist þá upp rusl og óþverri, sem ferðamenn höfðu eftir skilið, svo að flestum ofbauð þegar kom að hvítasunnu. Sýndi þetta dæmi svart á hvítu hvað Skógrækt ríkisins hefur haft mikið erfiði af gestum sínum án nokkurs greiða í staðinn og oft lítills þakklaetis, því ekki skorti umkvartanir og umvandanir í blöð.

Mikið var um ferðafólk í Vaglaskógi að vanda. Þar var lögð vatnslögn fyrir skógargesti í Stórarjóður, sem er að verða aðaltjaldstæðið. Sumarskemmtanir voru engar í skóginum né heldur á Hallormsstað og var það til mikils léttis fyrir starfsmenn Skógræktar ríkisins. Þá var og mikil umferð um Þjórsárdal og Ásbyrgi, en á báðum þessum stöðum voru umsjónarmenn. Í Ásbyrgi var útiskemmtun Héraðssambands Norður-Þingeyinga í júlí að vanda. Þótt Ásbyrgi sé einkennilegur og eftirsóknarverður staður fyrir ferðamenn, þá er

skortur á góðu og tæru vatni í Byrginu, og af þeim sökum er það óheppilegt útivistarsvæði. Þá eru og vandkvæði á frárennsli, þannig að tjaldvist ætti helst ekki að leyfast þar.

Í júlíþyrjun komu hingað til lands skógstjórar Norðurlanda, flestir með konur sínar, og dvöldu hér á landi í 10 daga. Það voru Antero Piha og frú Elísabeth frá Finnlandi, Frederik Ebeling og frú Inger frá Svíþjóð, Hakon Frölund og frú Else frá Danmörku, Hans K. Seip og frú Anne Marie frá Noregi ásamt Jens Aure forstjóra norsku ríkisskóganna. En Folke Rydbo, forstjóri sænsku ríkisskóganna átti ekki heimangengt og var því ekki með í förinni. Skógstjóramir og konur þeirra gistu flest eldri skóglendi hér á landi og sáu ýmislegt af því, sem síðar hefur verið tekið fyrir. Töldu þeir sig hafa haft gaman af ferðinni og séð ótal margt, sem kom þeim mjög á óvart og var ólíkt því, sem þeir hafa fyrir augum í heimabyggðum sínum. Meðal annars sendi Frederik Ebeling ritstjóra og blaðaljósmyndara sænska skógræktarblaðsins Domänposten hingað til lands vorið 1974 til að afla frekari upplýsinga um sitthvað, en um það verður fjallað nánar í næstu skýrslu.

Þá komu hingað aðrir skógfræðingar frá Norðurlöndum þetta sumar, Arnold Albäck frá Luleå í Svíþjóð, Birgir Strömsöe, fylkisskógstjóri í Elverum og nokkrir héraðsskógmeistarar.

Þess má geta, að 9. skiptiferðin til skóglöndunar var farin frá 2.-15. ágúst milli Noregs og Íslands á vegum Skógræktarfélags Íslands, en því er þess getið, að starfsmenn Skógræktar ríkisins sáu um mestalla fyrirgreiðslu hér og lögðu til fararstjóra til Noregs, þá Garðar Jónsson og Gunnar Finnbogason. Norðmennirnir dvöldu aðallega í Haukadal og á Hallormsstað og unnu að gróðursetningu á báðum stöðunum.

Að endingu skal þess getið, að sumarið 1972 hófst athugun á útbreiðslu og gæðum skóglenda um land allt og var þessari könnun lokið síðsumars 1973. Haukur Jörundsson fyrrum skólastjóri vann aðallega að þessu verki ásamt aðstoðarmönnum. Árangur þessara athugana og mælinga er nú kominn á spjaldskrá og kortaskissur. Hefur lauslega verið farið yfir þær, en nákvæm úrvinnsla fer fram á næstunni. Þá voru og gerðar athuganir á vexti ýmissa trjá-

tegunda víðsvegar um land, en þeim er enn ekki lokið, þannig að nokkuð vantar enn til þess, að unnt sé að birta árangur af þessari könnun.

Og til gamans má geta þess, að vikuna eftir 21. ágúst gekkst Kvenfélagsamband Íslands fyrir sveppanámskeiði á Hallormsstað, en ekki er mér kunnugt um, hvaða breytingu það hafi valdið í matargerð Íslendinga. En það hefur um langt skeið verið á margra manna vitorði, að hér vaxa ótal sveppir, einkum í skóglendunum, sem nýta má til bragðbætis og hollustu.

Störf skógræktarfélaganna 1973

Hér skal greint frá störfum skógræktarfélaganna 1973 og öðru því sem ofarlega er á baugi í félagastarfinu.

Girðingar

Það helsta sem gerðist í girðingamálum á árinu 1973 var að byrjað var á girðingu að Fjósum í Svartárdal, Austur-Húnavatnssýslu, en eins og kunnugt er þá festi Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu kaup á jörðinni árið 1971.

Í upphafi var í ráði að girða þar allt að 120 ha lands, en frá því var horfið sakir þess að girðingarstæði reyndist ekki heppilegt neðan þjóðvegur en hann liggur þvert í gegnum landið. Því var ráðist í að girða ofan vegarins, mestan hluta túnsins og brekkurnar ofan þess. Lokið var við að ganga frá girðingarstæði, haustið 1972; ýtt upp fyrir girðingu og slétt- að undir hana á heiðarbrúninni. Árið 1973 var gengið frá hornum, burðarstaurum og neti og var girðingunni að mestu lokið þá um vorið, nema hvað eftir var að setja upp hlið. Lengd girðingarinnar eru röskir 4.5 km og land innan hennar 70 ha. Til gamans má geta þess að fyrstu plönturnar voru gróðursettar í Fjósaland vorið 1974 og annaðist það verk vinnu-

tegunda víðsvegar um land, en þeim er enn ekki lokið, þannig að nokkuð vantar enn til þess, að unnt sé að birta árangur af þessari könnun.

Og til gamans má geta þess, að vikuna eftir 21. ágúst gekkst Kvenfélagasamband Íslands fyrir sveppanámskeiði á Hallormsstað, en ekki er mér kunnugt um, hvaða breytingu það hafi valdið í matargerð Íslendinga. En það hefur um langt skeið verið á margra manna vitorði, að hér vaxa ótal sveppir, einkum í skóglendunum, sem nýta má til bragðbætis og hollustu.

flokkur undir stjórn Gunnars Finnbogasonar skógarvarðar.

Eins og að undanförunu var gagngert unnið að lagfæringum og stækkun girðinga í Eyjafirði. Aðallega var gert við girðingar á Miðhálsstöðum, Vaðlaskógi, Leyningshólum og Kjamaskógi við Akureyri. Lokið var við tengingu Miðhálsstaðagirðingar og sett upp vegrist á norðurhlið hennar. Sú girðing er nú alls 2.4 km að lengd og var endurnýjaður 1.9 km langur kafli. Leyningshólagirðing var öll endurgirt, 3.6 km og stækkuð nokkuð. Í Vaðlaskógi var endurnýjaður 1.8 km langur kafli, af 2.3 km alls, þannig að eftir er að lagfæra 0.5 km. Verður því verki hraðað eftir föngum, því svo mjög er girðingin úr sér gengin.

Lokið var við að girða allt Gunnfríðarstaðaland í Langadal, en þar var girðing fyrir frá 1961. Stækkuð var girðing að Hólum í Hjaltadal um 1.8 ha. Snjóalög gerðu mikinn usla á girðingunum á Hólum veturinn 1973-74, þannig að þær lágu að mestu leyti niðri, er snjóá leysti, en fyrir árvekni Hólamanna var komið í veg fyrir skemmdir á plöntum.

Á Fossá í Kjós var sett upp bráðabirgðagirðing og var fyrstu plöntunum plantað þar síðsumars. Sú gróðursetning var unnin af norðmönnum, sem komu í skiptiferð og verður vikið að henni hér á eftir.

Þá skal þess getið til fróðleiks, að fyrirhugað er að Sauðárkrókskaupstaður láti friða Skógarhlíð og hluta af landi Sauðár við Sauðárkrók. Á að nota landið m.a. til útivistar fyrir bæjarbúa. Mun Skógræktarfélag Skagfirðinga sjá að einhverju leyti um gróðursetningu í landið á svipuðum grundvelli og tíðkast hefur um samvinnu skógræktarféлага og bæjarfélaga. Í Skógarhlíð var til skamms tíma vottur skógarleifa, sem nú munu vera með öllu horfnar, enda hefur landið legið undir stöð-

Gróðursetning skógræktarfélaganna árið 1973.

Skógræktarfélag	Birki	Stafa- fura	Berg- fura	Sitka- greni	Rauð- greni	Lerki	Aðrar leg.	Alls
Ámesinga.....	7.950	5.450	2.000					15.400
A-Húnvetninga	2.000		1.000			5.000		8.000
A.-Skaftfellinga		1.000					2.000	3.000
Björk		1.000		1.000				2.000
Bolungarvík	1.000		1.000	1.000			25	3.025
Borgfirðinga	4.200	6.700	1.150	2.800	1.325			16.175
Dalasyслу	2.000							2.000
Eyfirðinga	6.200	300		200		1.500	100	8.300
Hafnarfjarðar	6.000	2.000	2.000	5.000				15.000
Heiðsynninga		1.000	1.000					2.000
Kjósarsýslu	2.000	2.000		7.650				11.650
Kópavogs				7.650				7.650
Mýrdælinga	150	1.500		2.000				3.650
N.-Þingeyinga.....		1.000				300	50	1.350
Neskaupstaðar	500							500
Rangæinga	1.500	4.275		2.325		300		8.400
Reykjavíkur	69.300	34.925	16.650	53.400				174.275
Siglufjarðar		500		1.500				2.000
Skagfirðinga	6.840	2.210	2.920	250	700	6.940		19.900
Strandasyслу		250		250				500
Stykkishólms	500	1.000	1.000	3.000				5.500
Suðurnesja				3.000				3.000
Súgfirðinga	1.000		1.000	1.000				3.000
S.- Þingeyinga	4.555	2.145	525	1.075	3.415	4.290	1.610	17.615
V.-Barðstrendinga	1.000	750		750				2.500
V.-Ísfirðinga	1.000	1.000	1.000	2.000				5.000
Alls	117.695	69.045	31.245	95.850	5.440	18.330	3.785	341.390

ugum ágangi búfjár frá Sauðárkróki og nágrenni. Ekki er fráleitt að ætla að kjarrgróður komi upp að nýju fái landið nægilega friðun. Áætlað er að fullgerð verði þessi girðing um 6 km að lengd.

Þá er í ráði að ýmis félagasamtök í Hafnarfirði, fyrir forgöngu Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, gangist fyrir því, að girt verði landsvæðið milli Garðahrepps og Kaldársels, þannig að innan girðingar komi Sléttuhlíð, Gráhelluhraun og Lækjarbotnar, ásamt Hvaleyrarholti. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er mjög hugað um að land þetta verði friðað og hefur hún þegar veitt til þess 1 millj. kr. Áætlað er að girðingin verði allt að 12 km að lengd og að byrjað verði á henni á árinu 1975.

Það hefur oft verið um það rætt á þessum vettvangi og öðrum, að skógræktarfélagin þyrftu nauðsynlega að verða sér úti um ný lönd, svo að þau gætu tryggt áframhaldandi störf. Á þessu er vissulega mikil nauðsyn, en hinu má ekki gleyma að sakir síaukins kostn-

aðar við efni og vinnu hafa félögin yfirleitt ekki átt þess kost að ráðast í ný landnám. Fjárskorturinn hefur verið það mikill hjá þeim flestum, að þau hafa átt fullt í fangi með að halda girðingum í lagi. Til marks um þá erfiðleika, sem við er að etja, þá hefur girðingarefniskostnaður meir en tvöfaldast á síðustu tveim árum og skyldi því engan furða að það hafa verið aðeins hin fjársterkari félög, sem komið hafa upp girðingum að undanfögnu.

Í áætlun þeirri um gróðurvernd og landgræðslu, sem samþykkt var af Alþingi á þjóðhátíðinni á Þingvelli s.l. sumar, er ráð fyrir því gert að 20 millj. króna verði árlega, næstu fimm ár, varið til skógverndar, skógræktar og útivistarsvæða. Þetta er stærsti liðurinn í áætluninni, er varðar framlög til skógræktar, þ.e.a.s. til Skógræktar ríkisins. Þótt ganga megi að því vísu, að þeim sem að áætluninni stóðu hafi verið fullljós framlög skógræktarfélaganna til skógræktar og fjárþörf þeirra, þá gerir áætlunin ekki ráð fyrir neinum beinum stuðn-

*Gróðursetning
á einstökum svæðum 1973.*

Skógræktarfélag	Staður	Fjöldi plantna
Árnesinga	Snæfoksstaðir, Grmsn.	17.000
-	Rauðholtsg. v /Selfoss	3.700
A.-Húnavetninga	Gunnfríðarstaðir	
-	Langadal	7.410
Borgfirðinga	Snagagirðing	3.100
-	Hamarsgirðing	4.000
Eyfirðinga	Kjarnaskógur við Akureyri	4.310
Hafnarfjarðar	Lækjarbotnar og Gráhelluhraun	8.000
-	Undirhlíðar II.	4.500
Kjósarsýslu	Fossá í Hvalfirði	7.550
Kópavogs	Fossá í Hvalfirði	7.650
Mýrdælinga	Gjögragirðing	3.000
Rangæinga	Tungugirðing í Fljótshlíð	5.900
Reykjavíkur	Heiðmörk	107.225
-	Öskjuhlíð	27.250
-	Breiðholt	1.300
Skagfirðinga	Hólar í Hjaltadal	3.530
-	Brekka í Seyluhreppi	
S.-Þingeyinga	Stafn í Reykjadal	3.050

	Alls	216.695

ingi við þau. Til að félögin nytu að einhverju þess fjármagns, sem ætlað er til fyrrgreindra verkefna, væri ekki úr vegi að með þeim og Skógrækt ríkisins tækist nánara samstarf um útvegum og friðun landa.

Gróðursetning

Gróðursetning félaganna á árinu 1973 varð heldur minni en árið á undan. Alls var á vegum félaganna plantað tæplega 350 þúsund trjáplöntum og fór rúmur helmingur þeirra á 15 staði.

Um árabíl hafa skógræktarfélagin legið undir þrýstingi frá plöntuframleiðendum, bæði sakir þess að Skógrækt ríkisins hefur ekki getað annað gróðursetningu sem skyldi og að framleiðendur vilja af eðlilegum ástæðum losna við plöntur úr stöðvunum á sem stystum tíma.

Þetta hefur leitt til þess að gróðursetningin hefur setið í fyrirrími hjá félögum. Þá hefur þetta ástand gengið út yfir gæði plantnanna. Af þessum sökum hafa kvartanir borist allvíða að um lélegar plöntur og raddir hafa verið uppi um að herða skuli eftirlit með afhendingu þeirra, m.a. með því að koma á stöðlun plantna. Reyndar hefur slíkt gæðamat tíðkast að nokkru og einnig hefur verið um það þegjandi samkomulag að afgreiða ekki plöntur, nema því aðeins að þær uppfylltu viss skilyrði um stærð og útlit. Af fyrrgreindum ástæðum og vegna affalla og frekar lítíls vaxtar í gróðrarstöðvunum hefur reynst freistandi að víkja frá settum kröfum. Á þetta sérstaklega við, þegar þeir kaupendur eiga í hlut, sem ekki eiga þess kost að kynna sér ástand plantna, áður en af kaupum verður. Því hafa mistök af þessu tagi aðallega bitnað á þeim skógræktarfélögum, sem fá plöntur oft sendar langt að. Þá hefur einnig ýtt undir þetta, að sum félaganna hafa úr hófi fram dregið að gera plöntupantanir. Svo rammt hefur að því kveðið, að á stundum hafa óskir um plöntusendingar ekki borist fyrr en gróðursetning almennt er hafin. Þá hefur það heldur ekki dregið úr mistökum að oft er þess ekki getið í hverskonar land á að gróðursetja, en árangur af gróðursetningarstarfinu getur í mörgum tilvikum oltið á því að vel takist til um þetta, t.d. að því er tegundaval varðar.

Í framhaldi af þessu er rétt að geta þess, að sá háttur hefur verið hafður á að áætla félögum plöntur í lok febrúarmánaðar eða byrjun mars ár hvert, og þá í sambandi við starfsmannafund Skógræktar ríkisins. Hér er um áætlun að ræða, sem oftast hefur verið nauðsynlegt að gera smávægilegar breytingar á, áður en komið hefur að afhendingu úr stöðvunum. Til grundvallar skiptingu plantna milli skógræktarfélaganna eru lagðar fram óskir þeirra um tegundir, magn og afhendingartíma og upplýsingar gróðrarstöðvanna um plöntufjöld, tegundir, kvæmi og plöntugæði. En það sem einkum hefur skort á þessar upplýsingar er vitneskjan um plöntugæðin og þyrfti að ráða bót á því hið fyrsta, t. d. með strangari ákvæðum um stöðlun plantna.

Þá tel ég æskilegt að gengið sé fyrr frá skiptingu plantna til skógræktarféлага en verið

hefur, og að þá lægju fyrir nauðsynlegar upplýsingar um þau atriði, er tryggt gætu öruggari og betri plöntuafhendingu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að miklar verðhækkningar hafa orðið á trjáplöntum að undanfögnu, auk þess sem söluskattur hefur hækkað allverulega. Skógræktarfélagin hafa skiljanlega borið sig illa undan þessu, einkum þau, sem hafa litla möguleika til fjáröflunar. Að vísu hafa félagin á móti þessu fengið afslátt af plöntum, sem oftast hefur numið þriðjungi plöntuverðs. Þrátt fyrir þessa ívilnun fer hlutfallslega meira og meira af tekjum félaganna til plöntukaupa og af þeim sökum hefur gróðursetning þeirra minnkað verulega. Á sömu sveif leggst stóraukinn kostnaður við gróðursetningu, ekki síst sakir þess að vinna sjálfbóðaliða fer minnkandi.

Það verður að horfast í augu við þá staðreynd að af er sú tíð, er sjálfbóðaliðar fóru í tugatali til gróðursetningarstarfa, jafnvel dag eftir dag á hverju vori. Er svo komið, að þessi þáttur félagsstarfsins er hverfandi móts við það sem áður var. Þó eru frá þessu undantekningar og á það við sum félag úti á landsbyggðinni; Félag sem einfaldlega hafa ekki ráð á að kosta til gróðursetningar.

Gera má ráð fyrir að framhald verði á þessari þróun a.m.k. þegar lítið er til næstu ára. Hinsvegar er ekki auðsætt hvernig félagin geti staðið straum af sívaxandi gróðursetningarútgjöldum. Fljótt á lítið virðast valkostirnir ekki margir. Beinast liggur við að félagin dragi enn frekar úr gróðursetningu plantna. Væri miður farið, ef grípa þyrfti til þess neyðarúrræðis, bæði sakir mikilsverðs þáttar félaganna í skógræktarstarfinu og þess hve gróðursetning skógræktarinnar í heild hefur dregist saman að undanfögnu. Heppilegra væri að auka niðurgreiðslur á plöntum með vindlingafé Landgræðslusjóðs, annaðhvort með beinum fjárframlögum til félaganna, með hliðsjón af plöntukaupum þeirra, eða auka frekar styrk sjóðsins til plöntuuppeldisins. Fyrri kosturinn virðist heppilegri, þar sem hann ætti að örva plöntukaup félaganna, auk þess, sem þetta stuðlaði að réttlátari skiptingu styrks til þeirra. Að auki myndi slík tilhögun veita gróðrarstöðvunum vissu aðhald, bæði hvað varðar framleiðslu og verðlagningu plantna. Nú myndu

Styrkur til skógræktarféлага 1973.

Skógræktarfélag Akraness	kr.	8.000
- Árneseinga		-110.000
- Austurlands		- 20.000
- A.-Húnavetninga		- 56.000
- A.-Skaftfellinga		-22.000
- Bolungarvíkur		- 24.000
- Borgfirðinga		-112.000
- Björk		- 14.000
- Dalasýslu		- 27.000
- Eyfirðinga		-125.000
- Hafnarfjarðar		- 86.000
- Heiðsynninga		- 20.000
- Ísafjarðar		- 68.000
- Kjósarsýslu		- 25.000
- Kópavogs		-115.000
- Mýrdælinga.....		- 28.000
- Neskaupstaðar		- 25.000
- N.-Þingeyinga		- 15.000
- Rangæinga		-45.000
- Reykjavíkur		-125.000
- Seyðisfjarðar		- 8.000
- Siglufjarðar		- 17.000
- Skagfirðinga		-115.000
- Stykkishólms		- 46.000
- Strandasýslu		- 8.000
- Suðurnesja		- 8.000
- Súgandafjarðar		- 20.000
- S.-Þingeyinga		-110.000
- V.-Barðstrendinga		- 25.000
- V.-Ísfirðinga		- 23.000
- Íslands		-550.000
	Alls kr.	2.000.000

e.t.v. margir óttast, að með slíku fyrirkomulagi gætu félagin dregið úr fjáröflun heimafyrir. Ég hygg hinsvegar, að þetta yrði félagunum hvatning til frekari dáða og gæfi þeim jafnframt aukna möguleika á að sinna öðrum nauðsynlegum störfum, sem sakir fjárskorts hafa orðið útundan.

Hér hefur oft áður verið á það bent, að þörfín fyrir aukna hirðingu plantna eykst ár frá ári, eftir því sem bætist við nýgróðursetningar. Því miður hefur þetta ekki tekist og er því víða í óefni komið. Til dæmis um þetta var ekki varið meira en kr. 140 þúsundum til

umhirðu plantna á árinu 1973. Hafa útgjöld vegna umhirðu aðeins numið 7% heildarkostnaðar við gróðursetningu. Til fróðleiks skal þess getið að í Noregi og Svíþjóð er talið lágmark, að útgjöld við umhirðu sé allt að ¼ heildarkostnaðar. Gera má ráð fyrir, að síst sé minni þörf fyrir þessi störf hér á landi, allavega á þeim stöðum, þar sem vaxtartregðu gætir hjá plöntum, eða þar sem vinna þarf að illgresiseyðingu. Því er augljóst, að auka þarf umhirðu allverulega, en til þess að verulega sjáist árangur þess, álit ég að nauðsynlegt sé að vinna að því skipulega t. d. með hjálp vinnuflokka.

Tekjur og útgjöld 1973

Sé litið á heildarútgjöld skógræktarfélaganna á árinu 1973 kemur í ljós að þau eru í stórum dráttum þessi, að undanteknu Skógræktarfélagi Reykjavíkur og Skógræktarfélagi Íslands:

Til plöntukaupa var varið tæpum 1100 þús. krónum og greidd vinna við gróðursetningu nam kr. 570 þús. Til umhirðu var varið 140 þús. króna, eins og áður var getið. Til nýrra girðinga og viðhalds fóru tæpar 900 þús. krónur. Ýmis kostnaður vegna framkvæmda í sambandi við gróðursetningarsvæði nam röskum 1.5 millj. króna. Þá varð félagskostnaður kr. 360 þús. og annar kostnaður s.s. afborganir af skuldum o. fl. kr. 950 þúsund. Gjöld urðu því alls röskar 6.5 millj. króna.

Helstu tekjur félaganna voru þessar: Ríkisstyrkur nam sömu upphæð og árið 1971 kr. 1750 þús. Sýslustyrkir hækkuðu úr kr. 145 þús. í kr. 251 þúsund. Eins og að, undanförunni veitti Skagafjarðarsýsla hæstan styrk, kr. 60 þús. en á eftir henni fylgdu Eyjafjarðarsýsla og Borgarfjarðar- og Mýrasýslur. Styrkir bæjar- og sveitarfélaga hækkuðu allverulega á árinu og má e.t.v. rekja þá hækkun að nokkru til aukinnar unglíngavinnu og annarra framlaga í sambandi við útivistarsvæði. Hækkuðu styrkir bæjar- og sveitarfélaga úr kr. 816 þúsund í kr. 1.555 þús., og munar þar mest um framlög Akureyrar og Kópavogs. Tekjur af plöntusölu, utan gróðrarstöðva, voru kr. 255 þús., og aðrar tekjur s.s. af hlunnindum, gjöfum o. fl. námu röskri 1.5 millj. kr. Þá námu framlög Landgræðslusjóðs til félaganna röskum 600

þús. krónum. Við þetta bætast svo tekjur af sjálfbodavinnu, en sjálfbodaliðar lögðu fram 990 dagsverk við ýmis störf, sem gera a.m.k. 200 þús. krónur.

Leiðbeiningar og fræðsla

Þótt töluvert sé unnið að leiðbeiningum og fræðslu á vegum skógræktarfélaganna, s.s. með leiðbeiningum um skógræktarstörf, fræðslu á fundum og útgáfu ársrits, þá eru menn sammála um að brýnt sé að auka þessa þætti félagsstarfsins. Að sjálfsögðu má um það deila á hvað skuli leggja mesta áherslu. Ég hygg að almennar leiðbeiningar um skógræktarstörf séu einna mest aðkallandi, ekki síst sakir þess að skógarverðirnir hafa í æ minni mæli getað veitt félögumunum aðstoð. Það er auðsætt, að eigi þau að geta annað eins stórum hluta skógræktarstarfsins og hingað til, verður að veita þeim auknið aðhald og fyrirgreiðslu. Að öðrum kosti er hætt við að störf þeirra fari meira og minna úrskeiðis og þannig bæði fjármunum og vinnu kastað á glæ.

Í marsmánuði 1973 boðaði stjórn Skógræktarfélags Íslands stjórnarmenn skógræktarféлага á Suðurlandi til fundar til að ræða við þá um ýmis þau mál, er verða mættu til eflingar félagsstarfinu. Slíkir landshlutafundir eru ekki nýir af nálinni, og hafa þeir verið haldnir í öllum landshlutum að undanteknum einum, Suðvesturlandi. Yfirleitt hafa þessir fundir reynst gagnlegir t.d. með tilliti til sameiginlegra áhugamála félaga og samræmingar á störfum, því viðfangsefni eru lík, þótt félögin búi við ólík fjárráð og aðstæður. Í ráði er að halda fleiri slíka fundi, eftir því sem ástæður leyfa, og geta þeir að nokkru komið í stað formannafunda þeirra, sem fyrirhugað er að efna til annað hvert ár.

Norðmannaheimsókn

Á árinu 1973 var skipst á skógræktarfólki milli Íslands og Noregs. Að venju var til þessarar ferðar stofnað að tilhlutan norska Skógræktarfélagsins og Skógræktarfélags Íslands. Hafa slíkar ferðir verið farnar þriðja hvert ár, allt frá árinu 1949, þannig að þetta var 9 skiptiferðin í röðinni.

Hingað komu 70 norðmenn og dvöldust þeir á þrem stöðum í nágrenni Reykjavíkur,

í Haukadal og á Hallormsstað. Jafnfjöldmennur hópur Íslendinga dvaldi í Opplandfylki í Noregi. Stóð skiptiferðin yfir í hálfan mánuð; var farið 1. ágúst og komið heim þann 15. Þóttu ferðir þessar takast vel.

Slíkum hópferðum fylgir að sjálfsögðu mikill kostnaður og ærin fyrirhöfn. Reynt hefur verið að mæta kostnaði á ýmsan hátt, t.d. með fargjöldum og vinnuframlögum þátttakenda. En reynslan hefur samt orðið sú, að erfitt hefur reynst að ná endum saman. Verst hefur þetta komið við pyngju þeirra skógræktarféлага, sem tekið hafa á móti norðmönnum til dvalar. Þá virðist erfitt að brúa þetta bil svo nokkru nemi með auknum störfum þeirra hér. Afköstin voru t.d. aðeins um 60 þúsund gróðursettar plöntur að lokinni þessari ferð og afar misjöfn frá stað til staðar.

Því virðist nauðsynlegt að endurskoða skipulag slíkra ferða með tilliti til kostnaðar. Væri e.t.v. hægt að draga nokkuð úr kostnaði með því að fækka dvalarstöðum og hækka fargjöld og er þó hvorugur kosturinn góður. Þá hefur komið til tals að fækka ferðum frá því sem verið hefur, en það virðist ekki koma til greina a.m.k. í nánustu framtíð, því greinilegur áhugi virðist vera hjá norðmönnum að fjölga þeim frekar en fækka.

Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins

Ársskýrsla 1973

I. INNGANGUR

Sú breyting varð á föstu starfslíði stöðvarinnar, að Evert Ingólfsson hætti störfum 20. ágúst, og vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka honum ágæta samvinnu á liðnum árum. Annar garðyrkjumaður mun væntanlega taka til starfa hér 1. apríl.

Lausráðið verkafólk starfaði hér að venju yfir sumartímenn. Vinnuvikur þess voru alls 77, og skiptust þannig eftir mánuðum: maí 8, júní

29, júlí 17, ágúst 17, september 4 og desember 2. Að venju var illmögulegt að fá verkafólk fyrr en í júníbyrjun þegar skólunum lauk.

II. TILRAUNIR Á MÓGILSÁ

Veðurathuganir. Auk venjulegra veðurathugana og búveðurfræðiathugana, voru gerðar hitamælingar á þremur stöðum í mismunandi hæð í Esjunni nær allt árið. Þessum mælingum var lýst í síðustu ársskýrslu. Niðurstöður veðurathugana liggja ekki fyrir ennþá.

Vöxtur mátti heita í meðallagi. Norðanáttir voru með minna móti, svo sem verið hafði tvö undanfarin ár. Útjörð spratt lengur fram eftir sumri en venjulegt er og ekki eins nauðbitin og verið hefur á undanförnum árum.

Sáning og dreifsetning. Í plastgróðurhús var sáð eftirfarandi tegundum og kvæmum í 70 fermetra:

11 grenitegundum af 60 kvæmum
3 þallartegundum af 11 kvæmum
3 furutegundum af 14 kvæmum.

Í gróðurhúsið var sáð smásýnum af 15 furutegundum, 3 grenitegundum og 1 lerkitegund auk smá sýna af ýmsum lauftrjám og runnum og jurtum.

Dreifsetning var lítil, nær eingöngu sitkagreni, sem fyrirhugað er að nota í skjólbelti.

Stiklingaræktartilraunir. Settir voru í gróðurhúsið 900 sitkagrenistiklingar, og mynduðu 60% þeirra rætur. 1600 birkistiklingar af úrvalstrjám voru settir og rættust helmingur þeirra. Tilraunir voru gerðar með ýmsar aðrar tegundir barrtrjáa, svo sem fjallaþin og lerki en árangur lítil. Þá voru settir hér seljustiklingar og rótarstiklingar af blæösp frá Norður-Noregi, sem Sigurður Blöndal hafði safnað haustið 1972. Af báðum tegundunum rættust nógu margir stiklingar til þess, að hægt verði að fjölga þeim fljótlega í þó nokkrum mæli.

Ágræðsla. Eins og getið hefur verið í síðustu ársskýrslum, hefur aukin áhersla verið lögð á að leita uppi úrvalsbirkitré og fjölga þeim fyrst með ágræðslu og síðar með stiklingum. Í apríl fór ég ásamt Hákonni Bjarnasyni, skógræktarstjóra, í Bæjarstaða- og Hallormsstaðaskóg. Bæjarstaðaskógur, sem lengi þótti fegurstur íslenskra birkiskóga, er nú á fallanda fæti sökum elli, og eru því síðustu forvöð að velja þar úr bestu trén. Kom það sér vel að Hákon þekkti skóginn frá blómaskeiði hans og sum þeirra trjáa, sem fegurst höfðu verið. Völdum við þar 6 tré og tókum af þeim kvisti. Svo sem kunnugt er, er erfitt að ágræða kvisti af gömlum trjám og varð árangurinn heldur lakur. Heppnuðust aðeins 24 af 45 ágræðslum. Tvö birkitré völdum við á Hallormsstað til viðbótar þeim, sem áður höfðu verið valin. Þessi tré voru ekki gömul og heppnuðust 19 af 20 ágræðslum. Ennfremur völdum við 3 úrvals lerkitré til ágræðslu, sem tókust allvel. Einnig tókum við ágræðslukvisti af reynivið við Bæjargilið á Skaftafelli, en hann var á sínum tíma talinn einn mesti reyniviður á landinu.

Þessi leit að úrvalstrjám af ýmsum tegundum mun verða bæði skógrækt og trjárækt í landinu til mikils gagns, er fram líða stundir. Því væri ágætt, ef þeir sem telja sig þekkja tré af hinum ýmsu tegundum, sem bera af öðrum einstaklingum, létu okkur vita, hvar þau er að finna. Má hér til dæmis nefna tegund eins og reynivið, sem til er víða um land af mismunandi stofnum. Væri mikill fengur að fá upplýsingar um falleg tré, sem virðast laus við þá kvilla, sem oft fylgja þessari tegund.

Frærannsóknir og fræsöfnun. Á árinu voru rannsókuð 84 fræsýni. Fræsöfnun fór eingöngu fram á Fljótsdalshéraði. Þar var safnað 9.5 kg af birki, sem reyndist mun lakara en árið áður. Þá var safnað 2.1 kg af lindifurufraei, sem virðist allvel þroskað og 0,6 kg af broddfurufraei, sem spírar 93%. Birgðir af birkifraei eru nú 150 kg, og er mestur hluti þess ágætt fræ.

III. TILRAUNIR ÚTI Á LANDI

Kvæmatilraunir. Tvær nýjar kvæmatilraunir voru gerðar á árinu. Önnur í Jórvík í Breið-

dal, sem í eru 7 kvæmi af sitkagreni og 1 kvæmi af svartgreni, hvítgreni og rauðgreni. Hin á Gilá í Vatnsdal með 6 kvæmum af sitkagreni. Mældar voru kvæmatilraunirnar í Selskógi í Skorradal og Ásólfstaðaskógi. Er vöxtur í þeim báðum ágætur. Tilraun sem gerð var í graslendi á Ásólfstöðum í fyrra misheppnaðist, en tilraunin sem gerð var sama ár í Bakkakoti í Skorradal tókst mjög sæmilega.

Gróðursetningartilraunir. Í Heiðmörk var gerð tilraun með sex mismunandi aðferðum á mólendi, og eru tvær tegundir í tilrauninni, stafafura og sitkagreni. Önnur tilraun með mismunandi gróðursetningar aðferðir var gerð á framræstri mýri á Ormsstöðum í Hallormsstaðaskógi, en þar er mikill grasvöxtur. Mældar voru tilraunir frá fyrra ári í Geitagerði í Fljótsdal og í Heiðmörk. Í Geitagerði, þar sem lerkur var gróðursett í mel, kemur í ljós að þegar alhliða áburður er notaður, þá kemur þegar á fyrsta ári svo mikið gras, að plönturnar lyftast ekki af holkakka. Í Heiðmörk kemur í ljós, að afföll geta orðið mjög mikil ef tilbúnum áburði er blandað beint í gróðursetningarholuna.

Vaxtarmælingar. Í sambandi við skógræðslukönnunina voru á Hallormsstað mældar allar gróðursetningar frá 1960 og eldri. Voru það tveir sænskir stúdentar, sem verkið unnu, og með ágætum. Á næsta ári verður væntanlega hægt að taka fyrir gróðursetningar frá sama tíma á Norðurlandi (Eyjafirði er þó að mestu lokið) og Suðurlandi. Verður þá hægt að bera saman árangurinn í hinum ýmsu landshlutum.

IV. FERÐALÖG

Þóririnn Benedikz fékk styrk til Norðurlandafarar frá sjóði Norsku þjóðargjafarinnar. Sótti hann tvær ráðstefnur um kvæmarannsóknir í Noregi og heimsótti trjágarðana (arboretin) í Milde við Bergen, Gautaborg og Hörsholm í Kaupmannahöfn. Undirritaður fékk styrk úr sama sjóði til ferðar um Lofoten, Vesterålen og Suður-Troms í Noregi. Væntanlega mun ég skrifa um ferðina í samvinnu við Sigurð Blöndal, sem ferðaðist um Troms og Finnmark árið 1972.

Stjórnir héraðsskógræktarfélaganna og félagatal 1973

Skógræktarfélag

- Árneseinga: Ólafur Jónsson, form., Óskar Þ. Sigurðsson, ritari, Stefán Jasonarson, gjaldkeri, Sigurður I. Sigurðsson og Þórmundur Guðmundsson. Tala féлага: 612.
- A.-Húnavetninga: Þormóður Sigurgeirsson, form., Haraldur Jónsson ritari, Holti Línadal, gjaldkeri, sr. Árni Sigurðsson, Pétur B. Ólafsson og Jón Ísberg. Tala féлага: 140.
- A.-Skafthellinga: Einar Hálfðánarson, form., Þorsteinn Þorsteinsson, ritari, Benedikt Þjarnason, gjaldkeri, Þrúðmar Sigurðsson og Þorsteinn Geirsson. Tala féлага: 98.
- Bolungarvíkur: Bernóður Halldórsson, form., Guðmundur Sigmundsson, gjaldkeri og Ósk Guðmundsdóttir, ritari. Tala féлага: 31.
- Borgfirðinga: Jón Guðmundsson, form., Daníel Kristjánsson, gjaldkeri, Þórður Pálmason, ritari, Benedikt Guðlaugsson og Hjörtur Helgason. Tala féлага: 310.
- Björk: Jens Guðmundsson, form., Jón Þórðarson og Samúel Björnsson. Tala féлага: 15.
- Dalasýslu: Magnús Rögnvaldsson, form., Einar Kristjánsson og Guðmundur Kristjánsson. Tala féлага: 33.
- Eyfirðinga: Brynjar Skarphéðinsson, form., Ingólfur Ármannsson, varaform., Oddur Gunnarsson, ritari, Hallgrímur Indriðason, gjaldkeri, Haraldur Þórarinnsson, Sigurður O. Björnsson og Tryggvi Sigtryggsson. Tala féлага: 500.
- Hafnarfjarðar: Ólafur Vilhjálmsson, form., Ólafur Jónsson, ritari, Guðmundur Þórarinnsson, gjaldkeri, Haukur Helgason, varaform., Jón Magnússon, Auður Eiríksdóttir og Helgi Jónsson, Tala féлага: 255.
- Heiðsynninga: Þórður Gíslason, Form., Gunnar Guðbjartsson, gjaldkeri og Páll Pálsson, ritari. Tala féлага: 45.
- Ísafjarðar: Ágúst Leós, form., Finnur Magnússon, ritari, Samúel Jónsson, gjaldkeri, Garðar Einarsson og Guðmundur Guðmundsson. Tala féлага: 195.
- Kjósarsýslu: Ólafur Á. Ólafsson, form., Freyja Norðdahl, ritari og Magnús Jónsson, gjaldkeri. Tala féлага: 180.
- Kópavogs: Hermann Lundholm, form., Andrés Kristjánsson, ritari, Einar Vernharðsson, gjaldkeri, Guðmundur H. Jónsson, Ingjaldur Ísaksson og Snorri Sigurðsson. Tala féлага: 500.
- Mýrdælinga: Erlingur Sigurðsson, form., Einar H. Einarsson, ritari, Páll Tómasson, gjaldkeri, Gunnar Stefánsson, Gunnsteinn Ársællsson, Ástríður Stefánsdóttir og Matthildur Gottsveinsdóttir. Tala féлага: 175.
- Neskaupstaðar: Gunnar Ólafsson, form., Reynir Zoëga, gjaldkeri, Jón Lundi Baldursson, ritari, Jón S. Einarsson og Sveinhildur Vilhjálmisdóttir. Tala féлага: 97.
- N.-Þingeyinga: Halldór Sigurðsson, form., Sigurgeir Ísaksson, gjaldkeri og Theodór Gunnlaugsson, ritari. Tala féлага: 20.
- Rangæinga: Klemenz Kr. Kristjánsson, form., Daði Sigurðsson, ritari, Indriði Indriðason, gjaldkeri, Árni Sæmundsson, og Ólafur Bergsteinsson. Tala féлага: 547.
- Reykjavíkur: Guðmundur Marteinnsson, form., Jón Birgir Jónsson, ritari, Björn Ófeigsson, gjaldkeri, Lárus Blöndal Guðmundsson og Sveinbjörn Jónsson. Tala féлага: 1250.
- Seyðisfjarðar: Oddur Ragnarsson, form., Guðmundur Gíslason, gjaldkeri, Gunnþór Björnsson, ritari, og Carl Nielsen. Tala féлага: 40.
- Siglufjarðar: Jóhann Þorvaldsson, form., Kjartan Bjarnason, gjaldkeri, Hlöðver Sigurðsson, Guðmundur Jónsson og Jóhann Stefánsson. Tala féлага: 57.
- Skagfirðinga: sr. Gunnar Gíslason, form., Haraldur Arnason, ritari, Álfur Ketilsson, gjaldkeri, Jóhann Salberg Guð-

Aðalfundur Skógræktar- félags Íslands 1973

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands var haldinn í Hafnarfirði dagana 24.-26. ágúst 1973. Fundinn sóttu 72 manns, fulltrúar héraðsfélaganna, stjórn og varastjórn félagsins ásamt nokkrum gestum. Meðal þeirra voru Halldór E. Sigurðsson landbúnaðarráðherra, Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri, Stefán Gunnlaugsson, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, og bæjarstjórinn, Kristinn Ó. Guðmundsson.

Fundurinn hófst kl. 10 árdegis að Skiphól.

Formaður félagsins Jónas Jónsson setti fundinn með ávarpi og drap þ.á.m. á verkefni fundarins, og starf félaganna á árinu.

Dagskrá fundarins var þessi:

Föstudagur 24. ágúst.

Kl. 10.00 Fundur settur. Formaður félagsins ávarpar fundarmenn.

mundsson og Hjörleifur Kristinsson. Tala féлага: 390.

- Strandasýslu: Brynjólfur Sæmundsson, form., Grímur Benediktsson og Ingimundur Ingimundarson. Tala féлага: 76.
- Stykkishólms: Sigurður Ágústsson, form., Ámi Helgason, ritari og Anna Birna Ragnarsdóttir, gjaldkeri. Tala féлага 45.
- S.-Þingeyinga: Tryggvi Sigtryggsson, form., Jóhannes Sigfinnsson, ritari, Indriði Ketilsson, gjaldkeri, Hjörtur Tryggvason, varaform., Ingólfur Sigurgeirsson, Sigurður Marteinnsson og Þórir Friðgeirsson. Tala féлага: 250.
- V.-Barðstrenginga: Helga Jónsdóttir, form., Sigurgeir Magnússon, gjaldkeri, og Guðrún Einarsdóttir, ritari. Tala féлага: 45.
- V.-Ísafirðinga: Guðmundur Ingi Kristjánsson, form., Guðrún Markúsdóttir og Emil Hjartarson. Tala féлага: 104.

Ávarp landbúnaðarráðherra Halldórs E. Sigurðssonar.

Ávarp forseta bæjarstj. Hafnarfjarðar Stefáns Gunnlaugssonar.

Skýrsla framkvæmdastj.: Snorri Sigurðsson.

Kosið í nefndir og lagðar fram tillögur.

- 12.00 Hádegisverður.
Skýrsla gjaldkera.
Skýrsla félagsstjórna.
- 15.30 Kaffihlé.
- 16.00 Framhald fundar, umræður.
- 19.00 Kvöldverður í boði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.
- 21.00 Kvöldvaka.

Laugardagur 25. ágúst.

Kl. 10.00 Framhald fundar.

Afgreiðsla tillagna.

- 12.00 Hádegisverður.
- 13.30 Skoðunarferð og gróðursetning.

Sunnudagur 26. ágúst.

Kl. 10.00 Framhald fundar.

Stjórnarkosning og fundarslit.

Þessir fulltrúar mættu á aðalfundi:

Skógræktarfélag

- Akraness: Bergur Arnbjörnsson.
- Árnesinga: Ólafur Jónsson, Garðar Jónsson og Sigurður Ingi Sigurðsson.
- Austurlands: Sigurður Blöndal.
- A.-Skaftfellinga: Einar Hálfðánarson.
- Borgfirðinga: Benedikt Guðlaugsson, Jón Guðmundsson og Þórunn Eiríksdóttir.
- Dalasýslu: Einar Kristjánsson.
- Eyfirðinga: Hallgrímur Indriðason, Ingibjörg Sveinsdóttir og Ármann Dalmannsson.
- Hafnarfjarðar: Jón Magnússon, Ólafur Vilhjálmsson og Guðmundur Þórarinnsson.
- Ísafjarðar: M. Simson.
- Kópavogs: Guðmundur Örn Árnason, Andrés Kristjánsson, Leó Guðlaugsson, Sigurbjartur Jóhannesson, Baldur Helga-

- son, Sigurður Helgason og Jón Páll Ágústsson.
- Kjósarsýslu: Ólafur Ágúst Ólafsson.
- Mýrdælinga: Erlingur Sigurðsson.
- Neskaupstaðar: Eyþór Þórðarson.
- Rangæinga: Indriði Indriðason.
- Reykjavíkur: Guðmundur Marteinnsson, Lárus Blöndal Guðmundsson, Kjartan Sveinsson, Vilhjálmur Sigtryggsson, Bjarni Helgason, Björn Ófeiggsson, Guðrún Einarsdóttir, Guðbrandur Magnússon, Ragnar Jónsson og Sveinbjörn Jónsson.
- Skagfirðinga: sr. Gunnar Gíslason og Haraldur Árnason.
- Stykkishólms: Guðmundur Bjarnason.
- S.-Þingeyinga: Tryggvi Sigtryggsson, Hjörtur Tryggvason og Ingólfur Sigurgeirsson.
- V.-Barðstrendinga: Vilborg Jónsdóttir.
- Íslands: Jónas Jónsson, Oddur Andrésón, Kristinn Skæringsson, Bjarni Helgason, Auður Eiríksdóttir, Hákon Bjarnason, Hulda Valtýsdóttir, Þórarinn Þórarinnsson og Snorri Sigurðsson.

Fundargestir:

Halldór E. Sigurðsson, Sveinbjörn Dagfinnsson, Stefán Guðlaugsson, Kristinn Ó. Guðmundsson, Gunnlaugur Briem, Ingvi Þorsteinsson, Haukur Hafstað, Óli Valur Hansson, Ingólfur Davíðsson, Jón Gestur Vigfússon, Jón Magnússon, Baldur Þorsteinsson og Haukur Ragnarsson.

Að lokinni ræðu Jónasar Jónssonar ávarpaði landbúnaðarráðherra fundinn með stuttu en snjöllu erindi en að því loknu bauð Stefán Gunnlaugsson forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar fundarmenn velkomna til Hafnarfjarðar og minntist í því sambandi á hin ágætu störf Skógræktarfélags Hafnarfjarðar til fegrunar bæjarins og umhverfis hans.

Hákon Bjarnason flutti því næst yfirlit um ýmsa þætti skógræktarstarfsins og í því sambandi gerði hann grein fyrir því hversu áfram miðaði að gerð skóggæðsluáætlunar. Þá gat hann þess að árferði hefði að undanfögnu verið óhagstætt skógræktinni, þó sér-

staklega plöntuuppeldinu. Stefnt yrði að því að koma uppeldinu meir og meir inn í plasthús og að nota þyrfti meir kæligeymslur fyrir plöntur en verið hefur. Að lokum ræddi hann um fjárhag skógræktarinnar almennt og taldi fjárveitingar til hennar allt of litlar.

Snorri Sigurðsson framkvæmdastjóri félagsins flutti skýrslu um störf héraðsskógræktarfélaganna á árinu 1972. Hann gat þess m.a., að tvö félaganna, Skógræktarfélag Kópavogs og Skógræktarfélag Kjósarsýslu hefðu sameiginlega ráðist í kaup á jörðinni Fossá í Hvalfirði og væri ætlun félaganna að vinna í sameiningu að skógrækt á henni. Störf héraðsfélaganna hefðu verið svipuð og að undanfögnu, frekar lítið hefði bæst við lönd þeirra en félögin hefðu haldið í horfinu hvað gróðursetningu og hirðingu plantna snerti, þrátt fyrir sívaxandi fjárhagsörðugleika. Gróðursettu félögin þannig rösklega 370 þúsundir trjáplantna á árinu 1972. Þá gerði Snorri grein fyrir afgreiðslu tillagna síðasta aðalfundar og skýrði frá störfum félagsstjórnar.

Gjaldkeri félagsins Kristinn Skæringsson las og skýrði reikninga félagsins. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi voru kr. 2.402.405,11 og á eignareikningi kr. 2.862.305,72.

Að loknum hádegisverði töluðu fulltrúar héraðsfélaganna, sögðu frá verkefnum og störfum, svo og hverjar væru fyrirætlanir og óskir hvers félags. Fór hluti síðdegisins í þetta, en fram komu tillögur um mörg mál. Var þeim lýst og síðan vísað til nefndar.

Um kvöldið bauð Hafnarfjarðarþær til kvöldverðar. Þar fóru fram ræðuhold og söngur ásamt afhendingu verðlauna til tveggja Hafnfirðinga fyrir ótult og gott starf í þágu skógræktar; þeirra séra Garðars Þorsteinssonar og Ólafs Vilhjálmssonar, fyrrverandi og núverandi formanns Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Í þessu hófi flutti Ólafur Þ. Kristjánsson mjög skemmtilegt og fróðlegt erindi um Hafnarfjörð. Að borðhaldi loknu var stiginn dans fram til kl. eitt eftir miðnætti.

Laugardaginn 25. ágúst hófst fundur kl. 10 árdegis og voru þá ræddar tillögur þær, sem fyrir fundinum lágu.

Að loknum hádegisverði var farið í skoðunarferð um nágrennið, fyrst í girðingu Skógræktarfélags Hafnarfjarðar í Gráhelluhrauni,

en þar hafa hraunin breytt mjög um svip fyrir plöntunarstarf félagsins. Víða er það að klæðast skógi, bæði birki, furu og greni. Fannst fundarmönnum mjög um, hvernig þrýða og bæta má hraunin.

Síðan voru sóttir heim tveir forgöngumenn um skógrækt og lönd þeirra skoðuð, þeir Jón Gestur Vigfússon í Sléttuhlíð og Jón Magnússon í Smalaskála, en báðir þessir menn hafa unnið mikið starf með ágætum árangri. Þá var komið við á landi Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra, en að því búnu í girðingu skógræktarfélagsins á Hvaleyrarholti, þar sem fundarmenn gróðursettu 1200 birkiplöntur og þótti mönnum það ánægjulegt verk að loknum dagsönnum.

Sunnudaginn 26. ágúst hófst fundur kl. 10 árdegis með því að samþykktir voru reikningar félagsins, ræddar tillögur og gengið til atkvæða um þær. Að því loknu var gengið til kosninga í stjórn og varastjórn. Úr stjórn átti að ganga frú Auður Eiríksdóttir, Hafnarfirði og úr varastjórn Ólafur Jónsson Selfossi. Ólafur Vilhjálmsón, Hafnarfirði, var kosinn í stað frú Auðar, en Ólafur Jónsson var endurkosinn. Fundi var síðan slitið um hádegi, en síðari hluta dags fóru flestir fundarmanna um Heiðmörk og að Rannsóknarstöðinni að Mógilsá.

Eftirfarandi tillögur voru samþykktar á fundinum:

TILLÖGUR

1. Fundurinn fagnar almennum áhuga á hverskonar landvernd og bættri landnýtingu.

Fundurinn minnir á, að skógrækt og verndun skógarleifa er einn mikilvægasti þáttur landverndar og landgræðslumála. Því væntir fundurinn þess, að hlutur skógræktar í heildarlandgræðsluáætlun verði samkvæmt því.

2. Fundurinn minnir á mikilvægt hlutverk Landgræðslusjóðs. Hann er undirstaða plöntuframleiðslu skógræktarinnar. Vindlingaþeningarnir, sem eru hinn fasti tekjustofn sjóðsins, hafa lítið breyst í mörg ár.

Fundurinn skorar því á fjárveitingavaldið að hækka þetta gjald svo, að það nái a.m.k. hinu upphaflega hlutfalli og fylgi síðan verðlagi.

3. Fundurinn minnir á, að oft hefur orðið tjón í skógræktargirðingum vegna gáleysislegrar meðferðar á eldi.

Fundurinn skorar á Brunamálastofnun ríkisins að taka í sínar hendur eldvarnir í skóglendum.

Fundurinn felur ennfremur stjórn félagsins að kanna möguleika á brunatryggingum skóglenda.

4. Fundurinn vill að gefnu tilefni vekja athygli forráðamanna bæjarfélaga á nauðsyn þess að vernda öll gróðursvæði innan bæjarmarka eftir því sem kostur er á. Slík svæði eru víða svo dýrmæt, að þau má ekki skerða, ef hjá verður komist, með byggingaframkvæmdum og því síður með lítt hugsuðum vegalagningum. Einnig vill fundurinn benda forráðamönnum bæjarfélaga á að leita eftir álit almennings í tíma áður en byrjað er á nýjum framkvæmdum.

Loks átelur fundurinn harðlega fyrirætlanir Kópavogskaupstaðar og Reykjavíkurborgar um að taka meira af landi Fossvogsdals undir byggingar og vegi.

Fundurinn telur miður að hvikað var frá tillögum prófessors Bredsdorfs um skipulag á þessu svæði og telur, að með því fráviki hafi verið unninn óbættanlegur skaði fyrir Reykvíkings og Kópavogsbúa.

Fundurinn fagnar þeirri sókn, sem íbúar á þessu svæði hófu til verndunar Fossvogsdals, gegn hraðbraut um dalinn, og lýsir ánægju sinni yfir því, að yfirvöld Reykjavíkur og Kópavogs skuli hafa heitið að taka þessi mál til endurskoðunar. Treystir fundurinn því, að sú endurskoðun leiði til fullrar verndunar dalsins, eins og kostur er héðan af, svo og sjávarbakkanna beggja megin Fossvogs, og hvetur fólk og félagasamtök á þessu svæði til að standa vörð um Fossvogsdalinn.

5. Fundurinn vill benda bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum kauptúna um land allt á nauðsyn þess að hafa almenningsgarða og græn svæði í og við bæi og kauptún, og hvetur til

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Rekstrarreikningur

frá 1. janúar til 31. desember 1973.

	Gjöld:	
Prentun o. fl. v. ársrits		574.748.70
<i>Girðingæfni og verkfæri:</i>		
Birgðir 1 / 1 1973	307.374.00	
Kaupverð og- kostn.	1.107.439.50	

	1.414.813.50	
÷ Birgðir 31/12 1973	151.320.00	
	-----	1.263.493.50
Ljós, hiti, ræsting		
o. fl. greitt til Skóg-		

býli, þar sem það samræmist ekki hagsmunum og vilja almennings.

13. Fundurinn skorar á fjárveitingarvöld landsins að stórauka fjárveitingar til skógræktarmála í landinu.

14. Fundurinn skorar á stjórnina að hafa samband við gróðurverndarnefnd Árnessýslu og aðra þá aðila, sem um þau mál eiga að fjalla, t.d. Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins að sjá svo til að gildandi lögum sé beitt til að hindra frekari landskemmdir, sérstaklega á Suðurlandi.

Greinargerð:

Á fáum stöðum suðvestanlands hafa gróður- og landspjöll af völdum rányrkju orðið geigvænlegri en í Grafningshreppi og Þingvallasveit. Afleiðingar ofbeitar hafa orðið æ alvarlegri s.l. 20 ár í Grafningshreppi. Í neðri hluta hreppsins eru jarðir tiltölulega landlitlar en hinsvegar hefur sauðfjárhald verið þar meira nú undanfarin ár en nokkru sinni fyrr. Er því nauðsynlegt að hindra hömlulausa ániðslu landsins, sem að verulegu leyti er í eigu opinberra stofnana og sjóða.

15. Fundurinn beinir þeirri ósk til stjórnarinnar, að hún leiti eftir vilja hinna einstöku skógræktarfélaga um það hvort halda skuli aðalfund á hverju ári eins og nú er gert, eða annaðhvort ár, og verði þá haldnir formannafundir félaganna hitt árið.

ræktar ríkisins	57.428.00	
Prentun, pappír, ritf.	15.953.00	
Símakostnaður og		
burðargjöld	21.137.40	
Vinnulaun	127.662.00	
Auglýsingar	3.500.00	
Kaffikostnaður	4.922.20	
Gjafir	17.475.00	
Kostn. v. aðalfundar	61.721.80	
„ v. fundar á Self.	11.415.00	
Kveðjuhóf v. fyrrv.		
formanns félagsins ...	40.719.00	
Félagsgjald til Land-		
verndar	15.000.00	
Endurskoðun, upp-		
gjör o. fl.	39.950.00	
Akstur	14.947.00	
Launaskattur	3.377.00	
Viðhald áhalda	4.788.20	
Slysatrygging o. fl.	1.900.00	
Ýmislegt	8.802.00	
	-----	450.697.60

Fræðslu- og

leiðbeiningastarfsemi :

Ráðunautar:		
Laun	36.000.00	
Ferðakostnaður	63.846.00	
Akstur	97.000.00	
Fræðslufundir	36.000.00	
	-----	232.846.00
Kostnaður vegna skiptiferða ís-		
lendinga og norðmanna		493.888.00
Kostnaður vegna komu norrænna		
skógræktarstjóra		79.322.00
Ferðakostnaður á aðalfund norska		
skógræktarfélagsins		43.272.00
Styrkur til Skógræktarfél. S.-Þing.		60.000.00
Vextir		804.00
<i>Fyrningar (10%):</i>		
Skrifstofutæki	1.617.00	
Rafsuðuvél	877.00	
Skuggamyndavél	1.160.00	
Húsvagn	9.830.00	
	-----	13.484.00
Nettó ágóði		71.774.10

Kr. 3.284.329.90

Tekjur:		÷ Fyrning '73	877.00		
Selt ársrit og auglýsingar	398.180.00	„ áður	7016.00		
Selt girðingarefni og verkfæri	1.655.204.00		-----	7.893.00	
Árgjöld	70.400.00			-----	877.00
Gjafir	32.579.00	Skuggamyndavél ...		11.600.00	
Styrkur úr ríkissjóði 2.000.000.00		÷ Fyrning '73	1160.00		
÷ Úthlutað til skóg- ræktarfélagi	1.450.000.00	„ áður	3480.00		
	-----		-----	4.640.00	
	550.000.00			-----	6.960.00
Styrkur úr Landgræðslusjóði	500.000.00	Húsvagn að 1/3 hl.		98.300.00	
Vextir	77.966.90	÷ Fyrning 1973		9.830.00	
	-----			-----	88.470.00
	Kr. 3.284.329.90	Sjóðir í vörslu Skógræktarfélagis Ís- lands skv. meðfylgjandi skrá ..			30.897.30
	-----				-----
					Kr. 3.059.973.13

Efnahagsreikningur

hinn 31. desember 1973.

Bankainnstæður:

Eignir:

Sparisj. bók nr. 47546 í Búnaðarb. Ísl.	55.080.60		
Sparisj. ávísanabók nr. 4697 í Bún. Ísl.	3.050.00		
Viðskiptabók nr. 622 í Söfnunarsjóði Ísl. ..	73.807.00		
	-----		131.937.60

Útstandandi skuldir:

Skógræktarfélag	387.963.11		
Girðingarefni	1.514.637.50		
Skógrækt ríkisins	379.356.20		
Skógræktarfélag Reykjavíkur	112.404.52		
Snorri Sigurðsson v. bifreiðakaupa ...	242.649.60		
	-----		2.637.011.23
Birgðir af girðingarefni	151.320.00		
Skrifstofutæki	16.714.52		
÷ Fyrning '73 1617.00			
„ áður 2597.52			
-----	4.214.52		
	-----		12.500.00
Rafsuðuvél	8.770.00		

Skuldir:

Landgræðslusjóður.	840.516.89
Skógræktarfélag	72.866.91
Ýmsir skuldheimtumenn	884.621.00
Skuld á sparisjóðsávísanabók nr. 1106 í Búnaðarbanka Íslands	83.843.90
Sjóðir í vörslu Skógræktarfélagis is- lands skv. meðfylgjandi skrá	30.897.30
Höfuðstóll 1/1 1973 1.075.453.03	
Nettó ágóði samkv. rekstrarreikningi	71.774.10

	1.147.227.13

	Kr. 3.059.973.13

Framanskráðir reikningar eru samdir eftir bókhaldi félagsins og fleiri gögnum að aflokinni endurskoðun.

Tilgreindar bankainnstæður eru í samræmi við sparisjóðsbækur félagsins.

Birgðir eru samkvæmt talningu gjaldkera.

Reykjavík, 26. ágúst 1974.

Kolbeinn Jóhannsson,

lögg. endurskoðandi.

Halldór Sigfússon.

Sjóðir í vörslu Skógræktarfélagis Íslands hinn

Vextir 1973 1.102.50
----- 14.333.00

31. desember 1973.

Kr. 30.897.80

Eignir:

1. Bæjarstaðaskógur:

Sparisjóðsbók nr. 2258 í Spari-
sjóði Reykjavíkur og nágrennis 4.053.80

2. Minningarsjóður

Guðmundar Sigurðssonar:
Viðskipta bók nr. 645 við Söfn-
unarsjóð Íslands 6.459.00

3. Minningarsjóður

Jóns Mýrdal:
Viðskipta bók nr. 644 við Söfn-
unarsjóð Íslands 6.052.00

4. Minningarsjóður

Elínborgar E. Jóhannsdóttur-
og Jóhannesar Sveinssonar:
Sparisjóðsbók nr. 15820 við
Búnaðarbanka Íslands 14.333.00

Kr. 30.897.80

Skuldir:

1. Bæjarstaðaskógur:

Hrein eign 1/1 '73 3.742.00
Vextir 1973 311.80
----- 4.053.80

2. Minningarsjóður

Guðmundar- Sigurðssonar:
Hrein eign 1/1 '73 5.872.00
Vextir 1973 587.00
----- 6.459.00

3. Minningarsjóður

Jóns Mýrdal:
Hrein eign 1/11 '73 5.502.00
Vextir 1973 550.00
----- 6.052.00

4. Minningarsjóður

Elínborgar E. Jóhannsdóttur
og Jóhannesar Sveinssonar:
Hrein eign 1/1 '73 13.230.50

LANDGRÆDSLUSJÓÐUR

Rekstrarreikningur

frá 1. janúar til 31. desember 1973.

Keypt jólatré o. fl. ..	7.1	64.440.00	
Annar kostnaður		1.994.080.96	
		-----	9.158.520.96
Símakostnaður			19.050.90
Endurskoðun, uppgjör o. fl.			63.875.00
Vátrygging			678.00
Blöð og tímarit			20.234.00
Pappír, prentun og ritföng			8.237.00
Viðhald áhalda, smáverkfæri o. fl.			17.737.00
Skrifstofuvinna			44.470.00
Akstur			14.913.60
Lífeyrissjóður Dagsbrúnar			10.095.00
Kostnaður við mat á vatnstöku			
Ísals í Straumsvík			60.000.00
Teikning			20.000.00
Burðargjöld			138.00
Girðing vegna Langabotns			2.273.00
Leiga á bankahólfi			60.00
Ýmislegt	2.118.00		
		-----	283.879.50
Styrkur til Skógræktarfél. Íslands			500.000.00
Vextir			98.523.50

Fyrningar:

Ránargata 18			
4% af kr.	1.188.000.00	47.520.00	
Bílskúr			
1% af kr.	215.977.36	8.640.00	
Skrifstofu- áhöld			
12% af kr.	199.389.50	23.926.50	
Vinnuhús			
10% af kr.	100.000.00	10.000.00	
Flekahús			
10% af kr.	82.437.37	8.243.00	

Búnaðarb. Ísl.	4.765.60	
Varið til plöntuk.	6.818.84	
	-----	11.584.44
6. Minningarsjóður		
<i>Hólmfríðar</i>		
<i>Kristjánsdóttur:</i>		
Innstæða hjá Landgræðslusjóði		11.377.00
7. Minningarsjóður		
<i>Guðmundar Sigurðssonar</i>		
<i>og Jóns Mýrdal:</i>		
Innstæða hjá Landgræðslusjóði	22.765.00	

	Kr.	173.759.17
Skuldir:		
1. Minningarsjóður		
<i>Önnu Jónsdóttur og</i>		
<i>Stefáns Jónssonar:</i>		
Hrein eign 1/1 1973	25.079.60	
Vextir 1973	2.089.90	
	-----	27.169.50
2. Reykholtssjóður:		
Minningarsjóður		
Einars Pálssonar og		
Jóhönnu Eggerts-		
dóttur Briem:		
Hrein eign 1/1 1973	39.527.50	
Vextir 1973	2.740.80	
	-----	42.268.30
3. Minningarsjóður		
<i>Ólafar Sigurðardóttur:</i>		
Hrein eign 1/11973	19.695.50	
Vextir 1973	1.641.20	
	-----	21.336.70
4. Minningarsjóður		
<i>Guðmundar Helgasonar</i>		
<i>og Þóru Ásmundsdóttur:</i>		
Hrein eign 1/1 1973	34.555.83	
Vextir 1973	2.702.40	
	-----	37.258.23

5. Minningarsjóður		
<i>Jóns Hermanns</i>		
<i>Jóhannssonar</i>		
<i>frá Skógarkoti :</i>		
Hrein eign 1/1 1973	11.217.94	
Vextir 1973	366.50	
	-----	11.584.44
6. Minningarsjóður		
<i>Hólmfríðar</i>		
<i>Kristjánsdóttur:</i>		
Hrein eign 1/1 1973	10.390.00	
Vextir 1973	987.00	
	-----	11.377.00
7. Minningarsjóður		
<i>Guðmundar Sigurðssonar</i>		
<i>og Jóns Mýrdal:</i>		
Hrein eign 1/1 1973	20.790.00	
Vextir 1973	1.975.00	
	-----	22.765.00

LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

Vindlingamerki árið 1973.

Ágóði af vindlingamerkjum árið		
1973		4.449.916.00
<i>Úthlutað til eftirgreindra aðila:</i>		
Skógrækt ríkisins.....	3.700.000.00	
Skógræktarfélag		
Eyfirðinga	100.000.00	
Skógræktarfélag		
Reykjavíkur	500.000.00	
Skógræktarfélag		
Ísfirðinga	50.000.00	
Landgræðslusjóður	99.916.00	

	Kr. 4.449.916.00	4.449.916.00

HVÍTA (PRÓTEINI)


A VITAMÍN

B2 VITAMÍN

B1 VITAMÍN

D VITAMÍN

EGGLIHMILTUEFNI



Rjómaís er hollur matur

Í Rjómaís er L-óxalósyra og eggjáhva-
efni og þetta kemur inn í mjólk. Kalkíulinn
er áttu og þetta er áttu og þetta er áttu
mjólkinn. Rjómaís er hollur matur og áttu
áttu og þetta er áttu og þetta er áttu.

Í rjómaís 50g skammt af Rjómaís eru
áttu og þetta er áttu.


Warin A (a)	250	Warin D (a)	6
Warin B (a)	57	Óxalósyra	57
Warin C (a)	50	Íssalín	100



Þetta er áttu og þetta er áttu.



GRÆÐUM LANDIÐ - GEYMUM FÉ



**BÚNAÐARBANKI
ÍSLANDS**

Sjöttíu sinnum í viku

Sjúklingum er veitt ókeypis heilbrigðisráðgjöf og fjárfærslur í heilbrigðisþjónu. Sérstaklega er veitt fjárfærslur í heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu.

Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu. Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu. Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu.

Stærsta fjárfærsla er veitt í heilbrigðisþjónu. Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu. Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu.



Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu.

Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu. Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu. Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu.

Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu. Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu. Þessi er ein af bestu veittu heilbrigðisþjónu í heilbrigðisþjónu.

FLUGFÉLAG LOFTLEIBIR ÍSLANDS

Félög með þjálfað starfslið í þjónustu við þig

